

**SKOÐUN** Guðni Ágústsson segir ekkert skyr niðurgreitt til Evrópu. 12



**MENNING** Eru sjálfsævisögur sannar? spyr Gunnþórunn Guðmundsdóttir 18



**LÍFIÐ** Minningarsjóður Svandísar Þulu færir Norðlingaskóla gjöf. 21



**SPORT** Bjarni Þór Viðarsson gefst ekki upp þó að hann spili lítið. 22







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
26. febrúar 2014
48. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN



**67 milljónir viðskiptavina**
Viðtal við Aðalstein Óttarsson, þróunarstjóra hjá Riot Games, sem gefur út leikinn League of Legends. 67 milljónir manna spila leikinn í hverjum mánuði.

## FRÉTTIR

**Ekkert að óttast**
Úgandamaður á Íslandi segir að Úgandaforseti hafi ekki látið bjóða sér hótanir Vesturlandabúa og þess vegna staðfest lög um refsingar fyrir samkynhneigð. 11

**Lagði til hlé** Til að sætta ólík sjónarmið lagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson til haustið 2011 að hlé yrði gert á viðræðum við ESB líkt og Svisslendingar og Maltverjar gerðu á sínum tíma. Að því loknu yrði þjóðaratkvæðagreiðsla. 8




12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | | NA | 11 |
| Akureyri | 32 | | NNA | 4 |
| Egilsstaðir | 3° | | NA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | | NA | 3 |
| Reykjavík | 3° | | NA | 5 |

**Hvassast NV-til** Í dag má búast við strekkingi norðvestantil en hægari vindi annars staðar. Snjókoma eða él á Vestfjörðum, annars úrkomulítið. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Háskólar | Fólk




# Gagnrýna tollahóp landbúnaðarráðherra

Ráðherra skipar fulltrúa Mjólkursamsölunnar, Kaupfélags Skagfirðinga og bænda í starfshóp um tollamál. Á aðallega að fjalla um útflutning búvara, ekki innflutning. Samkeppniseftirlitið bendir á að tveir fulltrúar komi frá sama aðilanum.

**LANDBÚNAÐUR** Endurskoðun á tollalöggjöf á sviði landbúnaðar, sem bæði landbúnaðarráðherra og forsætisráðherra boðuðu eftir að umsókn Haga um tollfrelsi á ostum og kjúklingum var hafnað, mun aðallega snúast um útflutning búvara, en ekki innflutning. Fulltrúar Samkeppniseftirlitsins, innflytjenda og neytenda gagnrýna harðlega hlutverk og skipan hópsins.

Eingöngu var óskað eftir tilnefningum í hópinn frá Bændasamtökum Íslands, Kaupfélagi Skagfirðinga, Mjólkursamsölunni, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, utanríkisráðneytinu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir gagnrýnivert hvernig hópurinn er settur saman. „Samtökin hafa lengi gagnrýnt fyrirkomulag tollamála og því undarlegt að eiga ekki fulltrúa þar inni,“ segir hann.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, tekur í sama streng. Samsetning starfshópsins sé óheppileg í ljósi ágreinings sem er uppi varðandi skipan mála um úthlutun tollkvóta og fyrirkomulag tollverndar. „Í því ljósi hneigist maður að því að álykta að ráðherra finnist skipta máli hverjir sitja í hópnum í stað þess að fá alla hagsmunaaðila að borðinu, sem væri auðvitað góð og vönduð stjórnsýsla,“ segir Almar.

Samkeppniseftirlitið hefur bent á að Kaupfélag Skagfirðinga og Mjólkursamsalan séu í raun sami aðilinn. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir skipan starfshópsins vekja spurningar um hvort tilmæli eftirlitsins til landbúnaðarráðuneytisins varðandi samþjöppun í mjólkuriðnaði hafi verið tekin til greina. - eb / sjá síðu 10.t




**NÁMSMENN MÓTMÆLTU** Allar námsmannahreyfingar á Íslandi, á framhalds- og háskólastigi, stóðu í gær fyrir mótmælum á Austurvelli vegna bágra kjara. „Það er búinn að vera niðurskurður í sex ár og það er sex árum of mikið,“ sagði María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HREFNA BRAGADÓTTIR** Vann við teiknimyndagerð í átta ár. MYND/EINKASAFN

Áhugi frá fjórum forlögum:

# Keppst um verk útskriftarnema

**MYNDSKREYTING** Fjögur bresk bókaforlög keppast um að fá að gefa út útskriftarverkefni Hrefnu Bragadóttur úr námi í barnabókamyndskreytingu frá Cambridge School of Arts. „Tveir eru búnir að gera mér tilboð, og ég hitti hina tvo á miðvikudaginn,“ segir Hrefna. „Núna er ég bara að vinna úr tilboðunum og reyna að taka rétta ákvörðun.“ - ueSjá síðu 26.

Þingmenn ræða ESB skýrslu:

# Undirskriftum fjölgar hratt

**STJÓRNMÁL** Hátt í 28 þúsund manns eða rúmlega 11 prósent kosningabærra manna hafði skrifað undir á thjod.is í gærkvöldi.

Með undirskrift sinni skorar fólk stjórnvöld að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort aðildarviðræðum við Evrópusambandið verði haldið áfram. Mótmælt var á Austurvelli, annan daginn í röð og boðuð eru mótmæli í dag. Þung orð voru látin falla í umræðum á Alþingi í gær þar sem tekist var á um skýrslu utanríkisráðherra um aðild að Evrópsambandinu. Umræður stóðu fram eftir kvöldi. - jme / sjá síðu 6 og 8

Þjóðgarðsvörður hyggst stöðva áform um aðgangseyri að Dettifossi:

# Segir gjaldtökuna vart löglega

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stjórnendur Vatnajökulsþjóðgarðs ætla að tryggja að fólk geti komist hjá áformaðri gjaldtöku landeigenda í nágrenni fossins.

„Lagaleg hliðin á þessari gjaldtöku verður skoðuð í kjölinn af þjóðgarðinum með tilliti til hagsmuna almennings,“ segir Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.



Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hyggjast eigendur jarðarinnar Reykjahlíðar rukka fimm evrur, jafngildi 800 króna, fyrir aðgang að Dettifossi og fleiri náttúruperlum.

Hjörleifur segir að honum beri að stuðla að auknu aðgengi að þjóðgarðinum, á meðan það stangist ekki á við náttúruverndarhagsmuni.

„Innan þess ramma mun ég beita mér fyrir því að það verði leiðir að Dettifossi innan þjóðgarðs sem ekki bera gjald.“

Hjörleifur segir óvíst hvort það standist lög á annað borð að rukka fólk fyrir að fara um óræktað land samkvæmt náttúruverndarlögum.

„En jafnvel þótt gjaldtakan stæðist lög er staðan sú að þeir staðir sem fólk skoðar fossinn frá eru innan þjóðgarðsins, og eru ekki í landi Reykjahlíðar,“ segir þjóðgarðsvörður Vatnajökulsþjóðgarðs. „Þeir væru því að selja aðgang að ríkislandi.“ - bj / sjá síðu 2



> „Innan þess ramma mun ég beita mér fyrir því að það verði leiðir að Dettifossi innan þjóðgarðs sem ekki bera gjald.“
>
> *Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður*







## SPURNING DAGSINS



Einar Daði, verður oft mikið bál úr neista?

**„Fjölþraut er eins og hvítigaldur, gagntekur líkama og sál.“**

Einar Daði Lárusson sagðist hafa fundið neistann eftir að hann kláraði sína fyrstu fjölþraut í eitt og hálft ár. Lagið Af litlum neista með Pálma Gunnarssyni kom út árið 1981.

Forsætisráðuneytið hefur úthlutað 205 milljónum til varðveisluverkefna víða um land:

# Mest fór í kjördæmi forsætisráðherra sjálfs



**STJÓRNMÁL** Forsætisráðuneytið hefur á tæpu ári ráðstafað 205 milljónum króna í verkefni tengd húsfriðun, græna hagkerfinu og varðveislu menningarminja. Tæplega helmingur fjárins, eða 97 milljónir, fer til verkefna í kjördæmi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra, Norðausturkjördæmi. Styrkirnir voru ekki auglýstir og ekki kemur fram að í öllum tilvikum hafi verið úthlutað á grundvelli skriflegrar umsóknar.

„Ég vildi fá að sjá hvaða verkefni þetta væru og hvort jafnræðis hefði verið gætt við úthlutun,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, Bjartri framtíð, sem bar fram fyrirspurn um málið á Alþingi. „Það kom mér á óvart hvað þetta voru margir styrkir og þar af leiðandi há upphæð sem þegar er búið að ráðstafa.“



BRYNHILDUR PÉTURSDÓTTIR

Hún segist ekki hafa fengið svör við því hvort allir hafi setið við sama borð. „Mér fannst forsætisráðherra ekki svara öllum mínum spurningum. Því finnst mér ástæða til að skoða málið betur og hef óskað eftir sérstakri umræðu á Alþingi í framhaldinu.“ - jme

### → Verkefnin sem fengu mesta peninga

**Gæruhúsið,** flutningur frá Akureyri til Siglufjarðar
20 milljónir

**Gamla apótekið** á Akureyri
15 milljónir

**Skipasmíðastöð Austurlands**
15 milljónir



**Á MAIDAN-TORGI** Fjöldinn allur af mótmælendum hefst enn við í miðborg Kænugarðs. NORDICPHOTOS/AFP

Skrifstofustjóri fyrrverandi forseta varð fyrir skoti:

# Ný stjórn í smíðum í Úkraínu

**ÚKRAÍNA, AP Oleksander Turkínov, þingforseti Úkraínu og forseti til bráðabirgða, hefur undanfarna daga setið við að mynda nýja ríkisstjórn, og vonast til þess að því verki ljúki í dag og á morgun.**

**Ástandið í Úkraínu er enn á suðupunkti eftir að Viktori Janúkovítsj forseta var steypt af stóli um helgina. Á mánudag varð fyrrverandi skrifstofustjóri hans, Andrí Kljújev, fyrir skoti og lagður inn á sjúkrahús.**

**Fjölmargir andstæðingar Janúkovítsj eru enn á Maidan-torgi í Kænugarði, en mótmæli eru einnig hafin á Krímskaga þar sem mikill stuðningur er við Janúkovítsj og þá stefnu hans að hallast frekar að Rússlandi en Evrópusambandinu.** - gb

Rannsókn hafin á Erdogan:

# Segir upptökur vera falsaðar

**TYRKLAND, AP** Saksóknari í Tyrklandi rannsakar nú hljóðupptöku þar sem Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra heyrist gefa syni sínum skipanir um að koma miklum fjárhæðum undan.

Stjórnarandstæðingar krefjast þess nú að forsætisráðherrann segi af sér, en sjálfur segir hann upptökurnar falsaðar og sakar andstæðinga sína um samsæri.

„Þetta eru svik við forsætisráðherra Tyrklands,“ segir Erdogan.

Upptökurnar eru sagðar hafa verið gerðar 17. desember, þegar synir þriggja ráðherra voru handteknir í tengslum við rannsókn á spillingu og mútum. - gb

Úr takti við auð hagkerfisins

# Hækka verður dagvinnulaun

**VINNUMARKAÐUR** Guðmundur Ragnarsson, formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna, telur rétt að samþykkja miðlunartillögu ríkissáttasemjara.

„Dagvinnulaun á Íslandi eru fáránlega lág og úr takti við auð hagkerfisins,“ segir Guðmundur á heimasíðu félagsins.

Guðmundur segir að fari fram sem horfi þá sé eina úrræði launamanna að þvinga fram ásættanlegan hluta af efnahagskökunni með verulegri hækkun dagvinnulauna og verðtryggja þau síðan. Hann vill láta á það reyna að VM nái fram kjarabótum í aðfarasamningi. - jme

# Ætla að stöðva áform um gjald við Dettifoss

Vatnajökulsþjóðgarður ætlar að tryggja að fólk geti komist hjá áformaðri gjaldtöku landeigenda í nágrenni fossins. Fossinn er skoðaður frá landi þjóðgarðsins en fara þarf um einkaland til að komast í hann. Efast um að gjaldtakan standist lög.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stjórnendur Vatnajökulsþjóðgarðs munu skoða hvort áform landeigenda í Reykjahlíð um að innheimta gjald af þeim sem vilja skoða Dettifoss standist lög. Þjóðgarðsvörður segir að ókeypis aðgengi að fossinum verði tryggt.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær áforma landeigendur í Reykjahlíð að innheimta 800 króna gjald af ferðamönnum sem vilja skoða Dettifoss. Sama gjald verður innheimt af þeim sem vilja skoða Námaskarð og Leirhnjúk. Athygli vekur að Dettifoss er í landi Vatnajökulsþjóðgarðs, en er rétt við landamörkin við Reykjahlíð.



HJÖRLEIFUR FINNSSON

„Lagalega hliðin á þessari gjaldtöku verður skoðuð í kjölinn af þjóðgarðinum með tilliti til hagsmuna almennings,“ segir Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Hann segir að honum beri að stuðla að auknu aðgengi að þjóðgarðinum, á meðan það stangist ekki á við náttúruverndarhagsmuni. „Innan þess ramma mun ég beita mér fyrir því að það verði leiðir að Dettifossi innan þjóðgarðs sem ekki bera gjald.“

Í ljósi þess að fossinn er í landi Vatnajökulsþjóðgarðs segist Hjörleifur ekki átta sig á því að hverju landeigendur í Reykjahlíð ætli að selja aðgang. Hann bendir á að óvíst sé hvort það standist lög á annað borð að rukka fólk fyrir að fara um óræktað land samkvæmt náttúruverndarlögum.



**Í ÞJÓÐGARÐI** Þeir sem skoða Dettifoss frá vestari bakka Jökulsár á Fjöllum gera það frá landi sem tilheyrir Vatnajökulsþjóðgarði, en þeir fara um land í einkaeigu til að komast þangað. NORDICPHOTOS/GETTY

„En jafnvel þótt gjaldtakan stæðist lög er staðan sú að þeir staðir sem fólk skoðar fossinn frá eru innan þjóðgarðsins, og eru ekki í landi Reykjahlíðar,“ segir Hjörleifur. „Þeir væru því að selja aðgang að ríkislandi.“

Hjörleifur segir að um 120 þúsund ferðamenn hafi skoðað Dettifoss í fyrra. Þjóðgarðurinn þjónusti þá á ýmsan hátt, eigi og sjái um klósettaðstöðu og gæti að öryggi. Þá hafi ríkið lagt göngustíg að svæðinu, og haldið honum við, þótt stígurinn sé í landi Reykjahlíðar.

> **Innan þess ramma mun ég beita mér fyrir því að það verði leiðir að Dettifossi innan þjóðgarðs sem ekki bera gjald.**
> *Hjörleifur Finnsson Þjóðgarðsvörður á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs*

brjann@frettabladid.is




Fjármálaráðherra segir að ekki sé búið að ákveða fjölgun bankastjóra:

# Felur ekki í sér vantraust á SÍ

**EFNAHAGSMÁL** Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsmálaráðherra neitar því að fyrirhugaðar breytingar á lögum um Seðlabankann og það að auglýsa stöðu seðlabankastjóra feli í sér vantraust á yfirstjórn bankans eða starfsemi hans.

Þetta kom fram í sérstökum umræðum um Seðlabankann á Alþingi í gær.

Málshefjandi var Katrín Jakobsdóttir VG. Í málflutningi sínum lagði hún áherslu á að nauðsynlegt væri að eyða óvissu um stöðu Seðlabankans og sjálfstæði hans. Erlendis fylgdust menn grannt með stöðu mála hér á landi.

Meðal þess sem Katrín spurði um var hvort það stæði til að fjölga bankastjórum Seðlabankans og gera breytingar á því faglega ferli sem ríkir við ráðningu bankastjórans.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR



BJARNI BENEDIKSSON

Bjarni sagði að það væru einmitt spurningar af þessu tagi sem yrðu teknar til athugunar. Hann sagði að það stæði ekki til að breyta því að menn verði ráðnir á grundvelli hæfileika sinna til þess að stýra æðstu embættum í Seðlabankanum. „Það stendur ekki til að gera nokkuð það sem hægt verður að túlka sem árás á sjálfstæði bankans,“ sagði Bjarni.

Jafnframt kom fram í máli ráðherrans að hann gæti ekki fullyrt að nýtt frumvarp um Seðlabankann yrði lagt fram á þessu þingi það gæti farið svo að það yrði ekki lagt fram fyrr en næsta haust.

„Frumvarpið sem ég hafði látið í þingmálaskrána sneri ekki beint að stjórnun bankans, heldur frekar að fjárhagslegum samskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs sem hafa verið í skoðun milli aðilanna í vetur,“ sagði Bjarni. - jme

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Nýr SKODA Octavia

Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) valdi **ŠKODA Octavia** bíl ársins á Íslandi 2014. Auk þess að vera sigurvegari í flokki stærri fólksbíla fékk **ŠKODA Octavia** hæstu einkunn af þeim níu bílum sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Þessi úrslit ættu ekki að koma Octavia-eigendum á óvart, enda hefur það sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmustu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki.
Það kemur því ekki á óvart að **ŠKODA Octavia** var mest seldi bíll á Íslandi árið 2013.

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL
ÁRSINS
2014
BÍLABLAÐAMANNA

## ŠKODA Octavia kostar frá 3.790.000,-

3,8 · 99g · ÖRYGGI

Eyðsla frá 3,8 l/100 km · $CO_2$ frá 99g/km · 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## SVONA ERUM VIÐ



**185** **býli höfðu tekjur af ferðaþjónustu árið 2010 meðfram landbúnaði** eða 7,1%. Önnur 1,2% framleiddu græna orku og fullvinnslu var að finna á 2,4% íslenskra býla. Skógrækt var stunduð á 3,3% býla.

Ræða leiðir til að fjölga konum á fagsviðum með körlum í meirihluta:

# Konur í hefðbundin karlastörf

Leiðir til að fjölga konum á fagsviðum þar sem karlar hafa verið í meirihluta verða ræddar á fundi í dag.

Þar mun meðal annars Hilmar Bragi Janusson, forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, fjalla um hvað virki best til að jafna kynjahlutfall í verkfræði og náttúruvísindum.

„Einhverjir hafa haldið því fram, að ekki eigi að grípa inn í því það geti minnkað hæfni innan sviðsins. En það er svo röng hugsun. Ójafnt kynjahlutfall í fagi, sviði eða starfi þýðir að ekki er aðgangur að öllum þeim hæfileikum sem því ætti að standa til boða,“ segir Hilmar Bragi.

Hann segir að þetta gerist ekki af sjálfu sér. „Það sem þarf að gera er að breyta ásýnd og innihaldi námsins. Þá eykst fjölbreytni nemenda og þar af leiðandi kynjahlutföllin.“

Aðgerðahópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti kynja stendur fyrir fundinum. - ebg



**HILMAR BRAGI JANUSSON** segir að breyta þurfi ásýnd og innihaldi námsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Nýtt aðalskipulag staðfest:

# Öll hverfi með sína kaupmenn

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er mikill og stór áfangi þar sem það hefur verið deilt um ýmislegt. Við höfum unnið þvert á flokka en ég held að það sé breið samstaða á bakvið niðurstöðuna,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, um nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík til ársins 2030. Áhersla er á breytta ásýnd. „Þetta er mjög græn stefna. Við viljum hafa matjurtagarða og kaupmanninn á horninu í öllum hverfum,“ segir Dagur. - þþ



**FRÁ PRAG** Stúlkurnar voru handteknar vegna fíkniefnasmygls. NORDICPHOTOS/AFP

Dómur styttur í Tékklandi:

# Tillit var tekið til ungs aldurs

**TÉKKLAND** Dómur tveggja íslenskra stúlkna í Tékklandi hefur verið styttur í fjögur og hálft ár. Upphaflega fengu þær sjö og hálfs árs dóm fyrir fíkniefnasmygl, en áfrýjuðu dómnum og nú er endanleg niðurstaða fengin.

„Dómarinn tók tillit til þess hversu ungar þær eru og að þær hefðu ekki gert sér grein fyrir því hvað þær voru að gera. Þessi dómari var mun tillitssamari en fyrri dómari,“ segir Þórir Gunnarsson, aðalræðismaður Íslands í Tékklandi.

Þær Aðalsteina Líf Kjartansdóttir og Gunnhildur Svava Guðmundsdóttir, sem eru 20 ára, verða hér eftir í sama fangelsi. „Nú fara þær í að sækja um flutning til Íslands og það þurfa þær að gera sjálfar,“ segir Þórir. - sks

## ATVINNUMÁL

### Þungar áhyggjur af Hrísey

Bæjarráð Akureyrar lýsir yfir þungum áhyggjum af ótryggu atvinnuástandi í Hrísey eftir að Útgerðarfélagið Hvammur sagði upp öllu starfsfólki. Mikilvægt sé að grípa til bráðaaðgerða og afar brýnt sé að halda áfram markvissri vinnu til að tryggja blómlegt mannlíf í eynni til lengri tíma.

## LEIÐRÉTT

Áætlað er að samanlagt 100 þúsund ferðamenn skoði náttúruperlur í landi Reykjahlíðar árlega en ekki 300 þúsund eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.




# Tæpur þriðjungur fer aftur heim til ofbeldismannsins

Í nýrri skýrslu frá Kvennaathvarfinu kemur fram að íbúum athvarfsins hefur fjölgað milli ára. Framkvæmdastýra athvarfsins segir jákvæðu fréttirnar vera að færri konur fari aftur heim í óbreytt ástand en árið 2012.

**VELFERÐARMÁL** Eftir dvöl í Kvennaathvarfinu fóru 27 prósent kvennanna aftur heim í óbreyttar aðstæður, samkvæmt nýrri skýrslu frá Kvennaathvarfinu fyrir árið 2013.

„Það vantar brú fyrir þessar konur, eitthvað sem styður þær á þessu erfiða tímabili,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf. „Þær sækja um skilnað en mennirnir geta dregið það ferli á langinn. Á meðan fá þær engan stuðning í kerfinu og eru í miklu óvissuástandi. Þá gefast þær oft upp og fara aftur heim.“

Fleiri fóru þó heim í óbreytt ástand árið 2012, eða 34 prósent. „Það kemur mér ánægjulega á óvart að konum sem fara aftur heim til ofbeldismannsins fer fækkandi. Það eru góðu fréttirnar,“ segir Sigþrúður.

Athygli vekur að 51 prósent kvennanna nefnir líkamlegt ofbeldi sem ástæðu komu í Kvennaathvarfið. Hærra hlutfall, eða 64 prósent kvennanna, segjast hafa hlotið líkamlega áverka í sambandinu.

„Konurnar búa með og eiga í nánum samskiptum við ofbeldismanninn sem veldur því að hann yfirtekur skilgreiningarnar í sambandinu. Hann kannski hrindir konunni og hún fær mar, en hann skilgreinir fyrir þau að þetta hafi ekki verið ofbeldi og hans skýringar gilda.“

Sigþrúður segir þó opnari umræðu um ofbeldi, og þá sérstaklega kynferðislegt ofbeldi, hjálpa konunum að skilgreina og segja frá ofbeldi. Til dæmis nefni fleiri konur en áður kynferðislegt ofbeldi sem ástæðu komu í athvarfið.

„Það þýðir ekki endilega að fleiri verði fyrir kynferðislegu ofbeldi, þær segja bara frekar frá því, sem er gott.“ erlabjorg@frettabladid.is



**Þá gefast þær oft upp og fara aftur heim.“ Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf.**

*Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**LÍFSEIG NA-ÁTT** Í dag og næstu daga ríkir NA-átt, hvassast verður norðvestantil en á morgun og föstudag verður yfirleitt hægur vindur í öðrum landshlutum. Yfirleitt úrkomulítið sunnan- og vestantil en einhver úrkoma norðan- og austanlands.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Berlín | 12° | Friedrichshafen | 10° | Las Palmas | 21° | New York | -2° | París | 12° |
| Aþena | 14° | Billund | 10° | Gautaborg | 7° | London | 11° | Orlando | 23° | San Francisco | 15° |
| Basel | 7° | Frankfurt | 11° | Kaupmannahöfn | 7° | Mallorca | 17° | Ósló | 3° | Stokkhólmur | 4° |




**Á morgun**
10-15 m/s NV-til, annars hægari.




**Föstudagur**
Víða hægur vindur, síst NV-til.

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




**TOP SAFETY PICK 2014**
— Bandaríska umferðaröryggisstofnunin IIHS

**BÍLL ÁRSINS Í JAPAN 2012-2013**
— ein virtustu verðlaun bílgreinarinnar

**BESTI SPORTJEPPINN 2014**
— L'Annuel de l'automobile

**AUTOMOBILE ALL-STAR 2013**
— The Best Cars in America, AUTOMOBILE

**MESTA ÁNÆGJAN**
— J.D. Power | 2013

MAZDA CX-5 er sigurvegarinn í sínum flokki í ánægjukönnun J.D. Power en niðurstöðurnar byggja á svörum frá 83.000 eigendum nýrra bíla.

**LÆGSTI 5 ÁRA REKSTRARKOSTNAÐURINN**
— Kelleys Blue Book

Mazda bílar hafa lægsta 5 ára rekstrarkostnaðinn skv. könnun Kelley Blue Book.

**BESTI SPORTJEPPINN 2013**
— Best Crossover, Auto Express

**BESTI SPORTJEPPINN**
— Best SUV, Green Awards WHATCAR

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda CX-5 er vel að þessum verðlaunum kominn. Hann er búinn SKYACTIV spartækni MAZDA, er einstaklega fallegur á að líta og með miklum staðalbúnaði: skynvætt fjórhjóladrif (4WD), snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjari, upplýsingasnertiskjár í mælaborði, hraðastillir (cruise) og regnskynjari í framrúðu. Dráttargetan er 1800-2000 kg og veghæðin er 21 cm. Komdu í reynsluakstur.

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. og 5,5 l/100 km. með sjálfskiptingu og 2,2 lítra SkyActiv dísilvél.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

## VEISTU SVARIÐ?




**1.** Hversu margir ferðamenn skoðuðu Dettifoss, Námaskarð og Leirhnjúk í fyrra?
**2.** Hver er nýr Íslandsmeistari í sjöþraut?
**3.** Af hvaða íslensku hljómsveit heillast bílaunnendur í Bandaríkjunum?

**SVÖR:**
**1.** 100 þúsund. **2.** Einar Daði Lárusson.
**3.** Kaleo.

Formaður Sjálfstæðisflokksins ítrekaði á fundi með flokkssystkinum að slíta bæri aðildarviðræðunum:

# Ekki ómögulegt að sækja aftur um aðild

**STJÓRNMÁL** „Ég veit að höftin eru hindrun. Og þá skulum við takast á við þær hindranir,“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, á fundi í Valhöll í gær. Bjarni ítrekaði orð sín um að slíta eigi aðildarviðræðum við Evrópusambandið, því báðir ríkisstjórnarflokkarnir eru andvígir inngöngu. Hann gaf lítið fyrir þær kenningar að ef aðildarviðræðum sé slitið, verði ekki hægt að ganga í Evrópusambandið næsta áratuginn. Alþingi ætti ekki að bíða eftir skýrslu Alþjóðamálastofnunar. Ríkisstjórnin hefði gert samning við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sem væri sannarlega hlutlaus stofnun.

„Við skulum hafa það í huga hér að enginn getur haldið því fram með gildum rökum að það sé ómögulegt að sækja aftur um inngöngu,“ sagði Bjarni um það ef þær forsendur skapast að meirihluti verði fylgjandi aðild að Evrópusambandinu.

- kak



**BJARNI BENEDIKTSSON** Formaður Sjálfstæðisflokksins ræddi Evrópumál við flokksfélaga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Segja aðdróttanir í ESB-tillögunni

Stjórnarandstaðan deildi harkalega á orðalag í greinargerð með þingsályktunartillögu um viðræðuslit þar sem hún segir þingmönnum VG brigslað um brot á stjórnarskrá, við afgreiðslu umsóknarinnar á sínum tíma. Forseti Alþingis kom óánægjunni á framfæri við ráðherra.

**ALPINGI** Forsætisnefnd Alþingis reyndi í gærkvöldi að ná samkomulagi um breytingar á greinargerð við þingsályktunartillögur ríkisstjórnarinnar um að draga aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar töldu því haldið fram í greinargerðinni að nokkrir þingmenn hefðu ekki greitt atkvæði samkvæmt eigin sannfæringu þegar ákveðið var að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Forseta þingsins, Einari K. Guðfinnssyni, var falið að koma óánægju stjórnarandstæðinga á framfæri við utanríkisráðherra. Steingrímur J. Sigfússon sem sæti á forsætisnefnd segir að taki utanríkisráðherra ekki mark á stjórarandstöðunni séu þingstörf í uppnámi.

Í greinargerðinni segir um samþykkt þingsályktunartillögu um aðildarumsóknina sumarið 2009:

„Má jafnvel leiða að því rök að ekki hafi í raun verið til staðar meirihlutavilji fyrir málinu heldur hafi þetta verið hluti af pólitísku samkomulagi þáverandi stjórnarflokka við myndun ríkisstjórnar og atkvæðagreiðslan því tæplega lýsandi fyrir afstöðu þingmanna.“

Það þykir stjórnarandstöðunni ásökun um að þingmenn VG sem greiddu atkvæði með tillögunni, hafi brotið 48. grein stjórnarskrár um að alþingismenn séu „eingöngu bundnir við sannfæringu sína“.

Svandís Svavarsdóttir, þingkona VG, greiddi atkvæði með tillögunni á sínum tíma og var ómyrk í máli varðandi meint brigsl, enda væru flutningsmenn ekki hverjir sem er.

„Heldur ríkisstjórn Íslands með fulltingi þingflokka beggja stjórnarflokkanna. Það er býsna kröftuglega kvittað undir þessa aðför og mér finnst það hljóta að vera umhugsunarefni fyrir þingið hvernig tekið er á því.“

Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi formaður VG, sagði að tillagan væri „vitnisburður um það hversu lágt litlir kallar geta lagst í því að ata andstæðinga sína í stjórnmálum auri.“

Alls greiddu 33 þingmenn atkvæði með tillögunni, þar af átta þingmenn VG. Fimm VG-liðar voru á móti og einn sat hjá.

Árni Þór Sigurðsson var í þeim hópi sem samþykkti tillöguna. Hann segir að orðalag eins og er í tillögu utanríkisráðherra sé fordæmalaust í þingskjali. „Ég var algerlega sammála þessari málsmeðferð frá árinu 2009, að þetta væri svo stórt mál að úr því þyrfti að skera í þjóðaratkvæðagreiðslu og besta leiðin til þess væri að leggja niðurstöðu úr viðræðum fyrir þjóðina. [Að hafa kosið gegn eigin sannfæringu] á í engu tilfelli við mig og ég held að það sama gildi um alla þingmenn VG.“ thorgils@frettabladid.is




**MÓTMÆLI** Hópur fólks mótmælti því á Austurvelli í gær, annan daginn í röð, að aðildarumsóknin að ESB verði dregin til baka án þjóðaratkvæðagreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FYLGNI Á MILLI ICESAVE OG ÁHUGA Á ESB



**BALDUR ÞÓRHALLSSON**

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir greinilega fylgni á milli Icesave-samningsins og áhuga Íslands á viðræðum við ESB.

„Strax eftir hrun þá toppaði stuðningurinn en um leið og Icesave kom upp og deilurnar við Hollendinga og Breta voru í gangi þá dró úr honum,“ segir Baldur. „Mönnum fannst Evrópusambandið standa með þessum ríkjum og tala gegn hagsmunum Íslands. Ég held að margir hafi litið á það sem svo að við stæðum ein og sér og það kæmi okkur enginn til bjargar, ekki einu sinni Norðurlandaþjóðirnar.“

Baldur segir róðurinn hafa orðið mjög þungan fyrir Evrópusinna eftir að Icesave kom upp. „Það var í rauninni ómögulegt að selja Evrópusambandsaðild í andrúmslofti Icesave og efnahagskrísunni í Evrópu.“ - fb

## Ísland og stuðningur við aðildarviðræður við ESB - Tímalína

**Febrúar 2003 - Mikill stuðningur** Í skoðanakönnun Samtaka iðnaðarins (SI) og Capacent Gallup mældist stuðningur við aðildarviðræður við ESB 64,2 prósent.

**Febrúar 2006 - Halldór spáir Íslandi í ESB** Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, spáði því í ræðu á Viðskiptaþingi að Ísland yrði orðið aðili að ESB árið 2015. Þá var stuðningur við aðild 50,4 prósent.

**Ágúst 2008 - Aukinn stuðningur** 58 prósent hlynnt aðildarviðræðum í könnun rétt fyrir hrun. Í október vildu tæplega 70 prósent ganga í ESB.

**Febrúar 2009 - Mikill áhugi á ESB** Með nýrri stjórn Samfylkingar og Vinstri grænna og sérlega erfiðu efnahagsástandi jókst áhuginn á aðildarviðræðum enn frekar. 64,2 prósent voru hlynnt viðræðum.

**Júlí 2009 - Ísland sækir um aðild** Ríkisstjórnin ákvað að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið. Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi forsætisráðherra, telur að Ísland gæti orðið aðili að ESB innan tveggja til þriggja ára.

**Ágúst/september 2009 - Icesave snýr öllu á hvolf** 61,5 prósent sögðust myndu greiða atkvæði gegn inngöngu í ESB. Sinnaskiptin voru rakin til harðnandi Icesave-deilu.

**Janúar 2012 - Stuðningur eykst** Tæp 44 prósent voru fylgjandi því að draga umsóknina að ESB til baka en 43 prósent á móti. Nýjustu kannanir í ár segja 42 prósent landsmanna myndu kjósa með aðild.

weber Hágæða flísalím og fúga
DEITERMANN TECHNOLOGY INSIDE



Weber.xerm. 850 BlueComfort C2TE
kr. 2.790



Weber.xerm. BlueComfort 852 C2TE S1
kr. 3.990



Weber.xerm. BlueComfort CE /TE S1 Xtra Flex
kr. 5.290



Weber.Fug 870 Fúga 1-6 mm CG1 5 kg
kr. 1.690



Weber.Fug 880 Silicone EC.1. plus 310 ml.
kr. 1.190



Weber.tec 822 Rakakvoða
8 kg kr. 7.890
24 kg kr. 19.990

MÚRBÚÐARVERÐ

Látið fagmenn vinna verkin!

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið má-fö kl. 8-18 |

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



# Fyrir matgæðinga eins og þig

## Food & Fun

**Hin árlega Food & Fun hátíð hefst í dag, miðvikudaginn 26. febrúar, og stendur til 2. mars.**

Food & Fun hefur lengi verið einn af hápunktunum í íslenskri matarmenningu og er nú haldin í 13. sinn.

Þar gefst þér tækifæri til að prófa mat sem gerður er eingöngu úr íslenskum gæðahráefnum, frá bestu eldhúsum landsins.

Á Food & Fun leika sumir af virtustu kokkum heims listir sínar á okkar bestu veitingastöðum og laða fram sérrétti úr íslensku hágæðahráefni. Það er ávallt einstök stemmning á Food & Fun og við hlökkum til að taka á móti þér.

**Veitingastaðir 2014:**

Dill
Fiskmarkaðurinn
Fiskfélagið
Gallerý Hótel Holt
Grillið
Grillmarkaðurinn
Grand Restaurant
Höfnin
KOL
Kolabrautin
Kopar
Rub23
Sjávargrillið
Steikhúsið
Sushi samba
Tjörnin
Vox

**www.foodandfun.is**

**#foodnfun2014**
*Instagram & Twitter*

ICELANDAIR · Reykjavik · Iceland · SI Samtök iðnaðarins · INSPIRED BY ICELAND · SIXT rent a car · VÍKING

Eldhús- og skolvaskar
Á MÚRBÚÐARVERÐI
Bol-604 48x43x18cm þykkt stáls 0,8mm
7.490
(fleiri stærðir til)
Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm
11.990
Mikið úrval af blöndunartækjum.
CR Plast skolvaskur 55x34x21cm með botnventli og vatnslás
7.890
Gua 539-1 með veggstálplötu, grind fylgir, 1mm stál
16.990
Cisa blöndunartæki
4.990
Gua-543-1 vegghengdur, 1mm stál, einnig fáanlegur í borð kr. 17.990
19.900
Botnventill og vatnslásar fylgja öllum vöskum
Klettháisi Reykjavík
Reykjanesbæ
Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is
INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

# Svissneska leiðin væri vel fær málamiðlun

**Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmálafræðingur leggur til að farið verði að fordæmi Sviss, sem lagði ESB-umsókn til hliðar án þess að slíta aðildarferlinu. Stjórnarflokkarnir geti náð sátt um málið án þess að fórna pólitískum hagsmunum.**



**SVISSNESKA ÞINGIÐ** Svisslendingar lögðu umsókn sína að ESB til hliðar á sínum tíma. Eiríkur Bergmann leggur til að farin verði svipuð leið hér á landi. NORDICPHOTOS/AFP

**EVRÓPUMÁL** Ríkisstjórnarflokkarnir eru að missa af tækifæri til að ná tímabundinni sátt í ESB-málum með því að leggja til að aðildarumsóknin verði dregin til baka. Þetta segir Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmálafræðingur og mælir þess í stað með því að fara svipaða leið og Svisslendingar á sínum tíma, þar sem þeir lögðu umsókn sína til hliðar.

Sviss sótti um ESB-aðild á svipuðum tíma og þrjú önnur EFTA-ríki, en eftir að aðild að EES var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í lok árs 1992, var aðildarferlið stöðvað.

„Þeir voru vissulega ekki komnir langt á veg, en umsókn þeirra hafði þó verið móttekin og sú umsókn liggur formlega séð enn inni. Þannig er í sjálfu sér engin stjórnskipunarleg þörf á að draga umsókn Íslands til baka. Hún liggur þá í láginni en efnislegi munurinn er sá að það má taka hana upp aftur hvenær sem er, andstætt við viðræðuslit, en þá mun þurfa að hefja ferlið upp á nýtt þar sem 28 ríki verða að samþykkja umsóknina."

Þar fyrir utan, segir Eiríkur, að viðræðuslit muni nánast þvinga ESB til þess að taka afstöðu til þeirrar staðreyndar að Ísland uppfyllir nú ekki ákvæði EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns, vegna fjármagnshaftanna.

Eiríkur segir málið vera að kljúfa þjóðina í tvennt að óþörfu á meðan til sé leið sem báðir aðilar ættu að geta sætt sig við.

„Kjósi menn málamiðlun og sátt, þá er fordæmið til staðar, og það er svissneska leiðin. Þjóðaratkvæðagreiðsla yrði slegin af, en umsóknin fengi að liggja inni. Stjórnarflokkarnir geta náð öllum sínum pólitísku markmiðum í þessu máli með því að fara þessa leið."

thorgils@frettabladid.is

## Sigmundur lagði til svissnesku leiðina

Á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins haustið 2011 lét Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, núverandi forsætisráðherra, eftirfarandi orð falla um þær skiptu skoðanir sem voru á lofti um ESB-mál:

„Til að sætta ólík sjónarmið lagði ég fram tillögu sem ætti að henta öllum, hvar sem þeir standa gagnvart Evrópusambandinu. Hugmynd um að gera hlé á viðræðunum eins og Svisslendingar og Maltverjar gerðu á sínum tíma. Hléið gæti staðið í eitt og hálft eða tvö ár og að þeim tíma liðnum greiddu menn atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort haldið skyldi áfram."



i30
Nettur og sparneytinn
Hyundai i30 - Verð: 2.990.000 kr.
1,4 bensín, beinskiptur / Brekkubremsa (HAS) / Hiti í sætum / Hiti í rafstýrðum hliðarspeglum
eldsneytisnotkun 6,0 l/100 km*.
Bjóðum álfelgur og vetrardekk með öllum i30
í takmarkaðan tíma!
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.
Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is
ENNEMM / SÍA / NM61498
BL Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

www.n1.is facebook.com/enneinn

ÍSLENSKA/SIA.IS ENN 67979 02/14

N1 KORTIÐ = 5x punktar

# Nú er hann fimmfaldur

## Fimmfaldir punktar á hverjum dísel- og bensínlítra í dag. N1 korthafar halda afsláttarkjörum sínum en að auki fimmfaldast punktarnir.

**Margfaldaðu virði punktanna þinna með mögnuðum febrúartilboðum N1 kortsins eða lyftu þér upp með kræsilegum punktatilboðum á völdum þjónustustöðvum N1.**

| | | |
|---|---|---|
| Kit Kat<br>**99 N1 punktar** | Hámark – allar tegundir<br>**199 N1 punktar** | Appolo lakkrískonfekt<br>**179 N1 punktar** |
| Kexsmiðjan – múslíkaka<br>**139 N1 punktar** | Rúðuvökvi 5 l<br>**799 N1 punktar** | Croissant með skinku og osti<br>**199 N1 punktar** Nesti |

**20 heppnir N1 korthafar sem kaupa dísel og bensín í dag fá**

# 10.000

**punkta inn á N1 kortið sitt.**

Vantar þig eldsneyti, rúðupiss eða holla og staðgóða hressingu? Allt þetta er hægt að fá fyrir punktana.

Í dag er N1 kortið þitt fimmfalt öflugra. Fylltu á tankinn og sjáðu punktasafnið þitt vaxa hratt og örugglega.

**Komum af stað!** N1

# TRAUSTIR AÐILAR

GERÐU FRÁBÆR KAUP Á NOTUÐUM BÍL FRÁ OKKUR!
BILALAND.IS

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR




VW PASSAT ECOFUEL
Nýskr. 03/12, ekinn 73 þús. km.
bensín, beinskiptur.
Rnr. 191310.

Frábært verð
2.990 þús.



HONDA ACCORD EXECUTIVE
Nýskr. 09/09, ekinn 49 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.190 þús.
Rnr. 130918.



NISSAN NAVARA LE 35"
Nýskr. 12/07, ekinn 108 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.190 þús.
Rnr. 281376.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/12, ekinn 34 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.990 þús.
Rnr. 141447.



TOYOTA LAND CRUISER 200 VX
Nýskr. 01/08, ekinn 151 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 8.890 þús.
Rnr. 281387.



RENAULT MEGANE SPORT TOURER
Nýskr. 05/13, ekinn 29 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.390 þús.
Rnr. 141914.



OPEL ASTRA ENJOY TURBO
Nýskr. 09/08, ekinn 62 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.890 þús.
Rnr. 130991.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




# Óánægja með hóp um landbúnaðartolla

Hlutverk starfshóps um tollamál á sviði landbúnaðar vekur furðu hagsmunaaðila. Hópurinn mun helst fjalla um tækifæri til útflutnings. Þá er skipan fulltrúa hópsins gagnrýnd af Samkeppniseftirlitinu og fulltrúum innflutnings og neytenda.

**LANDBÚNAÐUR** Áherslur landbúnaðarráðherra við skipan samstarfshóps um tollamál á sviði landbúnaðar vekja furðu meðal hagsmunaaðila, sem ekki fá sæti í hópnum. Þeir gagnrýna að hlutverk hópsins er að mestu afmarkað við tækifæri til útflutnings á landbúnaðarvörum og vilja tilnefna sína fulltrúa.

„Mér finnst þetta mjög gagnrýnivert eins og þetta er sett upp,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. Hann bendir á að ef ræða eigi útflutning þurfi einnig að ræða innflutning. „Við fáum ekki tolla lækkaða á útfluttum vörum, nema að lækka þá hér.“

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, tekur í sama streng. „Við teljum þessa vinnu vera mjög mikilvæga, en hún verður þá að ná utan um málið í heild, sem varðar einnig aðra hagsmunaðila en þá sem skipaðir eru í nefndina.“

Eingöngu var óskað eftir tilnefningum frá Bændasamtökum Íslands, Kaupfélagi Skagfirðinga, Mjólkursamsölunni, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, utanríkisráðuneytinu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

„Það er mjög óheppilegt að ráðherra skipi starfshóp sem er svona samsettur í ljósi þess ágreinings sem er uppi varðandi skipan mála um úthlutun tollkvóta og fyrirkomulag tollverndar. Í því ljósi, hneigist maður til þess að álykta að ráðherra finnist skipta máli hverjir sitja í hópnum í stað þess að fá alla hagsmunaaðila að borðinu, sem væri auðvitað góð og vönduð stjórnsýsla,“ segir Almar.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar- og þjónustu (SVÞ), segir það hafa komið sér í opna skjöldu að fá ekki að skipa fulltrúa í starfshópinn. „Það er alveg ljóst að matvöruverslun í landinu hefur mikilla hagsmuna að gæta varðandi hvernig þessi verk verða unnin,“ segir hann.

SVÞ óskuðu eftir því í gær að fá að skipa sinn fulltrúa í starfshópinn og varð ráðherra við því. Í tölvupósti frá ráðuneytinu segir að samtökin hafi réttilega bent á að mikil þekking væri á tollamálum innan þeirra vébanda og því hafi þeim verið boðið að skipa fulltrúa. eva@frettabladid.is



**ÍSLENSKT SKYR** Gagnrýnt er að starfshópur um tollamál í landbúnaði fjalli nær eingöngu um útflutning íslensks landbúnaðar, en taki ekki til álitamála um innflutningstolla. MYND/AÐSEND

## Skipan í starfshóp vekur spurningar

Samkeppniseftirlitið hefur bent á að Kaupfélag Skagfirðinga og Mjólkursamsalan séu strangt til tekið sami aðilinn og vekur því furðu að félögin skipi sinn fulltrúann hvort í starfshópinn. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir skipan starfshópsins vekja spurningar um hvort tilmæli Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2009 varðandi samþjöppun í mjólkuriðnaði hafi verið tekin til greina.



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON**

Í tilmælum eftirlitsins sagði meðal annars: „Ráðherra beiti sér fyrir því að við undirbúning lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla á sviðum sem varða vinnslu og sölu mjólkur og mjólkurafurða verði tryggt að jafnræðis sé gætt, þannig að allir hagsmunaaðilar á markaði hafi sama tækifæri til að koma að sjónarmiðum sínum.“

Páll Gunnar segir að eftirlitið muni koma sjónarmiðum sínum á framfæri við starfshópinn, en það hefur ítrekað mælst til þess að dregið verði úr samkeppnishindrunum sem tengjast framleiðslu og innflutningi landbúnaðarafurða.

## → Hlutverk hópsins

**→ Hlutverk starfshóps um tollamál á sviði landbúnaðar er að:**

- Gera grein fyrir alþjóðlegum samningum Íslands um viðskipti með landbúnaðarvörur.
- Að greina sóknarfæri í þeim samningum og athuga möguleika á tvíhliða samningum við ný lönd.
- Þá skal hópurinn gera úttekt á þróun tollverndar á helstu landbúnaðarvörum frá árinu 1995.


Félagsfundur VR

# Kynning á frambjóðendum til stjórnar VR

Frambjóðendur til stjórnar VR kjörtímabilið 2014-2016 kynna áherslur sínar á félagsfundi sem verður haldinn í sal VR í Húsi verslunarinnar á 0. hæð hússins fimmtudaginn 27. febrúar kl. 19:30.

**Dagskrá:**
Frambjóðendur kynna áherslur sínar.
Fyrirspurnir til frambjóðenda.

**Hlökkum til að sjá þig.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

Færeyskur lýðheilsufræðingur ber saman tíðni Parkinsons-veiki á Norðurlöndum:

# Parkinsons-veiki tengist mögulega hvalaáti

**FÆREYJAR** Parkinsons-veikin er nær tvöfalt algengari í Færeyjum en annars staðar á Norðurlöndum. Ástæðan kann að tengjast grindhvalaáti Færeyinga, að mati Mariu Skaalum Petersen, lýðheilsufræðingi innan heilbrigðiskerfisins í Færeyjum.

Á vefnum sciencenordic.com kemur fram að undanfarin 25 ár hafi 81 til 115 af hverjum 100.000 íbúum í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Grænlandi fengið Parkinsons-veiki. Í Færeyjum, þar sem íbúarnir eru aðeins 50.000, hafa tvöfalt fleiri fengið veikina á sama tímabili. Á Íslandi er fjöldinn 162 af hverjum 100.000.

Parkinsons-sjúklingar í Færeyjum hafa að meðaltali borðað um sex sinnum meira af hvalkjöti og spiki á fullorðinsaldri en aðrir Færeyingar.

Færeyski lýðheilsufræðingurinn telur ekki að beint orsakasamband sé milli átsins á grindhval, sem er tannhvalur, og sjúkdómsins heldur geti hvalkjötsátið ásamt samsetningu erfðaefna einstaklinganna gert þá viðkvæmari fyrir veikinni.

Áður fyrr mældist mikið magn PCB-efnis og kvikasilfurs í blóði Færeyinga. Staðan hefur breyst en magnið er samt mikið miðað við það sem mælist hjá öðrum. - ibs



**Í ÞÓRSHÖFN** Parkinsons-sjúklingar í Færeyjum hafa að meðaltali borðað um sex sinnum meira af hvalkjöti og spiki á fullorðinsaldri en aðrir Færeyingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fastráðið á Landspítala:

## Fjórir sóttu um forstjórastöðu

**STJÓRNSÝSLA** Fjórir sóttu um stöðu forstjóra Landspítala sem auglýst var laus til umsóknar í lok janúar síðastliðins.

Heimir Guðmundsson, Lýður Árnason, Sveinn Ívar Sigríksson og Páll Matthíasson, sem er nú starfandi forstjóri, sóttu um stöðuna.

Þriggja manna nefnd sem skipuð er af heilbrigðisráðherra mun fara yfir umsóknirnar og mun ráðherra skipa í stöðuna til fimm ára í senn frá 1. apríl. - ebg



**KARIM BIRIMUMASO** Vill fara til Úganda að fræða landa sína um samkyhneigð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Segir hótanir virka öfugt

Úgandamaður, búsettur hér á landi, segir að Úgandaforseti hafi ekki viljað láta bjóða sér hótanir Vesturlandabúa og þess vegna staðfest hin umdeildu lög.

**ÚGANDA** Ákvörðun Yoweris Museveni Úgandaforseta um að staðfesta umdeild lög um refsingu við samkynhneigð hafa vakið hörð viðbrögð víða um heim. Úgandabúar virðast þó almennt standa með forseta sínum í þessu máli, og furða sig mjög á þeirri hörku sem þeir telja Vesturlönd hafa sýnt Úganda.

Karim Birimumaso, Úgandamaður sem býr hér á landi, segir raunar að það hafi ekki síst verið óbilgirni Vesturlanda sem varð til þess að Museveni sá sér ekki annað fært en að undirrita lögin.

„Obama Bandaríkjaforseti hótaði því hvað eftir annað að slíta öllum samskiptum við Úganda,“ segir Karim. „Úgandamenn láta ekki þröngva sér til neins. Museveni varð bálreiður og þetta var meginástæða þess að hann undirritaði lögin. Hann lét ekki bjóða sér svona lagað.“

Burtséð frá því hvort forsetinn hafi, með öfugum formerkjum reyndar, látið þannig undan þrýstingi frá Vesturlöndum þá telur Karim rétt að hafa refsiákvæði í lögum um samkynhneigð. Vandinn sé sá að samkynhneigðir vaði sumir hverjir í peningum og stundi það að fara í fátæk þorp, leiti þar uppi ungmenni og bjóði þeim peninga, menntun og jafnvel

> Ef þú ert samkynhneigður og heldur þig heima við þá þarftu ekkert að óttast.

atvinnu fyrir að „gerast samkynhneigðir“ eins og Karim orðar það.

„Mér var sjálfum gert svona tilboð, en hafnaði því vegna þess að ég hef engan áhuga. En þetta er vandamálið sem þarf að stöðva.“ Karim telur þó að ævilangt fangelsi sé of hörð refsing. „Eitt, tvö eða þrjú ár væri alveg nóg.“

Karim segist hins vegar hafa áttað sig á því, eftir að hafa búið hér í fjögur ár, að til sé fólk sem er fætt samkynhneigt. Hann hafi því mikinn hug á því að fara til Úganda til þess að fræða fólk þar um þessa staðreynd lífsins.

Hann viðurkennir að líf þeirra, sem „fæddir eru samkynhneigðir“, hafi vissulega orðið hættulegra í Úganda eftir að Museveni staðfesti lögin: „Auðvitað, segi ég, en þó ekki: Ef þú ert samkynhneigður og heldur þig heima við þá þarftu ekkert að óttast. Ef þú ert ekkert að angra annað fólk og bjóða fátækum peninga til þess að gerast samkynhneigðir, þá hefurðu ekkert að óttast,“ segir Karim.

gudsteinn@frettabladid.is

### DAGBLAÐ BIRTI NÖFN SAMKYNHNEIGÐRA

Dagblaðið Red Pepper, sem gefið er út í Úganda, birti í gær lista með nöfnum „200 helstu“ samkynhneigðu einstaklingum landsins. Á listanum eru bæði þekktir baráttumenn fyrir réttindum samkynhneigðra í Úganda en einnig einstaklingar, sem til þessa hafa ekki farið hátt með kynhneigð sína.

Daginn áður hafði Yoweri Museveni forseti undirritað lög um harða refsingu við samkynhneigð. Samkynhneigð var bönnuð fyrir, en nú liggur allt að ævilangt fangelsi við því að vera samkynhneigður.

„Nornafár fjölmiðlanna er aftur komið af stað,“ skrifaði Jacqueline Kasha, þekkt baráttukona fyrir réttindum lesbía og homma í Úganda, á Twitter-síðu sína.


## Aðalfundur Landsbankans fyrir árið 2013

**Aðalfundur Landsbankans** verður haldinn miðvikudaginn 19. mars kl. 17:00 í Silfurbergi í Hörpu.

**Drög að dagskrá**

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 11. gr. samþykkta bankans.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum:
   - Að 3. mgr. 9. gr. samþykktanna heimili umboðsmanni að leggja fram rafrænt umboð frá hluthafa til að sækja hluthafafund.
   - Að 4. mgr. 9. gr. heimili hluthafa að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd á hluthafafundi.
   - Að 2. mgr. 10. gr. verði breytt þannig að lágmarksfrestur til boðunar aðalfundar verði lengdur úr einni viku upp í tvær vikur og að styttri boðunarfrestur verði heimilaður fyrir aðalfund enda liggi fyrir samþykki tiltekins hluta hluthafa fyrir fram.
   - Að 1. mgr. 12. gr. verði breytt þannig að hluthafar sem ráða yfir 1/20 hlutum hlutafjárins geti krafist aukafundar, en þetta hlutfall er nú 1/10.
   - Að 2. mgr. 12. gr. verði breytt þannig að felld verði niður heimild hluthafa til að veita undanþágu frá eins vikna lágmarksfresti til að boða til aukafundar.
   - Að 1. mgr. 14. gr. heimili hluthafa að gera rafræna kröfu um að fá mál tekið til meðferðar á hluthafafundi.
   - Að 2. mgr. 14. gr. verði breytt þannig að tímafrestur til að leggja fram dagskrá og endanlegar tillögur fyrir aðalfund verði lengdur upp í tvær vikur og að leggja þurfi fram samstæðureikning og tillögur bankaráðs um starfskjarastefnu.
   - Að 2. mgr. 17. gr. verði breytt þannig að fellt verði niður ákvæði um að atkvæðagreiðslur á hluthafafundi skuli vera skriflegar ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess.
   - Að 1. mgr. 18. gr. verði breytt þannig að felld verði niður sú krafa að kosning bankaráðs skuli vera skrifleg ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.
   - Að 2. mgr. 18. gr. kveði með ítarlegri hætti á um kynjahlutföll við kjör bankaráðsmanna.
   - Að 1. mgr. 22. gr. verði breytt þannig að orðið „endurskoðunarfyrirtæki“ komi í stað orðsins „endurskoðunarstofa“.
   - Að 1. mgr. 24. gr. kveði á um endurskoðun og áritun samstæðureiknings.
   - Að 2. mgr. 24. gr. kveði með ítarlegri hætti á um sendingu ársreiknings og skýrslu stjórnar til Fjármálaeftirlitsins.

Hluthafar eiga rétt á því að leggja fram ályktunartillögur og koma málum á dagskrá aðalfundar. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá þurfa að vera skriflegar og berast skrifstofu bankastjóra fyrir klukkan 16:00 þriðjudaginn 4. mars. Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði bankans. Endanleg dagskrá fundarins og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða aðgengileg á vef bankans frá og með 5. mars 2014.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Hvað gerir stjórn sem vill ekki fara að þjóðarvilja?

# Óttinn við ómöguleikann

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, var í vandræðalegu viðtali í Kastljósi í fyrrakvöld. Hann var þar ítrekað beðinn að útskýra hvers vegna hann hygðist ganga á bak því kosningaloforði sínu að þjóðin fengi að kjósa á kjörtímabilinu um framhald aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið.

Eftirfarandi svar leiðtogans var það heillegasta: „Ég get ekki fyllilega staðið við það að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort við höldum áfram viðræðum við Evrópusambandið þar sem það er pólitískur ómöguleiki til staðar.“



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ómöguleikinn felst að sögn Bjarna í því að ef þjóðin vildi ljúka viðræðum væri samt alls ekki hægt að ætlast til þess af ríkisstjórninni að hún kláraði málið. Hún væri nefnilega öll á móti aðild að ESB.

Í þessari röksemdafærslu er grundvallarvilla. Þegar Bjarni lofaði þjóðaratkvæðagreiðslunni ítrekað gaf hann reyndar ekkert annað í skyn en að hann myndi hlíta niðurstöðu hennar þrátt fyrir að það væri algjörlega fyrirséð að þessi staða gæti komið upp. En hitt er augljóst, að ef ríkisstjórnin treystir sér ekki til að framkvæma vilja þjóðarinnar segir hún af sér og lætur völdin í hendur stjórnar sem er reiðubúin að fara að vilja meirihlutans.

Þetta virðist gjörsamlega ómögulegt í huga forystumanna stjórnarflokkanna; að þeir gætu þurft að yfirgefa ráðherrastólana af því að þjóðin reyndist ósammála þeim í grundvallarmáli.

Ef stjórnin tryði eigin málflutningi ætti hún að halda þjóðaratkvæðagreiðsluna og lýsa því yfir að hún færi frá ef þjóðin kysi að halda áfram aðildarviðræðum. Þá myndu heimilin missa af stórkostlegustu skuldaleiðréttingu í heiminum og atvinnulífið missti beztu nýju vini sína úr Stjórnarráðinu. Myndi nokkur maður með viti taka sénsinn á því?

Svo merkilegt sem það er, hefur ríkisstjórnin ekki meiri trú á eigin stefnu en svo að enginn ráðherra hefur sagt að hann kvíði ekki niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem lofað var fyrir kosningar. Þvert á móti er augljóst að ráðherrarnir eru dauðhræddir við að niðurstaðan yrði þeim í óhag.

Það leiðir af sér að það er holur hljómur í þeim orðum Bjarna að hann hafi „ósvikinn“ áhuga á að stór mál séu útkljáð með þjóðaratkvæði. Ef menn geta ekki tekið niðurstöðunni þegar þjóðin tekur ákvarðanir eiga þeir að sleppa því að tala um beint lýðræði.

Það er líka algjör rökleysa þegar formaður Sjálfstæðisflokksins vísar til þess að ferlið, sem lagt er til í tillögu utanríkisráðherra um að draga aðildarumsóknina til baka, feli í sér að þjóðin fái einn daginn að kjósa. Í fyrsta lagi getur þetta þing ekki ákveðið slíkt fyrir annað þing í framtíðinni, eins og lagaprófessorar bentu á í Fréttablaðinu í gær. Í öðru lagi snerist hið afdráttarlausa kosningaloforð Bjarna Benediktssonar um að þjóðin fengi að greiða atkvæði um hvernig yrði farið með aðildarumsóknina sem nú liggur fyrir – ekki einhverja aðra aðildarumsókn í framtíðinni.

Það sem virðist ómögulegast í þessu máli er að formaður Sjálfstæðisflokksins útskýri með sæmilega skiljanlegum hætti af hverju hann hyggst svíkja skýrt kosningaloforð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Málpípur hinna ókunnu osta

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, tók fjölmiðla landsins á beinið í ræðustól í gær. Þar vakti hann máls á þöggun fjölmiðla um verðskrið í vöruverði hér á landi. Kvartaði hann yfir því að ekkert hafi verið fjallað um frétt ASÍ um að verð hafi hækkað í mörgum verslunum, þrátt fyrir styrkingu krónunnar. „Í staðinn hefur fjölmiðlaflóran, og þar með ríkisfjölmiðillinn, gerst sérstök málpípa aðila sem vilja flytja inn osta af ókunnum tegundum sem mikil eftirspurn er eftir.“ Þingmaðurinn var kannski ekki að fylgjast nógu vel með í byrjun árs þegar fjölmiðlar, þar á meðal ríkisfjölmiðillinn, gerðu, með aðhaldi sínu, fjölda verslana og birgja afturræk með fyrirhugaðar hækkanir. Og er svo agalegt að vekja athygli á því að núverandi kerfi hamlar innflutningi á hættulausum vörum sem ekki eru framleiddar hérlendis?

### Litlu kallarnir

Annað sem var rætt á þingi í gær var hin meinta aðdróttun sem stjórnarandstæðingar lesa í athugasemdir með þingsályktunartillögunni um viðræðuslit. Þar eru líkur leiddar að því að hópur þingmanna, sem kaus með aðildarviðræðum á sínum tíma, hafi farið gegn eigin sannfæringu og þar með skyldum sínum gagnvart stjórnarskrá. Steingrímur J. Sigfússon sagði meðal annars á sinn hófstillta hátt að þarna væru „litlir kallar“ að leggjast lágt til að ata andstæðinga auri.





### Sannfæringin og sannfæringin

Vissulega er aldrei skemmtilegt að vera borinn röngum sökum, en sumir taka makkíavellískan vinkil á slíkt, líkt og Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, gerði um daginn.

Þar sagði hann að málið væri ekki svo einfalt að hver einasti þingmaður fylgdi sinni ýtrustu sannfæringu í hverju máli. Hann væri til dæmis í stjórnarflokki. „Það er líka mín sannfæring að reyna að halda þessari ríkisstjórn saman.“

## HALLDÓR




# Ekkert niðurgreitt skyr til Evrópu

LANDBÚNAÐUR



**Guðni Ágústsson**
framkvæmdastjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Þórólfur Matthíasson hagfræðiprófessor ritar í Fréttablaðið 24. febrúar síðastliðinn grein sem ber yfirskriftina „Niðurgreitt skyr til Evrópu“. Hið rétta er að ekkert niðurgreitt skyr er í dag flutt til Evrópu. Um það yrði heldur ekki að ræða þótt okkur byðist að flytja út 4.000 tonn af skyri tollfrjálst til ESB-ríkja. Greinin byggir ekki á þeirri umhugsun sem prófessorinn kallar eftir heldur lýsir fyrst og fremst vanþekkingu á málefninu.

Á árinu 2013 var útgefinn mjólkurkvóti af stjórnvöldum 116 milljónir lítra. Framleiðslan nam hins vegar nærri 123 milljónum lítra. Umframmjólk ársins 2013 var því 7 milljónir lítra. Útgjöld úr ríkissjóði vegna beingreiðslna hefðu orðið hin sömu hvort sem framleiðslan nam 116 eða 123 eða jafnvel 130 milljónum lítra.

Útflutningur mjólkurvara árið 2013 nam samkvæmt opinberum tölum 5,7 milljónum lítra. Sá útflutningur samanstóð af undanrennudufti, ostum og skyri. Skyrútflutningur á árinu nam um 2,7 milljónum lítra mjólkur sem er einungis 40% af umframmjólk ársins.

Umframframleiðsla bænda, þar með talin sú mjólk sem fór í skyr, nýtur ekki beingreiðslna úr ríkissjóði. Í búrekstri þurfa bændur ávallt að framleiða umfram kvóta svo tryggt sé að þeir nái kvótanum vegna ófyrirséðra sveiflna eins og síðasta sumar sannaði. Afurðastöðvar taka við umframmjólk bóndans og leitast við að koma henni á erlenda markaði fyrir sem hæst skilaverð til bænda. Þar er ekkert tryggt fyrirfram og markaðurinn sem ræður. Engin vara í útflutningi hefur þó skilað bændum eins góðu verði á erlendum mörkuðum og íslenska skyrið.

**➜ Afurðastöðvar taka við umframmjólk bóndans og leitast við að koma henni á erlenda markaði fyrir sem hæst skilaverð til bænda.**

Eftirspurn á innanlandsmarkaði segir til hver framleiðsluþörfin er. Mikil spurn hefur verið eftir fitu en ekki að sama skapi eftir próteinþættinum. Vaxandi neysla á smjöri og rjóma kallar á fitu sem fæst með aukinni mjólkurframleiðslu. Þar með eykst framleiðsla á mjólkurpróteinum sem þarf að koma á markað. Skyrgerð og útflutningur á skyri er gott dæmi um slíka viðleitni.

Hagfræðiprófessorinn hefur skrifað nokkrar greinar um landbúnaðarmál að undanförnu og þær bera það með sér að hann hefur ekki hugsað þau til hlítar. Vonandi verður þetta litla tilsvar honum til umhugsunar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Leyfum þjóðinni að njóta vafans

EVRÓPUMÁL



**Arnar Guðmundsson**
f.h. Félags frjálslyndra jafnaðarmanna

Valkostir Íslands í gjaldeyrismálum eru tveir: Búa við íslenska krónu, studda gjaldeyrishöftum af einhverju tagi um fyrirsjáanlega framtíð, eða stefna að upptöku evru með aðild að Evrópusambandinu. Þetta staðfestir umræða síðustu ára og ítarlegar skýrslur, m.a. Seðlabanka Íslands. Aðild að Evrópska efnahagssvæðinu er að auki líflína atvinnulífsins til mikilvægustu útflutningsmarkaða landsins.

Ábyrgðarlaust er að útiloka annan þessara valkosta, mögulega til næstu áratuga, með því að slíta aðildarviðræðum við ESB. Engin áætlun liggur fyrir um hvernig þjóðin ætlar að búa við haftakrónuna. Engin áætlun um uppgjör búa föllnu bankanna hefur verið kynnt. Hluti EES-samningsins er í uppnámi og engin lausn í sjónmáli á þeim vanda. Engin greining hefur farið fram á því hvernig við gætum haldið aðild að innri markaði Evrópu ef við brjótum kerfisbundið gegn ákvæðum samningsins. Því hefur heldur ekki verið svarað hvernig við getum innleitt veigamikla þætti á borð við samræmdar aðgerðir til að tryggja fjármálastöðugleika.

Ákvörðun um formleg viðræðuslit Íslands og ESB er því miður ekki hægt að afturkalla eftir hentugleikum. Samþykki allra aðildarþjóða þarf til að hefja nýjar aðildarviðræður við Ísland.

Ákvörðun um að hefja aðildarviðræður gaf þjóðinni sjálfri valkost um framtíð landsins en í þeirri ákvörðun að hefja aðildarferlið fólst að þjóðin fengi sjálf að eiga síðasta orðið um aðild. Sú afdrifaríka ákvörðun að samþykkja eða fella aðildarsamning skyldi tekin af þjóðinni sjálfri í þjóðaratkvæðagreiðslu, byggt á bestu fáanlegu upplýsingum, einkum um sjálfum aðildarsamningnum.

Þingsályktunartillagan sem nú liggur fyrir sviptir þjóðina þeim rétti að eiga sjálf síðasta orðið um fyrirsjáanlega framtíð. Hún er svipt valkosti sem er þýðingarmikill um hvaða stefnu Ísland tekur. Hluti stjórnarþingmanna hyggst í reynd fella óséðan samning fyrir hönd okkar allra. Og það án greiningar á afleiðingunum, án skýrra valkosta, án framtíðarsýnar fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf. Án þess einu sinni að standa við skýrt loforð gagnvart eigin kjósendum um að leyfa þjóðinni þó að taka sjálfri þá afdrifaríku ákvörðun að slíta viðræðum að óloknum samningi.

Hér er svo mikið í húfi að þjóðin verður sjálf að fá að njóta vafans.

**➜ Þingsályktunartillagan sem nú liggur fyrir sviptir þjóðina þeim rétti að eiga sjálf síðasta orðið um fyrirsjáanlega framtíð. Hún er svipt valkosti sem er þýðingarmikill um hvaða stefnu Ísland tekur. Hluti stjórnarþingmanna hyggst í reynd fella óséðan samning fyrir hönd okkar allra.**




# Stöðug rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni í Evrópu

EVRÓPUMÁL



**Vilborg Einarsdóttir**
framkvæmdastjóri Mentors

Við hjá Mentor höfum í meira en tvo áratugi unnið að þróun og rekstri upplýsingakerfa, í upphafi einkum með grunnskólum, en á síðari árum einnig með leikskólum, sveitarfélögum og íþróttafélögum. Segja má að Mentor vinni að samþættingu tækni og menntunar í sinni víðustu mynd og býður Mentor upp á heildstætt upplýsinga- og námskerfi fyrir alla sem starfa með börnum í skólum og tómstundastarfi.

En þótt styrkur Mentors hafi í upphafi legið í sterkum heimamarkaði á Íslandi hefur áhersla síðari ára verið á vöxt utan landsteinanna. Mentor er nú með starfsstöðvar í fjórum löndum erlendis, Svíþjóð, Þýskalandi, Sviss og í Bretlandi. Mentor hefur þannig markað sér vaxtarstefnu sem fólgin er í að nýta spennandi tækifæri erlendis á ört vaxandi markaði með kerfi sem þróað er á Íslandi í samvinnu við starfsstöðvar fyrirtækisins í Evrópu.

Mentor hefur frá upphafi skilgreint sig sem nýsköpunarfyrirtæki sem hefur lagt kapp á að vera í fremstu röð á sínu sviði í Evrópu. Aukin umsvif Mentors utan landsteinanna byggjast bæði á íslensku hugviti og framúrskarandi starfsmönnum í erlendum starfstöðvum. Mentor hefur átt því láni að fagna að hreppa ýmsar ánægjulegar viðurkenningar á undanförnum árum jafnt innanlands sem erlendis. En samkeppnin er vitaskuld hörð og því skiptir gríðarlegu máli að hugvitsfyrirtæki eins og Mentor búi við rekstrarumhverfi á heimaslóðum sem er samkeppnishæft við það sem keppinautum býðst í Evrópu.

### Lágmarkskrafa

Við hjá Mentor höfum ekki farið varhluta af þeim gífurlegu sveiflum sem orðið hafa á rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja á undanförnum árum. Þar hafa gjaldmiðlahremmingar, háir vextir, óvissa í fjárfestingaumhverfi og gjaldeyrishöft reynst ansi þung í skauti.

Í því ljósi höfum við eindregið stutt þá stefnu Samtaka iðnaðarins að fara fram á að íslensk stjórnvöld kanni til hlítar hvort önnur skipan mála hvað varðar gjaldmiðilinn, vaxtastigið og umgjörð peningamálastefnu gæti náðst fram með inngöngu í ESB. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa atvinnulífsins að stjórnvöld taki sér góðan tíma í að rýna í þá valkosti sem í boði eru og útiloka ekki neitt fyrir fram.

Því verður ekki trúað að óreyndu að íslensk stjórnvöld muni ganga gegn þeim stóra hópi íslenskra iðnfyrirtækja sem vill að kannað verði til hlítar hvort samkeppnishæfni þeirra sé betur tryggð innan ESB ellegar utan. Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands tekur ekki af nein tvímæli þar um og gefur ekkert tilefni til skjótra ákvarðana sem skaða kunna hagsmuni íslensks atvinnulífs til frambúðar. Skýrslan kallar í raun miklu fremur á að aðildarviðræður hefjist að nýju og að niðurstöður verði brotnar til mergjar þá fyrst þegar viðræðum er lokið og samningsniðurstaða liggur fyrir.

**➜ Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands tekur ekki af nein tvímæli þar um og gefur ekkert tilefni til skjótra ákvarðana sem skaða kunna hagsmuni íslensks atvinnulífs til frambúðar.**

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd
gegn kynferðisofbeldi.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi




KERFISSTJÓRABRAUT

NÝR STARFSVETTVANGUR Á EINU ÁRI!

Helstu upplýsingar:
Lengd: 371 stundir
Verð: 564.000.-

Dagnám
Hefst: 11. mars 2014
Lýkur: 20. nóvember 2014
Dagar: þri & fim: 8.30 - 12.30
fös: 13.00 - 17.00

Kvöld- og helgarnám
Hefst: 10. mars 2014
Lýkur: 22. nóvember 2014
Dagar: mán & mið: 18 - 22
lau: 8.30 - 12.30

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

Námið samanstendur af 3 námskeiðum:
- Tölvuviðgerðir
- Win 7/8 & Netvork+
- MCSA Netstjórnun

Gefinn er 10% afsláttur af öllum pakkanum. Þrjú alþjóðleg próf innifalin: „Microsoft Certified Solutions Associate"

STAÐREYNDIN ER
að ekkert nám NTV skilar eins mörgum nemendum út í atvinnulífið eins og Kerfisstjórabrautin.
Þess vegna hentar þetta nám þeim vel sem vilja skipta um starfsvettvang.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
– VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
ntv



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**BOGEY KRISTÍN DAGBJARTSDÓTTIR**

er látin. Jarðarför hennar mun fara fram í kyrrþey.

**Sigurður Kr. Sigurðsson** — **Erla Möller**
**Margrét Guðlaug Sigurðardóttir** — **Þórir Steingrímsson**
**Óttarr Þór Sigurðsson** — **Guðrún Tinna Valdimarsdóttir**
**Arnþrúður Dögg Sigurðardóttir** — **Sindri Páll Kjartansson**
**Sigurður Kristinn Sigurðsson** — **Stefanía Steinarsdóttir**
**Sigurður Þórisson**

---



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSDÍS BJARNADÓTTIR**
**frá Suðureyri við Tálknafjörð,**
**Laugarnesvegi 87,**

sem lést 16. febrúar, verður jarðsungin frá Langholtskirkju mánudaginn 3. mars kl. 13.00.

**Þórey Magnúsdóttir**
**Bjarni Eiríkur Magnússon**
**Jóna Þórdís Magnúsdóttir** — **Salvar Guðmundsson**
**Guðmundur Sigurður Magnússon**
**Einar Magnússon** — **Gunnhildur Konráðsdóttir**
**Magnús Ásgeir Magnússon** — **Heiða Hringsdóttir**
**Kristján Magnússon** — **Ásdís Ásgeirsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**VALDIMAR SÆVAR HALLDÓRSSON**
**skipstjóri,**
**Eyjaholti 3, Garði,**

varð bráðkvaddur laugardaginn 15. febrúar. Útför hans fer fram frá Útskálakirkju fimmtudaginn 27. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélag Íslands.

**Ingibjörg Bragadóttir**
**Halldór Kristinn Valdimarsson** — **Jocelyn Doroon**
**Helga Birna Valdimarsdóttir**
**Unnur Katrín Valdimarsdóttir**
**Ingunn Rós Valdimarsdóttir** — **Arnmundur Sigurðsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**HÓLMFRÍÐUR FINNSDÓTTIR**
**frá Straumfjarðartungu,**

andaðist sunnudaginn 23. febrúar. Hún verður jarðsungin frá Fáskrúðarbakkakirkju föstudaginn 28. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Brákarhlíðar í Borgarnesi.

**Valgeir Ingólfsson** — **Jóhanna Þ. Björnsdóttir**
**Guðbjörg Ingólfsdóttir** — **Gunnar Ragnarsson**
**Finnur Ingólfsson** — **Guðríður Ebba Pálsdóttir**
**Páll Ingólfsson** — **Brynja Þórhallsdóttir**
**Þórður Ingólfsson**
**Haraldur Ingólfsson**
**Steinunn Ingólfsdóttir** — **Helgi Valur Friðriksson**
**Baldur Ingólfsson** — **Guðrún Helga Helgadóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



Davíð
útfararstjóri


Jóhanna Erla
guðfræðingur
útfararþjónusta


Óli Pétur
útfararstjóri

ÚTFARARÞJÓNUSTA
Davíðs Ósvaldssonar ehf.
551 3485 • udo.is


---

**ÞETTA GERÐIST** 26. FEBRÚAR 1794

## Kristjánsborg brennur



Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn brann, í fyrra skiptið, þennan dag árið 1794. Hún var síðan endurreist en brann aftur árið 1884.

Kristjánsborg hýsti áður danska kóngafólkið en eftir brunann 1794 flutti það yfir í Amalíuborg. Nú hýsir Kristjánsborg framkvæmda-, löggjafar- og dómsvaldið í Danmörku. Þingið á þó flest sætin í höllinni. Hvergi annars staðar í heiminum þekkist það að meginstoðir stjórnkerfisins séu hýstar í einu og sömu byggingunni.

Höllin státar af þremur ólíkum stefnum í arkitektúr sem rekja má til brunanna tveggja árin 1794 og 1884. Aðalbygging hallarinnar er þó mun yngri, eða frá árinu 1928, og er hún byggð í síð-barokkstíl.

---



**ÍSLENSKUR DJASS** ASA tríóið ætlar að frumflytja nýjan og íslenskan djass í Björtuloftum í kvöld. MYND/DANÍEL STARRASON

# Íslenskur djass frumfluttur í Björtuloftum

**ASA tríóið er á leið í hljóðver og ætlar að prufukeyra nýtt og fjölbreytt frumsamið efni á tónleikunum í kvöld. Sveitin er ánægð með Björtuloft sem tónleikastað.**

„Við erum að fara að leika mikið af tiltölulega nýju efni sem við ætlum að fara með í hljóðver á næstunni,“ segir Andrés Þór Gunnlaugsson, gítarleikari ASA tríósins sem kemur fram á næstu tónleikum Múlans á Björtuloftum í Hörpu sem fram fara í kvöld.

ASA tríóið er skipað miklum fagmönnum í tónlistargeiranum og varð eiginlega til fyrir tilviljun, þegar Andrés Þór hóaði í Agnar Má Magnússon og Scott Mclemore fyrir lítið gigg á djasshátíð Reykjavíkur 2005. Hafa þeir getið sér gott orð síðan fyrir túlkun á afar fjölbreyttu efni, meðal annars frá Jimi Hendrix, Fionu Apple, John Coltrane og Thelonious Monk. „Við tökum þó bara frumsamið efni í kvöld þó að við höfum tekið efni eftir aðra áður. Við höfum meðal annars leikið efni eftir Red Hot Chili Peppers,“ segir Andrés léttur í lundu.

Tónleikarnir eru eins og fyrr segir tónleikar á vegum djassklúbbsins Múlans og fara fram í Björtuloftum í Hörpu. „Þetta er nýr tónleikastaður sem hýsir tónleika Múlans. Mér líst vel á hann og ég held að það geti orðið ansi flott og góð djassstemning þarna.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00. Það kostar 1.500 krónur inn og 1.000 krónur fyrir námsmenn og eldri borgara en miðasalan fer fram á Midi.is.

gunnarleo@frettabladid.is

> **ASA tríóið er skipað miklum fagmönnum í tónlistargeiranum og varð eiginlega til fyrir tilviljun, þegar Andrés Þór hóaði í Agnar Már Magnússon og Scott Mclemore fyrir lítið gigg á djasshátíð Reykjavíkur 2005.**
>
> *Andrés Þór Guðlaugsson gítarleikari*

---



✝

Okkar innilegustu þakkir fyrir
auðsýnda samúð og hlýhug við andlát
og útför ástkærs eiginmanns, föður,
tengdaföður, afa og langafa,

**HAFSTEINS SIGURÞÓRSSONAR**
**Eyktarsmára 8, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar LSH og Karítasar fyrir kærleiksríka umönnun.

**Ingibjörg Birna Þorláksdóttir**
**Sigurþór N. Hafsteinsson**
**Laufey Hafsteinsdóttir** — **Bjarni Hauksson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**EINAR ÁRNASON**
**frá Vík í Mýrdal,**
**síðast til heimilis að Brákarhlíð,**

dvalar- og hjúkrunarheimili í Borgarnesi, lést laugardaginn 22. febrúar. Útförin fer fram frá Hjallakirkju í Kópavogi föstudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

**Helga Einarsdóttir** — **Karl Magnús Kristjánsson**
**Arna Einarsdóttir** — **Konráð Konráðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. febrúar 2014 | 21. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

SVANSMERKIÐ SÍÐAN 2000!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

## GRÍÐARLEGUR VÖXTUR Í LEIKJAIÐNAÐI

- **Viðtal við Aðalstein Óttarsson þróunarstjóra hjá Riot Games sem gefur út leikinn League of Legends.**
- **67 milljónir manna spila leikinn í hverjum mánuði, 27 milljónir daglega.**
- **Tekjur tölvuleikjamarkaðarins á Vesturlöndum námu 21,8 milljörðum dala árið 2013.**

SÍÐA 6-7



## Öryggisgalli hjá Apple

Alvarlegan öryggisgalla má finna í ýmsum vörum frá Apple, til að mynda iPhone-símum og iPad-spjaldtölvum. Gallinn virðist einnig hrjá tölvur fyrirtækisins, fartölvur jafnt sem borðtölvur, sem keyra á Mac OS X stýrikerfi. Gallinn lýsir sér í því að auðvelt er fyrir tölvuþrjóta að nálgast viðkvæmar upplýsingar í raftækjunum, svo sem tölvupóst og bankaupplýsingar. Þeir sem nýta sér gallann, sem snýst um getu hugbúnaðarins til að lesa úr rafrænum auðkennum, geta komist inn í öll rafræn samskipti til og frá Apple-vörum og einnig komið fyrir sýktum hlekkjum í venjulegum tölvupósti.

Talsmenn Apple sögðu um helgina að von væri á hugbúnaðaruppfærslu á næstu dögum til að vinna bug á vandamálinu. - sój

## Flest fiskiskip á Vestfjörðum

Flest fiskiskip á skrá hjá Siglingastofnun voru með skráða heimahöfn á Vestfjörðum í lok árs 2013, en þau voru alls 401 sem samsvarar 23,6 prósentum fiskiskipastólsins. Næst flest voru fiskiskipin á Vesturlandi, alls 324, eða 19,1 prósent. Fæst skip höfðu heimahöfn á Suðurlandi en þau voru 72 talsins, sem samsvarar 4,2 prósentum fiskiskipastólsins. Flestir togarar höfðu skráða heimahöfn á höfuðborgarsvæðinu, alls ellefu, en níu togarar voru skráðir á Norðurlandi eystra. Fæstir togarar voru skráðir á Vesturlandi en þeir voru þrír.

Fjöldi fiskiskipa í heild var 1.696 og hafði þeim fjölgað um sex frá árinu áður. Fjöldi vélskipa var alls 783 og togarar voru fimm talsins. - skó

## Valinn í fagráð fyrir IBM

IBM hefur valið Pétur Eyþórsson, hugbúnaðarsérfræðing hjá Nýherja, í átta manna fagráð fyrir IBM Tivoli Storage Manager-hugbúnað, sem er ætlað að marka stefnu og nálgun fyrir hugbúnaðinn á markaði. IBM Tivoli Storage Manager er miðlæg afritunarlausn fyrir tölvukerfi og er leiðandi lausn á sínu sviði.

Gunnar Zoëga, framkvæmdastjóri Tæknisviðs Nýherja, segir þetta mikinn heiður ekki síst þar sem Pétur er sá eini í fagráðinu sem er ekki frá IBM. Einstakt sé að íslensk fyrirtæki hafi aðgang að einum fremsta sérfræðingi í heimi á sviði afritunarlausna. - fbj



# Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**1** **Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**10** **Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**2** **STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**ÖSSUR** 11,4% frá áramótum

**NÝHERJI** 0,5% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**MAREL** 15,8% frá áramótum

**HAGAR** -5,9 í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 144,00 | -5,9% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 119,00 | -8,5% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 243,00 | -7,3% | -2,2% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 28,30 | 3,9% | -2,4% |
| Hagar | 40,65 | 5,9% | -5,9% |
| Icelandair Group | 18,15 | -0,3% | -2,2% |
| Marel | 112,00 | -15,8% | -2,6% |
| N1 | 18,55 | -1,9% | -1,3% |
| Nýherji | 3,67 | 0,5% | 0,5% |
| Reginn | 16,05 | 3,2% | -2,1% |
| Tryggingamiðstöðin | 29,45 | -8,1% | -2,2% |
| Vátryggingafélag Íslands | 10,38 | -3,8% | -1,7% |
| Össur | 255,00 | 11,4% | -1,9% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.193,69 | -5,2% | -2,9% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 14,00 | 13,2% | 7,1% |
| HB Grandi | 24,00 | 9,1% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

# Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 26. febrúar**
- Nýskráningar og gjaldþrot í janúar 2014
- Ársuppgjör Fjarskipta 2013 birt

**Fimmtudagur 27. febrúar**
- Eimskip - Uppgjör fyrir árið 2013
- Vísitala neysluverðs í febrúar 2014
- Farice - Uppgjör fyrir árið 2013

**Föstudagur 28. febrúar**
- Útungun hænsna í janúar 2014
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni
- Vísitala framleiðsluverðs í janúar 2014
- Vöruskipti við útlönd
- Þjónustuviðskipti við útlönd

**Mánudagur 3. mars**
- Erlend staða þjóðarbúsins og erlendar skuldir
- Fjárfestakynning Nýherja hf.

**Miðvikudagur 5. mars**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðum eftir landshlutum
- Vöruskipti við útlönd í febrúar 2014

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

Úrvalsvísitalan lækkaði um 1,95% á rauðum degi í Kauphöll Íslands:

# Allt rautt í Kauphöllinni í gær

Mikil lækkun varð á hlutabréfum allra félaga í Kauphöllinni í gær. Úrvalsvísitalan lækkaði um 1,95 prósent og stóð þá í 1.193,69 stigum. Heildarvelta dagsins var 2.211 milljónir króna.

Mest varð lækkunin á bréfum Haga sem lækkuðu um 2,87 prósent. Össur lækkaði um 2,67 prósent, Marel um 2,61 prósent og Reginn um 1,83 prósent. Önnur félög lækkuðu einnig en bréf Eimskips lækkuðu minnst, um 0,82 prósent.

Mesta velta dagsins var með hlutabréf Icelandair, eins og svo oft áður, en hún var 587 milljónir króna. Velta með bréf Haga var 275 milljónir króna og Marel 222 milljónir.

Mikið hefur verið um að vera í Kauphöllinni það sem af er þessari viku. Á mánudag seldu fjárfestarnir Hallbjörn Karlsson og Árni Hauksson 77 milljónir hluta í Högum fyrir rúmlega 3,2 milljarða króna og nokkur félög hafa þegar birt ársreikninga sína.

- skó



**KAUPHÖLLIN** Bréf í Högum lækkuðu mest eða um 2,87 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Tveir svanir á skrifstofu forstjóra FME

Nýir fundarstólar á skrifstofu forstjóra FME kostuðu samtals 792.000 krónur. Varaformaður fjárlaganefndar Alþingis segir mikilvægt að gera kröfur til þeirra sem fara með almannafé.

**STJÓRNSÝSLA**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Fjármálaeftirlitið (FME) keypti í september tvo fundarstóla fyrir skrifstofu Unnar Gunnarsdóttur forstjóra stofnunarinnar sem kostuðu samtals 792 þúsund krónur. Stólarnir eru þekkt hönnunarvara sem heitir Svanurinn. Þeir voru að sögn upplýsingafulltrúa FME síðasti liðurinn í 66 milljóna króna endurnýjun á húsbúnaði sem hófst árið 2011 þegar ríkisstofnunin flutti í nýtt húsnæði að Katrínartúni 2.

„Þessir stólar á skrifstofu forstjóra eru þeir einu þessarar gerðar hér í Fjármálaeftirlitinu,“ segir Sigurður G. Valgeirsson, upplýsingafulltrúi FME.

Í svari stofnunarinnar við fyrirspurn Markaðarins segir að um 9,4 milljónir króna af heildarkostnaðinum hafi farið í kaup á nýjum húsgögnum fyrir ellefu einkaskrifstofur stjórnenda FME, eða um 857 þúsund krónur á hverja skrifstofu.

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis, segir tölur FME staðfesta að þar ríki annar kúltúr en á mörgum öðrum ríkisstofnunum.

„Ég hef vakið athygli á því að á sama tíma og við höfum verið að draga saman í heilbrigðis-, mennta- og löggæslumálum þá hefur verið gríðarleg aukning til opinbers eftirlits og þar virðist ríkja önnur menning heldur en á þessum stofnunum sem ég var að vísa til sem sinna grunnþjónustu,“ segir Guðlaugur Þór. Hann segir framlög til FME hafa verið aukin um 198 prósent frá árinu 2007. Rekstur stofnunarinnar er fjármagnaður af eftirlitsskyldum aðilum, það er bönkum og tryggingafélögum, samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

„Þetta er eitthvert umhverfi sem ég sá svo sannarlega ekki sem heilbrigðisráðherra og get ekki séð rökin fyrir af hverju þarf að ganga fram með þessum hætti. Eftirlit er mikilvægt en það verður að gera kröfur til þess að menn fari þar vel með almannafé, þar eins og annars staðar,“ segir Guðlaugur Þór.




**FME** Stofnunin flutti í september 2011 í nýtt leiguhúsnæði við Katrínartún 2 í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SVANURINN** Danski hönnuðurinn Arne Jacobsen hannaði Svaninn í lok fimmta áratugarins.

Stjórn VÍS lagði til að hluthafar í félaginu fengju 85 prósent af hagnaði 2013 í arð:

# Hagnaður VÍS dregst saman

Rekstur tryggingafélagsins VÍS skilaði 2.154 milljóna króna hagnaði á síðasta ári samanborið við 3.025 milljóna hagnað árið 2012. Þar af hagnaðist félagið um 111 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi 2013, sem var samdráttur um 1.168 milljónir frá sama tíma 2012.

Í fréttatilkynningu sem félagið sendi frá sér í gær um afkomuna segir að stjórn þess hafi lagt til að 85 prósent af hagnaði ársins 2013, eða 1.831 milljónir króna, verði greidd í arð til hluthafa.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, segir í tilkynningunni að meginskýringin á minni hagnaði á fjórða ársfjórðungi tengist annars vegar stóru tjóni sem tilkynnt var til félagsins á tímabilinu.

„Og hins vegar neikvæð þróun á markaðsverði ríkistryggðra skuldabréfa og neikvæð áhrif styrkingar krónunnar á eignasafn félagsins. Á móti kemur að innlent hlutabréfasafn félagsins skilaði ágætri ávöxtun,“ segir Sigrún.

- hg



**FORSTJÓRINN** Sigrún Ragna Ólafsdóttir segir reksturinn hafa gengið vel á árinu 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmálaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.

Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.

Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum **Þjóð.is** þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.

Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.

**www.þjóð.is**



**FASTEIGNAFÉLAG** Helstu eignir Regins eru Smáralind og Egilshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki verður greiddur út arður árið 2014:

# Hagnaður Regins rúmir 2,4 milljarðar

Rekstrartekjur fasteignafélagsins Regins hf. námu 4.043 milljónum króna í fyrra og þar af námu leigutekjur 3.524 milljónum króna sem samsvarar 24% hækkun samanborið við árið 2012. Reginn birti ársreikning sinn í gær. Hagnaður félagsins nam 2.434 milljónum króna borið saman við rétt tæpar 2.600 milljónir árið 2012. Hagnaður svarar til 1,87 króna hagnaðar á hlut borið saman við 1,57 árið 2012.

Stjórnendur félagsins telja horfur í rekstri góðar og afkoman hafi verið í samræmi við áætlun félagsins en þó verður ekki greiddur út arður í ár.

Í lok árs 2013 átti Reginn 45 fasteignir. Heildarfermetrafjöldi fasteignasafnsins var 192 þúsund í árslok og þar af voru 172 þúsund útleigjanlegir fermetrar. Útleiguhlutfall fasteignasafnsins er um 98% miðað við þær tekjur sem 100% útleiga gæfi. Stærstu eignir Regins eru verslunarmiðstöðin Smáralind í Kópavogi og Egilshöll í Grafarvogi.

Í febrúar 2013 var gerð breyting á fjárfestingastefnu félagsins, lögð var frekari áhersla á sterkt eigið fé og skýra arðsemiskröfu. Í markmiðum félagsins er gert ráð fyrir að eignasafn félagsins allt að tvöfaldist á næstu fimm árum frá samþykkt fjárfestingastefnu. **- fbj**

# Hlutfall snjalltækja í vefumferð 34 prósent

Ólafur Örn Nielsen, framkvæmdastjóri vefhönnunarstúdíósins Form5, segir fyrirtæki þurfa að laga sig að breyttum veruleika á netinu. Þróunin er komin lengst á samfélagsmiðlum.

**UPPLÝSINGATÆKNI**
**Fanney Birna Jónsdóttir** | fanney@frettabladid.is

Hlutfall snjalltækja í vefnotkun Íslendinga hefur um það bil tvöfaldast á einu ári. Ólafur Örn Nielsen, framkvæmdastjóri hjá Form5 vefhönnunarstúdíói, hefur tekið saman tölur frá helstu vefmiðlum landsins ásamt tölfræði frá Modernus sem heldur úti samræmdri vefmælingu yfir heildarnotkun.

„Þar kom í ljós að á vefmiðlum sem hafa breiða markhópaskírskotun er hlutfall snjalltækja um og yfir 25 prósent af allri umferð," segir Ólafur og nefnir sem dæmi Vísir.is, Mbl.is og Já.is. Síða eins og Fótbolti.net hefur rúmlega 30 prósenta hlutfall snjalltækja sem Ólafur segir væntanlega skýrast af markhópnum.

Samkvæmt samræmdri vefmælingu Modernus eiga snjalltæki að meðaltali 34 prósent í allri umferð. Á markaðsvefjum og vefjum sem höfða til yngri hópa hafa þeir séð snjalltækjahlutfall í kringum 40 prósent.

„Þróunin er komin lengst hjá samfélagsmiðlum, sem höfða jafnframt til yngri markhópa. Facebook sagði í ágúst í fyrra að 78 prósent notkunarinnar væru „mobile" á móti 22% í „desktop"," segir Ólafur.

Ólafur segir að ef sama þróunin heldur áfram verði vefnotkun algengari í snjalltækjum heldur en hefðbundnum tölvum, það er fartölvum og borðtölvum, jafnvel á þessu ári og vefmiðlar sem selji auglýsingar þurfi að aðlaga auglýsingamódel sín þessum nýja veruleika.

„Það er nauðsynlegt fyrir fyrirtæki að vefir þeirra séu skalanlegir og aðlagi sig ólíkum skjástærðum og jafnframt að markaðssókn þeirra á netinu henti og sé miðuð að þessum breytta veruleika," segir Ólafur.

Hann segir þetta hafa ákveðna áherslu í för með sér fyrir vefiðnaðinn í heild sinni.

„Að skala vefina var áður valkostur en nú er mikilvægt að notendaupplifunin sé jafn góð fyrir allar skjástærðir," segir Ólafur að lokum.

Form5 er vefstúdíó sem hannar allt frá vefsíðum til snjallforrita. Starfsmenn fyrirtækisins eru fjórir og hafa þeir starfað fyrir fyrirtæki á borð við Össur, 66°Norður, Símann og Nikita.



**BREYTTUR VERULEIKI** Þeir Einar Ingi Farestveit og Ólafur Örn Nielsen, stofnendur Form5, segja breytingar á vefumferð hafa áhrif á iðnaðinn í heild sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Uppgjör Landsbréfa kynnt:

# Hagnaður 187 milljónir

Landsbréf hf. högnuðust um 187 milljónir króna á síðasta ári samanborið við sjö milljóna króna hagnað árið 2012. Hreinar rekstrartekjur námu 959 milljónum og jukust um 526 milljónir á milli ára, samkvæmt tilkynningu Landsbréfa vegna ársreiknings 2013.

Þar segir að eigið fé Landsbréfa hafi numið 1.644 milljónum króna í árslok 2013. Þá annaðist félagið rekstur 34 sjóða og félaga og eignir í stýringu voru um 110 milljarðar króna og höfðu aukist um 33 prósent á árinu. Um tólf þúsund einstaklingar og lögaðilar eru með fjármuni í sjóðum eða í eignastýringu hjá Landsbréfum, samkvæmt tilkynningunni. **- hg**

Álver Rio Tinto Alcan í Straumsvík framleiðir ekki lengur álbarra í fyrsta sinn í fjörutíu ára sögu sinni:

# Síðasti álbarrinn farinn frá Straumsvík

Starfsmenn álvers Rio Tinto Alcan í Straumsvík framleiddu síðasta álbarra fyrirtækisins í síðasta mánuði. Þar með lauk yfir fjörutíu ára sögu álbarraframleiðslu í álverinu Straumsvík.

Síðasti álbarrinn fór með skipi í lok janúar á þessu ári til viðskiptavinar fyrirtækisins til fjölda ára í borginni Singen í Þýskalandi.

„Það er systurfyrirtæki okkar í Þýskalandi sem hefur keypt ál af okkur í marga áratugi og mun gera það áfram og því var vel við hæfi að síðasti barrinn færi þangað," segir Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi í samtali við Markaðinn.

Álver Rio Tinto Alcan í Straumsvík framleiðir nú bæði álstangir og álkubba til útflutnings. Rio Tinto Alcan hefur að undanförnu unnið að breytingum á steypuskála álversins í þeim tilgangi að skipta að fullu úr álbarraframleiðslu yfir í framleiðslu á álstöngum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki í næsta mánuði.

„Við erum búin að breyta hluta af okkar búnaði til að framleiða stangir sem þurfa meiri úrvinnslu en eru verðmætari en barrarnir. Þetta er skemmtilegt fyrir okkur að vera að framleiða meira virðisaukandi og flóknari vörur," segir Rannveig. **- hg**



**TÍMAMÓT** Margir starfsmenn álversins skrifuðu nöfn sín á álbarrann áður en hann var sendur til Þýskalands. MYND/ÍSAL





# Umbúðahönnun 2014

## Opin keppni
Oddi, Félag íslenskra teiknara (FÍT) og Listaháskóli Íslands (LHÍ) standa að opinni hönnunarsamkeppni fyrir matvælaumbúðir úr kartoni, bylgjupappír og/eða mjúku plasti. Keppnin er framar öllu öðru hugmyndasamkeppni. Hún er opin öllum, án endurgjalds.

## Hvatning: Allir með!
Starfsfólk hjá stórum sem smáum hönnunarfyrirtækjum eða –deildum og auglýsingastofum er sérstaklega hvatt til að senda inn tillögur, en þó jafnframt sjálfstætt starfandi hönnuðir og nemendur í faginu.

## Matvælaumbúðir
Viðfangsefnið er matvælaumbúðir, hvort heldur fyrir óunnið hráefni eða fullunna vöru í föstu eða fljótandi formi. Matvara, sælgæti, drykkir – hvaðeina kemur til greina. Athugið að umbúðirnar mega ekki hafa verið framleiddar áður, en þær má hins vegar hanna utan um eldri vöru sem nú þegar er á markaði. Lögð verður áhersla á framleiðsluhæfi og notagildi umbúða, einnig efnisnotkun og umhverfisvænar lausnir. Öllum tillögum skal fylgja sýnishorn.

## Nánari upplýsingar
Beiðni um keppnisgögn skal senda á keppni@oddi.is með upplýsingum um nöfn, netföng og símanúmer þátttakenda. Í því netfangi eru jafnframt veittar nánari upplýsingar. Á vefsvæði Odda er enn fremur að finna ítarleg gögn um keppnina (www.oddi.is).

## Hráefni í sýnishorn
Oddi leggur öllum keppendum til pakka með úrvali hráefnis úr kartoni, bylgjupappír og mjúku plasti. Tillögur skulu miðast við það hráefni að hluta til eða í heild. Oddi veitir öllum keppendum ákveðna aðstoð við uppbyggingu sýnishorna.

## Lokaskil 17. mars
Lokaskil á tillögum eru mánudaginn 17. mars. Úrslit í keppninni munu liggja fyrir í lok marsmánaðar og verða tilkynnt í tengslum við sýningu FÍT í Þjóðmenningarhúsinu á Hönnunarmars, 27.-30. mars 2014.

## Dómnefndin
- Elísabet Ýr Sigurðardóttir, umbúðahönnuður hjá Odda
- Hafsteinn Júlíusson, vöruhönnuður hjá HAF
- Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar
- Högni Valur Högnason, grafískur hönnuður hjá Íslensku og formaður Félags íslenskra teiknara (FÍT)
- Lóa Auðunsdóttir, aðjúnkt í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands
- Sigurður Oddsson, grafískur hönnuður hjá J&L
- Sindri Páll Sigurðsson, vöruhönnuður hjá Össuri

## Ágætis verðlaun
- 100.000 kr. í peningum og 200.000 kr. prentinneign hjá Odda
- 75.000 kr. í peningum og 100.000 kr. prentinneign hjá Odda
- 50.000 kr. í peningum og 50.000 kr. prentinneign hjá Odda

## Að auki
Aukaverðlaun, 100.000 kr. prentinneign hjá Odda, verða veitt þeirri tillögu sem sýnir fram á óvenjulega framsækna og ferska nálgun á notkun umbúða.

ODDI

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

FÍT



**STÓRMÓT** Síðasta heimsmeistaramót í LoL var haldið í Staples Center í Los Angeles, á heimavelli körfuboltaliðsins LA Lakers. Þar bar suður-kóreskt lið sigur úr býtum. FRÉTTABLAÐIÐ/JESTER

# Atvinnumenn í internettölvuleik

Aðalsteinn Óttarsson er þróunarstjóri hjá Riot Games sem gefur út nettengda fjölspilunar-tölvuleikinn League of Legends. Alls spila 67 milljónir leikinn á mánuði og til eru þeir sem hafa það að atvinnu að keppa í leiknum.

**VIÐTAL**
Fanney Birna Jónsdóttir | fanney@frettabladid.is

„League of Legends, eða LoL eins og hann er oft kallaður, er langstærsti netleikurinn sem spilaður er í heiminum í dag, það er að segja PC-leikur,“ segir Aðalsteinn Óttarsson í samtali við Markaðinn.

Aðalsteinn er „Senior Developement Director“ eða þróunarstjóri hjá leikjafyrirtækinu Riot Games sem gefur út leikinn. Um 27 milljónir spilara spila leikinn á degi hverjum og 67 milljónir á mánuði. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 1.400 manns á heimsvísu og yfir 800 eru starfandi í höfuðstöðvum þess í Santa Monica í Los Angeles í Bandaríkjunum.

### BYRJAÐI HJÁ OZ

Aðalsteinn starfaði áður sem forritari og síðar við verkefna- og framleiðslustjórnun hjá íslenska leikjafyrirtækinu CCP sem allir þekkja. „Ég var það heppinn að vera ráðinn inn í fyrirtækið OZ seint á tíunda áratugnum sem forritari. Þar hitti ég mikið af frábæru fólki sem síðar fór og stofnaði CCP og ég fór með. Ég var þar að forrita, en stuttu eftir að góður vinur minn slóst í hópinn, benti hann mér á það að ég væri ekkert sérlega góður í því og fór að huga að verkefnastjórnun og innleiðingu á aðferðafræðum,“ segir Aðalsteinn.

Hann kynntist Riot games skömmu eftir að fyrirtækið gaf út LoL og var í sambandi við stjórnendur þess á ráðstefnum og öðrum viðburðum. Hann segir fyrirtækið keimlíkt CCP að því leytinu til, að leikurinn er gefinn út beint til spilaranna og notuð er svipuð aðferðafræði við að skila honum út til þeirra.

### STRÍÐ MILLI FYLKINGA

Sögusvið League of Legends er heimurinn Runeterra þar sem hinar ýmsu fylkingar háðu hatrömm stríð sín á milli. Eftir því sem eyðilegging og ókyrrð vegna þessara stríða jókst í Runeterra varð ljóst að nýja lausn þurfti til þess að útkljá valdabaráttuna. Galdramenn einnar fylkingarinnar bjuggu því til Réttlætisvöllinn, þar sem stríð eru háð án þess að stofna almennum borgurum í hættu. Helstu stríðsmenn hverrar fylkingar byrjuðu að keppa um réttinn til þess að berjast fyrir þjóð sína og hljóta þann heiður að komast í hóp virtustu stríðsmanna Runeterra.

League of Legends er nettengdur fjölspilunarleikur með 10 spilurum í hverjum leik, fimm í hvoru liði. Hver spilari stjórnar einni hetju sem hann velur fyrir leikinn úr hópi 117 hetja. Leikurinn byggir á svipuðum lögmálum og aðrir tölvuleikir, það er, spilarinn safnar fjármunum (gulli) og reynslustigum á meðan á leiknum stendur. Reynslustigin fara í að þróa krafta hetjunnar á meðan gullið fer í að kaupa hluti sem styrkja hinar ýmsu hliðar hetjunnar, eins og að auka skaða hetjunnar eða byggja upp meira þol gagnvart skaða. Hver leikur endist í um 35 til 45 mínútur og er markmiðið að eyðileggja turna og bækistöð óvinaliðsins og leikurinn vinnst þegar aðalbygging óvinarins er eyðilögð.

### LEIKURINN EINFALDLEGA GÓÐUR

Hlutverk Aðalsteins í vinnunni er að leiða teymi sem vinnur að lóðsun og stjórnun á þróunarteymum tölvuleiksins og er ábyrgur fyrir vinnukerfinu, sem allir í þessu umhverfi vinna eftir, og einnig stöðugum endurbótum á því.

„Þetta eru um 400 manns sem vinna í teymum og skila frá sér tölvuleiknum á tveggja til þriggja vikna fresti til spilara úti um allan heim. Ég samkeyri það sem þessi teymi eru að gera,“ segir Aðalsteinn, sem segist einblína á að ganga úr skugga um að teymin nái eins góðum árangri og þau mögulega geta.

Hann segir ástæðu velgengninnar aðallega vera þá að leikurinn sé einfaldlega rosalega góður. „Svo hefur hann mikið endurspilunargildi. Það er mikil dýpt og breidd í leiknum og þó það sé svolítið flókið að byrja að spila þá lærir maður fljótt inn á hann,“ segir Aðalsteinn.

### ATVINNUMENN Í LOL

„Leikurinn er spilaður bæði af nýgræðingum eða áhugamönnum úti um allan heim. En það er líka keppt í þessu sem íþróttagrein á heimsvísu. Það er bara hefðbundið atvinnumannaumhverfi.

Aðalsteinn segir muninn á þeim sem spila leikinn sér til dundurs og öðrum sem spila á hæstu stigum og keppa til að mynda á heimsmeistaramótum vera gríðarlegan.

„Þetta er atvinnumannaíþrótt, bæði eru almennt peningaverðlaun í boði og síðan eru liðin styrkt af fyrirtækjum um allan heim,“ segir Aðalsteinn. Sem dæmi er lið frá Danmörku, Copenhagen Wolves, styrkt af Adidas. Þá segir Aðalsteinn þekkja dæmi um lið sem haldi til í villu í Beverly Hills þar sem liðsmenn búa allir saman, æfa alla daga og gera ekkert annað. „Þá erum við með vikulegar útsendingar frá keppnum úti um allan heim.



**RIOT GAMES** Aðalsteinn segir fjölda hafa það að atvinnu að keppa í LoL. FRÉTTABLAÐIÐ/COLIN YOUNG-WOLFF RIOT GAMES

Það er meira áhorf á þessar vikulegu útsendingar okkar af keppnum LoL heldur en útsendingar af hafnabolta, sem er þjóðaríþrótt Bandaríkjanna,“ segir Aðalsteinn.

Leikurinn er ókeypis og hægt er að spila endalaust án þess að greiða nokkuð fyrir það. Aðalsteinn segir þó að tekjumódelið sé traust. „Þetta virkar þannig að við bjóðum upp á yfir 100 hetjur sem hafa hver og ein ákveðna hæfileika. Í hverri viku er ókeypis að spila tíu af þessum rúmlega 100 hetjum en það er breytilegt hverjar þær eru. Fólki finnst oft gaman að spila eina ákveðna hetju og þá kaupir það hana. Síðan gerir fólk útlitsbreytingar á sínum hetjum, til að persónugera þær. Það er oft mjög flott og fallegt og við erum með sérstaka hönnuði sem eru bara í því að gera þessar útlitsbreytingar,“ segir Aðalsteinn.

> Leikurinn er spilaður bæði af nýgræðingum eða áhugamönnum úti um allan heim. En það er líka keppt í þessu sem íþróttagrein á heimsvísu.

### MIÐJA TÖLVULEIKJAIÐNAÐARINS

Aðspurður um muninn á því að vinna í leikjabransanum úti og heima segir Aðalsteinn léttur að mesti munurinn felist í loftslaginu. „En við leggjum rosalega mikið upp úr því að ráða til okkar toppfólk og það er töluvert auðveldara í borg eins og Los Angeles, sem er mikil miðja tölvuleikja- og skemmtanaiðnaðarins, að sannfæra fólk um að flytjast hingað heldur en á eyju í norðanverðu Atlantshafi.“

**HJÓLREIÐAFERÐAMENNSKA Á SUÐURLANDI**
**Stofnfundur klasa um hjólreiðaferðamennsku á Suðurlandi verður haldinn á morgun í Fjölheimum á Selfossi klukkan 13. Ætlunin er að ná saman þeim aðilum sem áhuga hafa á að koma að uppbyggingu á þessu sviði.**




White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara
Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS





# Lionssalurinn Lundur

Í janúar 2014 **lækkuðum** við alla matseðla um **kr. 300-500***
*nema fermingarmatseðla sem lækkuðu umtalsvert vorið 2013 fyrir veislu 2014 og verða óbreyttir 2015

**Stöndum saman**
**Lækkum verð**

Cocktail.is
Veisluþjónusta

**Brúðkaupsveislur.is • Fermingarveislur.is**

**Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994**





Árni Björnsson þjóðháttafræðingur ritar hnitmiðað yfirlit um menningar- og atvinnusögu tímabilsins í meginhluta fyrsta bindisins, eins konar ramma utan um verkið og skipar því í samhengi við sinn tíma.

Margverðlaunað, þriggja binda, verk um mannlíf á millistríðsárunum 1919 – 1939. Lifandi lýsing á landi og þjóð, í máli og nær 2000 myndum, á einhverju mesta umbrotaskeiði Íslandssögunnar.

**Síðustu 160 settin boðin á 9.900.-**
**í stað 29.900.- á bókamarkaðinum í Laugardal.**

*Verkinu fylgja 40 sérprentaðar myndir úr bókunum og nokkrar tveggja alda gamlar, litaðar þjóðlífsmyndir.*

Örn og Örlygur - Sími: 898 6658
Netfang: ornogorlygur@gmail.com




**GÓÐAR MÓTTÖKUR**
„Lykilatriðið er að gestinum finnist hann vera velkominn," segir Margrét Reynisdóttir hjá Gerum betur.
MYND/STEFÁN

# ÓLÍKIR SIÐIR Í HVERJU LANDI

**MISMUNANDI SIÐIR** *Aukinn skilningur og betri þjónusta ferðaþjónustuaðila auka heildarupplifun erlendra ferðamanna sem hingað koma.*

Mikil fjölgun erlendra ferðamanna skapar nýjar og spennandi áskoranir fyrir þá sem starfa í ferðaþjónustu. Íbúar ólíkra landa og heimsálfa hafa sína siði, ólíkar matarhefðir og samskiptavenjur. Ferðamenn frá Bandaríkjunum og Mið- og Norður-Evrópu eru enn fjölmennastir en sífellt fjölgar ferðamönnum frá fjarlægari löndum eins og Kína, Japan, Mið-Austurlöndum og Rússlandi. En hvernig komum við fram við fólk af mismunandi þjóðerni?

Margrét Reynisdóttir hjá Gerum betur gaf nýlega út bókina Þjóðerni og þjónusta – Góð ráð í samskiptum við erlenda gesti. Upphaflega var bókin skrifuð fyrir þá sem starfa í ferðaþjónustu en innihald hennar á þó víða við. „Lykilatriðið er að gestinum finnist hann vera velkominn. Japanar koma til dæmis fram við gesti sína nánast eins og guði. Því er eðlilegt að sýna þeim mikla þjónustulund. Það er ríkt í Bandaríkjamönnum að mæta brosandi á staðinn og spyrja fólk hvernig það hefur það án þess endilega að búast við ítarlegu svari. Þeim finnst líka mjög eðlilegt að það sé stöðugt verið að selja þeim eitthvað, sem reynist mörgum Íslendingum erfitt. Rússum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og þeir eru allt öðruvísi týpur en Bandaríkjamenn, brosa minna og tala litla ensku. Raunar tala margar þjóðir litla ensku og þá þarf að bregðast við því þegar bæklingar og leiðbeiningar eru hönnuð."

Margrét nefnir einnig Kínverja en þeir tali fæstir ensku. „Þótt fjöldatölur frá Kína séu ekki háar, fjölgar þeim jafnt og þétt. Þeir versla einnig mjög mikið sem kallar á aðra nálgun við þann hóp, til dæmis með því að sýna vöruna meira." Ólík trúarbrögð kalla einnig á ólíka nálgun að sögn Margrétar. „Hér skiptir öllu máli að bera virðingu fyrir gestunum og trúarbrögðum þeirra."

Fjölbreytnin er því mikil en að sama skapi eru tækifærin mörg. „Þessi mikla fjölgun ferðamanna frá ólíkum heimshornum er frábær og það hjálpar mikið að hafa kynnt sér bakgrunn ferðamanna áður en þeir koma til landsins. Við búum yfir stórkostlegri náttúru en aukinn skilningur og betri þjónusta auka alla heildarupplifun gesta okkar. Þannig verða þeir ánægðari og ferðaþjónustan styrkist enn frekar."




# Hafðu hjartað heima

## Átta vikna námskeið í gjörhygli
(Mindfulness based cognitive therapy/stress reduction)

Námskeið í gjörhygli tengir saman hugræna atferlismeðferð og hugleiðsluæfingar. Gjörhygli er kerfisbundin þjálfun í að vera í núinu og vera meðvitaður um líkama, hugsanir og tilfinningar, augnablik eftir augnablik.

Námskeiðið hefst 2. apríl á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.
Kennt er á miðvikudögum kl. 16:45 – 19:00. Verð 49.000 kr.

Kennari er Bridget „Bee" Ýr McEvoy RPN en hún hefur kennt gjörhygli á Heilsustofnun NLFÍ frá 2006.

**Nánari upplýsingar og skráning í síma 483 0300 og á www.hnlfi.is**

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Berum ábyrgð á eigin heilsu





# FERMINGAR
Sérblaðið Fermingar kemur út Fimmtudaginn 13.mars

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**

Sverrir Birgir Sverrisson
Sími 512 5432
sverrirb@365.is

Kolbeinn Kolbeinsson
Sími 512 5447
kolli@365.is

# KREM TIL AÐ MÝKJA FÆTURNA

**HALLDÓR JÓNSSON EHF. KYNNIR** *Álag á fæturna getur haft í för með sér harða húð og þurra og sprungna hæla. Scholl-fótakremin geta lagað ýmiss konar húðvandamál. Þau mýkja húðina og gefa henni raka og fjarlægja harða húð sem getur valdið óþægindum.*

Daglegt álag á fæturna, svo sem það að ganga á háhæluðum skóm og ganga mikið, getur haft í för með sér sprungur á hælum, harða húð eða þurra fætur.



**SCHOLL-FÓTAVÖRUR** Magðalena S. Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Halldóri Jónssyni, segir Scholl-fótavörurnar sem fyrirtækið flytur inn vera lausn á margs konar húðvandamálum. MYND/VALLI

„Þurr eða hrjúf húð myndast vegna skorts á raka í efsta lagi yfirhúðarinnar. Því er mikilvægt fyrir húðina að fá raka til að viðhalda mýkt sinni og teygjanleika,“ segir Magðalena S. Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Halldóri Jónssyni, sem flytur inn Scholl-fótavörurnar. „Þegar eitthvað í umhverfi okkar truflar það að húðin fái nægan raka getur það valdið því að hún þornar. Þykk og hörð húð myndast við stöðugt álag, svo sem nudd eða núning, sem húðin verður fyrir í langan tíma. Sprungur á hælum myndast þegar þurr og hörð húð verður fyrir álagi því hún er ekki eins teygjanleg og mjúk og venjuleg húð.“

Scholl býður upp á ýmis fótakrem við þessum vandamálum. „Kremin eru ýmist til að mýkja húðina og gefa henni raka eða fjarlægja harða húð sem getur valdið sársauka og óþægindum.“




**SCHOLL-KREM SEM MÝKIR HART SKINN** Mýkjandi krem fyrir hart skinn, tilvalið til að fjarlægja stór svæði af þykkri harðri húð. Kremið inniheldur salisýru sem brýtur niður og fjarlægir dauðar húðfrumur og mjólkursýru sem gefur húðinni raka og mýkir hana.




**SCHOLL-KORNAKREM SEM FJARLÆGIR HRJÚFA HÚÐ** Kornakrem fjarlægir þurra og dauða húð og gefur húðinni raka. Kremið inniheldur náttúruleg vikurkorn og ávaxtasýrur sem fjarlæga hrjúfa og harða húð fljótt og vel. Kremið gerir fæturna mjúka og slétta og hjálpar til við endurnýjun húðarinnar.




**STIFTI Á SPRUNGNA HÆLA** Stifti fyrir sprungna hæla er einföld og áhrifarík lausn gegn sprungnum hælum. Mýkir og endurheimtir mjúka og slétta hæla frá fyrsta degi. Auðvelt er að bera á hælinn án þess að klístrast. Sýnilegur árangur á aðeins viku. Hægt að nota stiftið til að fyrirbyggja myndun á sprungnum hælum og til að viðhalda þeim mjúkum og sléttum.




**HÆLAKREM Á SPRUNGNA HÆLA** Hælakremið lagar og bætir hrjúfa og sprungna hæla þannig að munur er sjáanlegur á aðeins þremur dögum. Húðin á hælunum verður slétt og sveigjanleg á aðeins einni viku. Kremið inniheldur karbamíð sem hjálpar húðinni að endurnýja sig og hindrar myndun nýrra spruninna hæla á sem náttúrulegastan hátt.




**SCHOLL MOISTURISING KREM SEM VIÐHELDUR MÝKT OG RAKA Í HÚÐINNI** Rakagefandi krem sem smýgur djúpt inn í húðina og skilur fæturna eftir mjúka og vel nærða. Rakastig fótanna hækkar um áttatíu prósent og helst þannig í sólarhring.




# SPILABORGIN ER Í BALTIMORE

**Í SPORUM KEVIN SPACEY** *House of Cards, Spilaborg, er vinsæl þáttasería í sjónvarpi. Látið er að því liggja í þáttunum að tökur fari fram í Washington DC. Svo er ekki því Baltimore varð fyrir valinu hjá framleiðendum þáttanna.*

Það tekur innan við klukkustund að aka frá Baltimore til Washington. Ástæða þess að Baltimore varð fyrir valinu er að ódýrara er fyrir kvikmyndafyrirtæki að taka þar upp en í Washington DC. Sumar senurnar í þáttunum eru gerðar í yfirgefnum húsum í borginni. Þættirnir fjalla um amerísk stjórnmál, innsta kjarnann í Hvíta húsinu, klæki og pólitíska refskák auk persónulegra erfiðleika í einkalífi aðalleikendanna. Kevin Spacey fer með aðalhlutverkið í þáttunum en meðleikari hans, Robin Wright, hlaut Golden Globe-verðlaunin nýlega fyrir bestan leik.

Ferðamenn sem eru á leið til Baltimore geta farið um götur sem þekktar eru úr þáttunum, en þeir munu þó ekki finna veitingahúsið Freddys BBQ þar sem sá staður er ekki til. Hann var þó settur upp fyrir þættina í niðurníddu húsi á Greenmount Avenue 2605, en þar er hægt að skoða húsið að utanverðu.




**FREDDYS BBQ** Þessi niðurníddu hús voru meðal annars notuð fyrir veitingahúsið Freddys BBQ í þáttunum.

Heimili Francis Underwoods í þáttunum má sjá á 2605 Park Avenue númer 2605 og íbúð Zoe er á 6 East Preston Street. Nokkrir staðir eru vel þekktir í þáttunum og eru til í raunveruleikanum, til dæmis Red Maple, þar sem Zoe Barnes fær sér oft drykk eftir vinnu. Sögupersónurnar Francis og Zoe hittast oft leynilega í Listasafni Baltimore og senur sem eiga að gerast á blaðinu The Washington Herald eru teknar þar sem einu sinni var The Baltimore Sun. Óperuhúsið er í raun Lyric-óperuhúsið í Baltimore. Allt sem fram fer innanhúss í Hvíta húsinu er tekið upp í stúdíói. Aðra staði sem koma við sögu er alla að finna í Baltimore.

Netflix framleiðir House of Cards og voru allir þættirnir í hverri þáttaröð settir á netið í einu lagi svo áhorfendur gætu horft á þá að vild. Önnur sería Spilaborgar er nú sýnd á RÚV.



**HOUSE OF CARDS** Stórleikarinn Kevin Spacey fer með aðalhlutverk í þáttunum sem eru mjög vinsælir.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

# Ert þú á leið í læknisfræði?

Undirbúningsnámskeið fyrir stúdenta á leið í inntökupróf fyrir læknisfræði er afrakstur nýsköpunarverkefnis Jóhannesar Benediktssonar verkfræðings, sem hann vann við véla- og iðnaðarverkfræðiskor Háskóla Íslands vorið 2003.



Jóhannes Benediktsson er aðeins 33 ára, en hefur síðastliðin tólf ár staðið fyrir undirbúningsnámskeiði fyrir stúdenta sem hyggjast þreyta inntökupróf í læknisfræði. MYND/DANÍEL

Þeir sem eru á leið í læknisfræði eru oftast að elta æskudraum sinn. Læknisfræði er því sjaldnast tilfallandi val eftir framhaldsskólaárin," segir verkfræðingurinn Jóhannes Benediktsson, sem undanfarin tólf ár hefur stýrt undirbúningsnámskeiði fyrir stúdenta sem hyggja á inntökupróf í læknisfræði.

„Árangur nemenda er afbragð og tölfræðin eiginlega óþægilega góð því alls komust 42 af 48 stúdentum okkar í gegnum inntökuprófið í fyrra."

## Einn af sex kemst áfram

Jóhannes sá sér leik á borði þegar hann nam verkfræði við véla- og iðnaðarverkfræðiskor árið 2003.

„Þá tók við inntökupróf af klásus í læknadeild og ég vissi að stúdentar sem stefndu að læknanámi þyrftu á undirbúningi að halda. Við nánari eftirgrennslan meðal eldri læknanema kváðust mjög margir þeirra hafa nýtt sér undirbúningsnámskeið hefði þeim staðið það til boða svo ég lét slag standa og er enn að tólf árum síðar," segir Jóhannes um námskeiðið sem hefst í janúar ár hvert og tekur sextíu klukkustundir.

„Undirbúningsnámskeið er ekki létta leiðin í gegnum inntökuprófið því ábyrgðin hvílir alltaf á herðum nemenda sem byggja nám sitt á dugnaði og elju. Við getum vísað þeim veginn á sextíu klukkustundum en leiðina þurfa þeir á endanum að ganga sjálfir," segir Jóhannes.

Inntökupróf í læknisfræði tekur tólf klukkustundir. Í fyrra þreyttu 303 einstaklingar prófið en öllu jafna er aðeins 48 hleypt í námið, eða einum af hverjum sex.

„Stúdentar eru misjafnlega vel undirbúnir eftir stúdentspróf. Undirbúningsnámskeiðið hefur að geyma sérsamið námsefni sem byggir meðal annars á nýjustu spurningum og áherslum úr inntökuprófunum sjálfum. Prófin eru ekki opinber en ekkert bannar söfnun áhersla eða spurninga á prófstað. Í því liggur styrkur námskeiðsins, á meðan framhaldsskólarnir eru bundnir aðalnámskrá framhaldsskólanna sem á það til að ríma illa við áherslur prófsins."

Að sögn Jóhannesar átta fæstir framhaldsskólanemar sig á umfangi inntökuprófsins eða hvar áherslur þess liggja.

„Við bendum því á aðalatriðin og hvað getur mætt afgangi í undirbúningnum. Námskeiðið er mikil skuldbinding og við reynum að miða þyngdarstig þess við þá sem lenda í sætum 48 til 120 því það eru nemendurnir sem við getum ýtt yfir þröskuldinn. Hjá þessum hópi munar oft bara einni til tveimur spurningum á sætum."

## Rjóminn af námsfólkinu

Spenna fyrir því að komast til náms í læknisfræði birtist strax á framhaldsskólaárunum og margir þriðja árs nemendur sækjast mjög eftir því að sækja undirbúningsnámskeið Jóhannesar þá þegar.

„Þá förum við yfir málin, sjáum hvar nemendur standa og hvað þarf að leggja ríkari áherslu á en ella. Það er hæpið að komast í gegnum inntökuprófið án hárra einkunna í stærðfræði, líffræði og efnafræði en í hvert þessara faga fara um tvær klukkustundir í prófinu," útskýrir Jóhannes og talar um rjómann af námsfólki í hverjum árgangi fyrir sig.

„Þeir sem þreyta inntökupróf fyrir læknisfræði eru engir venjulegir nemendur. Þetta eru nemendur sem hafa vanist því að fá háar einkunnir og margir hafa aldrei fallið á prófi. Svo leggja þeir kannski allt í sölurnar og falla. Það er mjög andlega erfitt og sýnir hversu mikil þolraun prófið er."

## Ekki tekið úr rassvasanum

Dagskrá undirbúningsnámskeiðsins er þung og þar læra nemendur af áfergju.

„Andrúmsloftið er spennuþrungið og stundum er hægt að skera það með hnífi. Fólk situr á glósum sínum eins og ormar á gulli og samkeppnin er áþreifanleg. Margir upplifa spennufall þegar þeir hitta fyrir stóran hluta keppinauta sinna, en það er betra að hitta þá fyrir þarna en í prófinu sjálfu. Það þyrmir nefnilega yfir marga að mæta á prófdegi í MH og sjá 400 manns á sokkaleistunum þreyta prófið," segir Jóhannes og bætir við að stærstur hluti nemenda sé heiðarlegt fólk með gott hjartalag.

„Inn á milli eru þó einstaklingar sem beita óþverrabrögðum til að taka aðra á taugum. Því er okkar að segja frá því og undirbúa nemendur á allan hátt. Inntökuprófið er ekkert grín og maður dregur það ekki upp úr rassvasanum. Því fyrr sem nemendur átta sig á umfangi prófsins og byrja að taka það alvarlega, því betra."

Tuttugu dögum fyrir inntökupróf eru daglega haldin undirbúningsnámskeið og fyrirlestrar.

„Þá verður hálfgert boot camp-fyrirkomulag á námskeiðinu en tveimur dögum fyrir próf sleppum við nemendum út og þeir láta skeika að sköpuðu. Af þeim sem komast inn, er rétt rúmlega þriðjungur að reyna í fyrsta sinn og annar þriðjungur í tilraun tvö."

## Meingallað kerfi

Jóhannes er brautryðjandi á sviði undirbúningsnámskeiða fyrir háskólanám en nú hafa bæst við tugir námskeiða fyrir ýmis svið háskólanáms.

„Mér er annt um að allt sé vel gert og við höfum byggt á góðu orðspori. Aðsóknin hefur vaxið ár frá ári og fjöldi nemenda er mikill. Að sama skapi bjóðum við góða vöru á góðu verði; nýtt, ferskt og vandað námsefni og valinn kennara í hverju rúmi."

Margvíslegt námsefni hefur verið sérsamið fyrir undirbúningsnámskeiðið, eins og Grænjaxlahandbók um almenna þekkingu og námsbækur um byrjendasiðfræði og lesskilning.

„Sjálfur yrði ég manna glaðastur ef námskeiðið yrði óþarft og hægt væri að hleypa fleirum í gegnum inntökuprófið. Fjöldatakmörkun læknanema er meingallað kerfi og ekki sæmandi ungu og vel gefnu námsfólki. Á Íslandi er sagt að allir geti sótt sér menntun við hæfi en svo er alls ekki þegar einn af hverjum sex kemst í námið og fimm sitja eftir. Því þarf að hækka nemendafjölda upp í áttatíu til hundrað og það skal þó tekið fram að sá sem lendir í 101. sæti er bráðskarpur námsmaður sem myndi valda náminu auðveldlega."

Í þessu samhengi nefnir Jóhannes að æ fleiri Íslendingar læri læknisfræði í Slóvakíu og greiði þar eina og hálfa milljón fyrir árið, en tvær og hálfa í Ungverjalandi.

„Allt eru það skarpgreindir nemendur sem gáfust upp á markmiði sínu heima. Með þeim fara miklir fjármunir úr landi og við sjáum á eftir afburða hæfu fólki sem við höfum menntað allan þennan tíma en ílengist svo í útlöndum. Það er stjórnvalda að breyta þessu því læknadeildin getur ekki rönd við reist vegna fjárskorts. Fé þarf að koma úr ríkissjóði og á meðan ekkert er að gert halda stjórnvöld lífi í meingölluðu kerfi."



NÁM Í DANMÖRKU

Á VIA UNIVERSITY COLLEGE,
BJÓÐUM VIÐ UPP Á FJÖLDA NÁMSKEIÐA

Í BOÐI ER:

| Á ENSKU OG DÖNSKU | Á ENSKU | Á DÖNSKU |
|---|---|---|
| - Byggingaiðnfræði | - Alþjóðleg viðskiptafræði | - Aðgangsnámskeið |
| - Byggingafræði | - Framleiðslutæknifræði | - Kort og landmælinga tækni |
| - Byggingatæknifræði | - Tölvutæknifræði | - Véltæknifræði |
| - Efnistæknifræði | - Útflutningstæknifræði i | - Véltækni |
| - Markaðshagfræði | | - Vöruþróun og tæknileg sameining |
| - Véltæknifræði | | |

KYNNINGARDAGUR Í NORRÆNA HÚSINU Í REYKJAVÍK:
Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi laugardaginn 1.mars 2014, frá 12-16. Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715, eða netfang jee@viauc.dk. Leggið inn skilaboð/skrifa og við munum hringja til baka.

VIAUC.DK/HORSENS

VIA UNIVERSITY COLLEGE
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens

Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: horsens@viauc.dk

VIA UNIVERSITY COLLEGE


# Fengu milljóna styrk

**Gró Einarsdóttir fékk ásamt fimm fræðimönnum við sálfræðideild Háskólans í Gautaborg rúmlega hundrað milljóna króna styrk til að gera rannsókn sem miðar að því að skoða skilyrði fyrir sjálfbæran hagvöxt í framtíðinni.**

Gró Einarsdóttir, rannsakandi við sálfræðideild Háskólans í Gautaborg, átti nýlega þátt í því að landa rúmlega 100 milljóna króna styrk fyrir nýtt rannsóknarverkefni við háskólann.

### Sjálfbær hagvöxtur

„Við erum fimm fræðimenn sem stöndum að þessu verkefni og sóttum um styrk fyrir rannsókn sem miðar að því að skoða skilyrði fyrir hagvöxt í framtíðinni sem tekur mið af bæði umhverfis-, félags- og efnahagslegum takmörkunum með það að markmiði að reyna að ná sjálfbærni. Þetta verður doktorsverkefnið mitt og áætlum við að verkefnið í heild taki um fimm ár en minn hluti tekur líklega þrjú ár," segir Gró.

### Einblínt á skammtímalausnir

Með verkefninu vonast Gró til að hægt sé að varpa ljósi á hvort upplifun á skorti hafi ákveðið hegðunarmynstur í för með sér. „Við munum skoða hvernig fólk lítur á bjargir sínar, það er efnahags-, félags- og tilfinningalegar auðlindir. Það er ýmislegt sem bendir til þess að það hvernig fólk upplifir bjargir sínar og hvort að það sé skortur á þessum björgum hafi áhrif á



Gró Einarsdóttir, rannsakandi við sálfræðideild Háskólans í Gautaborg.

ákvarðanatöku og hegðun. Upplifuð vöntun getur haft það í för með sér að einblínt er á skammtímalausnir á kostnað langtímalausna."

### Nýtist fræðasamfélaginu

Niðurstöðurnar á svo að vera hægt að nota í framtíðinni við stefnumótun og ákvarðanatöku, bæði í fyrirtækjum og í stjórnmálum. Markmiðið er að þetta nýtist bæði fræðasamfélaginu og almenningi.

### Ekkert gert án styrkja

Styrkurinn hljóðar upp á um sjö milljónir sænskra króna eða ríflega hundrað og tuttugu milljónir íslenskra króna. „Þetta er grunnurinn að því að ég geti einbeitt mér að mínu doktorsnámi, að verkefninu og rannsóknunum. Án styrkveitinga er ekki hægt að gera neitt. Þetta þykir ansi stór styrkur innan félagssálfræðinnar og hefur sviðið fengið aukna athygli í kjölfarið. Fólk hefur stöðvað okkur á göngunum til að óska okkur til hamingju og þykir þetta spennandi," segir Gró.

### Mikil vinna að fá styrk

Gró segir mikla vinnu liggja að baki því að fá styrk og til að landa svona styrk þurfi bæði að hafa þekkingu á sviðinu og á sama tíma að þora að fara ótroðnar slóðir. „Ég stefni að því að halda rannsóknum áfram eftir þetta verkefni en ég, eins og aðrir rannsakendur, er háð fjárveitingum. Það þarf að berjast fyrir þeim en ég kvíði því ekki. Ég verð bara að hafa trú á sjálfri mér.Maður kemst ekkert áfram án þess að reyna."

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Ívar Örn Hansen, ivarorn@365.is, s. 512-5429 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Velkomin
í Háskólann
á Bifröst

– hvar sem þú ert!

Háskóladagurinn verður haldinn laugardaginn 1. mars kl. 12-16 í húsnæði Háskólans í Reykjavík. Komdu og kynntu þér grunnnám, meistaranám og nám í Háskólagátt við Háskólann á Bifröst.

Sjáumst á háskóladeginum!

HÁSKÓLA DAGURINN

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# Akureyri er lifandi háskólabær

Háskólinn á Akureyri hefur verið í stöðugri uppbyggingu frá því hann var stofnaður 1987. HA býður upp á námsgreinar sem ekki eru kenndar í öðrum háskólum á Íslandi og er leiðandi í fjarnámi. HA kynnir nám sitt á Háskóladeginum 1. mars á Háskólatorgi HÍ.

Háskólinn á Akureyri er stór og vaxandi hluti af samfélaginu og er Akureyri líklega eini eiginlegi háskólabærinn á Íslandi. Kristín Ágústsdóttir er nýlega tekin við sem forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs Háskólans á Akureyri og þekkir því af eigin raun að flytja frá Reykjavík til höfuðstaðar norðursins.

„Ég er búin að búa á Akureyri í nær hálft ár núna og er alltaf að komast betur og betur að því hversu gott er að búa hérna. Hér er öll sú þjónusta, íþróttalíf, menning, matsölustaðir og kaffihús sem ég vil hafa aðgang að og meira til. Svo finnst mér algjör lúxus að hafa Hlíðarfjall í seilingarfjarlægð. Skíðin eru bara úti í bíl svo það er auðvelt að hendast upp í fjall," segir hún.

Kristín telur auðvelt að komast inn í samfélagið á Akureyri, sérstaklega þegar maður tilheyrir svo stórum hluta af því sem Háskólinn á Akureyri er. „Að flytja til Akureyrar og stunda nám í litríku samfélagi nemenda og fræðimanna við góðan háskóla er góður kostur," segir hún og mælir með því við alla að prófa nýja hluti og búa í nýju umhverfi.

## Nám sem ekki er kennt í öðrum háskólum á Íslandi

Háskólinn á Akureyri hefur nokkra sérstöðu þar sem hann býður upp á sex námsgreinar sem ekki eru



Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs HA.
MYND/AUÐUNN NÍELSSON

kenndar í öðrum háskólum landsins. Kristín nefnir þar sjávarútvegsfræði, fjölmiðlafræði, líftækni, iðjuþjálfunarfræði, nútímafræði og félagsvísindi. „Þá leggur HA áherslu á kennslu í smærri hópum sem skilar sér í persónulegum og gagnvirkum kennsluaðferðum þar sem nemendur hafa afar gott aðgengi að kennurum."

## Leiðandi í fjarnámi

Nær allt nám sem kennt er við Háskólann á Akureyri er hægt að stunda bæði í staðarnámi og fjarnámi. „HA hefur kappkostað að bjóða upp á nær allt sitt nám í fjarnámi. Nám óháð stund og stað fer enda vaxandi og hefur HA tekið þau mikilvægu skref að vera leiðandi í þeirri námsleið á Íslandi," segir Kristín. Þetta hefur mælst vel fyrir á meðal nemenda



Nemendur í fjölmiðlafræði vinna að gerð útvarpsefnis.

þar sem um helmingur þeirra sem stunda nám við HA eru í fjarnámi.

## HA kynnir nám sitt á Háskóladeginum

Kristín hvetur alla til að koma á Háskóladaginn laugardaginn 1. mars og kynna sér það nám sem Háskólinn á Akureyri og aðrir háskólar landsins hafa upp á að bjóða frá fyrstu hendi. HA verður á Háskólatorgi í Háskóla Íslands frá klukkan 12 til 16.



Verklegar æfingar hjá nemendum í líftækni.


Á Akureyri springur þú út

Skóli er ekki aðeins hús, ekki aðeins upplýsingar og fræðsla. Skóli er samfélag.

Háskólinn á Akureyri er litríkt samfélag fræðimanna og nemenda sem hefur sett mikinn svip á höfuðstað Norðurlands. Stærð samfélagsins gerir það að verkum að vægi hvers og eins er meira en þekkist í stærri skólum. Við hlökkum til að taka á móti þér og sjá þig vaxa og springa út í Háskólanum á Akureyri.









Háskólinn á Akureyri

unak.is



## UPPRIFJUN MIKILVÆGASTA HJÁLPARTÆKIÐ

**Veki það sem við heyrum og sjáum áhuga eru meiri líkur á að það festist í minninu.** Námsmenn þurfa iðulega að leggja á minnið hluti sem vekja ekki endilega sérstakan áhuga. Því er nauðsynlegt að kunna aðferðir til að festa í minninu atriði sem þarf að muna.

**Upprifjun er þar mikilvægasta hjálpartækið.** Það þarf að rifja upp námsefnið reglulega. Gott ráð er að gera það strax daginn eftir að það hefur verið tekið inn og síðan með reglulegu millibili. Þá er ágætt að líta yfir námsefni síðustu kennslustundar áður en heimavinna í greininni hefst.

**Hér eru nokkrar aðferðir sem hjálpa til við að festa atriði í minninu. Sumar þeirra má líka nota við upprifjun.**

- Tengdu það sem þú lærir við eitthvað sem þú þekkir eða hefur lært.
- Gefðu þér tíma til að íhuga nýjan lærdóm.
- Ræddu við aðra um það sem þú hefur lært.
- Fáðu einhvern til að hlýða þér yfir.
- Undirstrikaðu mikilvæg atriði í námsbók.
- Skrifaðu niður glósur úr námsefninu eða kennslustundum.
- Notaðu verkefnablöð.
- Notaðu spurningar og svör.
- Skrifaðu útdrætti úr bókaköflum.
- Teiknaðu skýringarmyndir.
- Gerðu minniskort.
- Nánar á vefir.nams.is/namstaekni



## DAGBÓKIN MIKILVÆG

**Dagbókin er** eitt mikilvægasta hjálpartæki námsmannsins. Með henni er hægt að halda utan um öll verkefni sem liggja fyrir og því fleiri minnisatriði sem skráð eru í dagbókina, því betri yfirsýn fæst.

- **Skráðu** öll verkefni sem sett eru fyrir í dagbókina þína og hafðu hana ávallt með í skólann. Merktu við hvert verkefni þegar þú hefur lokið því og jafnvel hversu langan tíma það tók.

- **Skoðaðu** dagbókina reglulega eina til tvær vikur fram í tímann til að geta byrjað á stórum verkefnum með fyrirvara.

- **Það** fylgir því vellíðan að ljúka verkefnum á réttum tíma. Það getur aftur á móti valdið kvíða og streitu að hafa heimavinnuna hangandi yfir sér.

**sjá vefir.nams.is**

## HÁSKÓLADAGURINN HALDINN Á LAUGARDAGINN

**Laugardaginn** 1. mars verður Háskóladagurinn haldinn í Háskóla Íslands (HÍ) og Háskólanum í Reykjavík (HR). Í HÍ geta gestir kynnt sér fjölbreytt námsframboð skólans en hann býður yfir 400 námsleiðir í bæði grunn- og framhaldsnámi. Um leið fer fram kynning á margþættri starfsemi og þjónustu skólans og gestum verður boðið að skoða rannsóknastofur, tæki, búnað og húsakynni. Náms- og starfsráðgjafar gefa góð ráð og litríkt félagslíf, sem stúdentum stendur til boða, verður kynnt sérstaklega. Auk þess verður boðið upp á fjölmarga skemmtilega viðburði, til dæmis japanskan pop-culture dans, kynningu á kappakstursbíl stúdenta, sýningar með Sprengjugenginu og Vísindasmiðjan verður opin.

**Í HR** verður einnig fjölbreytt dagskrá, en auk skólans munu Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst kynna námsframboð sitt, rannsóknir og félagslíf. Fjölbreytt dagskrá verður einnig í boði í HR allan daginn. Verðlaun verða afhent í Hugmyndasamkeppni HR og Vísinda-Villi spjallar við börnin. Boðið verður upp á Lego-námskeið fyrir 6-12 ára börn og forritunarnámskeið fyrir börn og unglinga. Dagskrá beggja skóla stendur yfir frá klukkan 12-16 og nánari upplýsingar má finna á heimasíðum þeirra.



Fjöldi fólks mætir á Háskóladaginn ár hvert.




## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílamarkaðurinn
Stofnað 1974



TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2009, ekinn 91 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.topp eintak skoðar skipti Verð 6.790.000. Rnr.223032. Bílamarkaðurinn 5671800



SSANGYONG Kyron. Árgerð 2009, ekinn 59 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. áh. 1,980,000. skoðar skipti Verð 2.890.000. Rnr.230790. Bílamarkaðurinn 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílalíf



M.BENZ Sprinter 316 cdi 9 manna. Árgerð 2007, ekinn 349 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Tilboðsverð 2.500.000. Rnr.104126.



VW Multivan Comfortline. Árgerð 2007, ekinn 53 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.580.000. Rnr.104182.



VW Caravelle 4x4 9 manna. Árgerð 2013, ekinn 23 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 8.490.000. Rnr.104283.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

bilfang.is
S. 567 2000



**FLOTTUR !**

Range Rover Sport Supercharged sjálfskiptur , hlaðinn búnaði 20" felgur , Leður, Lúga ofl verð Núna aðeins 4450 !!! Skipti möguleg



**GLÆSILEGUR !**

M-Benz S 350 New (S056) 03/2006 ek 93 þ.km Einn af glæsilegri bílum Reykjavíkur Hlaðinn búnaði Verð 6990 !!! Skipti möguleg

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Corolla s/d terra. Árgerð 2007, ekinn 77 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.160940.



KIA Sorento ex luxury 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 47 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.160463. TILBOÐ kr: 5.990.000,-



MERCEDES BENZ G gl 320 cdi 4matic. Árgerð 2006, ekinn 91 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.690.000. Rnr.990754.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



VW Touareg v6. Árgerð 2007, ekinn 115 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 4.590.Ásett verð 5.390 Gullmili ný yfirfarinn af Heklu Rnr.219378.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



Nýtt Hymer Exciting Family 560, L: 8m, B: 2.5, Stórglæsilegt koju hýsi frá Hymer, Mjög vel útbúið hús í hæsta gæðaflokki, Komdu til okkar og kynntu þér málið, Verð 5.490þkr, Væntanlegt í sumar,



**NÝ A-LINER SOFA BED**

ÚTSALA, A-liner Classic Sofa Bed, Ísskápur, Truma, álfelgur, hár og flottur vagn, ATH aðeins 4 stk í boði, Verð 2.690.000kr og 2 stk M/Geymslukassa 2.890.000kr, Er í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

HEIMS BÍLAR



LAND ROVER Range rover hse. Árgerð 1996, ekinn 207 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.333480. TILBOÐSVERÐ 690Þ, bíllinn er á staðnum, mikið yfirfarinn. uppl. s 567-4000



SKODA Octavia ambiente combi 4x4. Árgerð 2012, ekinn 39 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.090.000. Rnr.335111. bíllinn er á staðnum uppl. í s. 567-4000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

## Bílar til sölu




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningarbílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000



Suzuki Swift ,07 til sölu. Ek. 109 þ.km. Verð 990.000 kr. Nýskoðaður. Engin skipti, Uppsl. s. 8970770.



**TIL SÖLU**

Citroen C-Zero rafmagnsbíll árgerð 6/2011. Ekinn 29.600 km. Verð 2.600.000.- (kostaði nýr 3.890.000). Drægni á hleðslu allt að 130 km. Uppl í síma 660 0230 Magnús



Skoda Oktavia ssk. Dísel 06 ek. 105þ. Reyklaus. crus k. Ný reim ál og stál f. á dekkjum. Nýjar bremsur. Lán f. Smurb. v. 1890þ. S. 899 9096.

## 250-499 þús.



**HAGSTÆÐUR BÍLL - 490 ÞÚS!**

FIAT PANDA 1,3 árg 2004 ek.82 þús, skipt um tímareim í 68 þús, beinskiptur, eyðir undir 5ltr/100 2 eigendur,gulur, valinn bíll ársins 2004, ásett verð 750 þús TILBOÐ 490 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni s.841 8955



**SPARIBAUKUR 490 ÞÚS - VISALÁN**

OPEL CORSA 1,2 COMFORTLINE árgerð 2004 ek170 þús, 5 dyra beinskiptur ný skoðaður 2015 eyðir um 5ltr/100 ásett verð 760 þús TILBOÐ 490 ÞÚS möguleiki á 100% visaraðgreiðslum í allt að 36 mánuði s.841 8955



**SPARAÐU Í BENSÍN !**

Toyota Yaris 1.0 árg ,00 ek 225þús. bsk. 3dyra. ný skoðaður. ný heilsársdekk. ný yfirfarinn á verkstæði. ný kúpling og nýtt í bremsum o.fl. Tilboðsverð 350þús stgr. 100% vísalán í boði. uppl í s:659-9696



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 890 ÞÚS**

VW Golf 1.6 árg ,05 ekinn aðeins 113þús km. bs, 5d. virkilega eyðslugrannur ! smurbók frá upphafi. ný tímareim. flottur bíll. ásett verð 1.250þús. Tilboðsverð 890þús stgr. 100% vísa lán í boði. uppl í s:659-9696 eða 6599696@gmail.com

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar



Til sölu Izusu NQR70 sendibíll m Kassa og lyftu.Árg06 Ek. 111.000. Nýskoðaður. Verð 2.5m/vsk. Uppl. s. 8937831.

568 5000
NS
NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Kajakar




## Hjólbarðar




HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468
GENERAL TIRE

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**EIGUM VARAHLUTI Í ÞESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**

Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremmsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**

Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
25% vetrarafsláttur gildir til 31. mars. Frítt verðtilboð. S. 778 0100.

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald

**BORTÆKNI**
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
NIÐURRIF
S: 892 7544

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

**LEKUR ÞAKIÐ ?**
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

**SPÁSÍMI 908 7000**
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið til 22. S. 618 6857

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**HUMAR - 2.600 KR.KG.**
Fiskikóngurinn Sogavegi 3 & Höfðabakka 1. Sími 587 7755 - www.fiskikongurinn.is




**FALLEG KVÖLD- OG MORGUNLJÓS**
Mikið úrval af fallegum saltkristalslömpum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 14-18. Sími 517-8060. www.ditto.is

**FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR !**
**Húsgögn og fleira til sölu**
Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar,fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.
Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.
MJÖG GOTT VERÐ
Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is




Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www. myranaut.is s. 868 7204.



**8 FETA BILLIARDBORÐ**
Glænýtt billiardborð 8 fet. 24 mm marmaraplata. Svart. Dúkur fylgir með. Kostar nýtt; 850. fæst á hálfvirði. Ármann Sími: 777 2002

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**Skúfhólkar óskast**
Kaupum gamla skúfhólka.
Fríða frænka
gsm. 8642223

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

## Nudd

**VALENTÍNUSARTILBOÐ Á TANTRA NUDDI**
20% afsláttur til 1. mars. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.


VIFTUR
Allur pakkinn! Viftur, rör, tengi, hlífar
15 daga skilaréttur
Full endurgreiðsla
Engin inneignarnóta
Yfir 300 tegundir á lager


Ertu með næga loftun? Er rakasöfnun?
íshúsið
Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata

Blásarar
Yfirþrýstingsblásarar fyrir iðnaðarmenn. Tilboð án barka frá 29.990 kr



Röraviftur
Röraviftur með börkum, hlífum og grindum. Verð frá 11.990 kr.



Hesthúsablásarar
Útsogsblásarar og þakblásarar. Verð frá 29.900 kr
Margar útfærslur.



viftur.is

# Hlutur nets og fartækja stækkar

Leikir á netinu og í fartæki kynda undir gífurlegan vöxt í leikjaiðnaði. Tekjuspár nálgast stjarnfræðilegar stærðir.

**UPPLÝSINGATÆKNI**
**Óli Kristján Ármannsson** | olikr@frettabladid.is

Veltutölur í tölvuleikjaiðnaði eru gífurlegar og virðist vöxtur í geiranum engan enda ætla að taka ef marka má spár.

Greiningarfyrirtækið Gartner gerði undir lok síðasta árs ráð fyrir að stærð tölvuleikjamarkaðarins, þar sem horft er til tölvuleikja af öllu tagi og á hvers kyns tækjum, næmi árið 2013 tæplega 93,3 milljörðum Bandaríkjadala. Upphæðin samsvarar rúmum 10.576 milljörðum íslenskra króna. Fyrirtækið gerir í áætlun sinni ráð fyrir vexti upp á tæp 18,3 prósent á milli 2012 og 2013.

Tölvuleikir á fartækjum (snjallsímum, spjaldtölvum og viðlíka tækjum) eru svo sagðir sá geiri þar sem vöxtur er hvað hraðastur í leikjaiðnaði.

Fyrirtækið spáir svo áframhaldandi vexti þannig að markaðurinn fari í 101,6 milljarða dala á þessu ári (vaxi um 8,9 prósent í 11.521 milljarð króna) og vaxi svo um önnur 9,3 prósent milli 2014 og 2015.

„Tölvuleikir á netinu og í PC-tölvum verða vinsælir áfram en þeim geira eru þó skorður settar í stærð. Gartner býst við að hefðbundnum PC-tölvum verði ekki skipt út fyrir nýjar þegar kemur að endurnýjun hjá heimilum, heldur verði spjaldtölvur fremur fyrir valinu,“ segir í tilkynningu Gartner. Þetta leiði til þess að leikjatölvur og leikir fyrir fartæki nái afgerandi forystu á „hefðbundna“ tölvuleiki fyrir einkatölvur.

Samkvæmt gögnum Superdata Research, sem gefur út margvíslega tölfræði fyrir leikjaiðnaðinn, námu tekjur af stafrænum leikjum á Vesturlöndum 21,8 milljörðum dala á síðasta ári og jukust um 12 prósent á milli ára. Í krónum eru tekjurnar tæpir 2.472 milljarðar króna. Tölvuleikjasala í Bandaríkjunum einum hafi numið 18 milljónum dala (2.041 milljarði króna), en þar af hafi 65,6 prósent farið fram á netinu með stafrænni afhendingu.

Leikirnir sem mest voru sóttir í fartæki Apple á netinu í fyrra hafi svo verið Candy Crush Saga þegar horft er til ókeypis leikja og Minecraft þegar horft er til leikja sem greiða þarf fyrir. Superdata Research spáir líka hnignun sértækra leikjatölva og bendir á að í fyrra hafi 51 prósent leikið sér í einkatölvum, 30 prósent í leikjatölvum, 14 prósent í fartækjum og fimm prósent í smærri leikjatölvum (GameBoy og þess háttar).

Í nýrri spá alþjóðlega greiningarfyrirtækisins IDC er því spáð að tekjur af tölvuleikjum fyrir einkatölvur (PC og Mac) haldi áfram að vaxa í heiminum og fari yfir 24 milljarða dala (yfir 2.721 milljarð króna) árið 2017. Þar ráði miklu aukning í Asíu og á Kyrrahafssvæðinu. Spár fjárfestingarbankans Digi-Capital, þar sem horft er til tölvuleikjamarkaðar í heild, eru svo enn bjartsýnni. Þar er gert ráð fyrir að leikir á netinu og í fartæki nái yfirhöndinni með 60 prósenta hlutdeild árið 2017 og að tekjur af stafrænum leikjum fari um leið yfir 100 milljarða dala. Eftir nokkru er að slægjast í þessari þróun því í krónum talið er kakan þá orðin tæplega 11.340 milljarðar króna að stærð.



**SPJALDTÖLVA Í NOTKUN** Stúlka drepur tímann í iPad-spjaldtölvu sinni með tölvuleiknum Hay Day frá Supercell. Því er spáð að fartæki og netleikir saxi hratt á hlut einkatölva og leikjatölva á næstu misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SKJÁSKOT** Candy Crush er einhver vinsælasti netleikur heims um þessar mundir. Framleiðandinn, King Digital Entertainment, undirbýr hlutafjárútboð þar sem safna á allt að 500 milljónum dala (56,7 milljörðum króna). FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## TEKJUHÆSTU NETLEIKIR 2013

*Netritið GamesIndustry International fjallaði nýverið um tekjuhæstu netleiki síðasta árs. Þar kemur meðal annars fram að League of Legends frá Riot Games hafi verið sá næsttekjuhæsti samkvæmt gögnum SuperData, þrátt fyrir að hafa halað inn yfir 600 milljónir dala. Vinsælastur reyndist vera suður-kóreski leikurinn CrossFire með tæpan milljarð dala í tekjur.*

| Leikur | Tekjur |
|---|---|
| 1. CrossFire | 957 mUSD (108,5 ma.kr.) |
| 2. League of Legends | 624 mUSD (70,7 ma.kr.) |
| 3. Dungeon Fighter Online | 426 mUSD (48,3 ma.kr.) |
| 4. World of Tanks | 372 mUSD (42,2 ma.kr.) |
| 5. Maplestory | 326 mUSD (37,0 ma.kr.) |
| 6. Lineage | 257 mUSD (29,1 ma.kr.) |
| 7. World of Warcraft | 213 mUSD (24,1 ma.kr.) |
| 8. Star Wars: The Old Republic | 139 mUSD (15,8 ma.kr.) |
| 9. Team Fortress 2 | 139 mUSD (15,8 ma.kr.) |
| 10. CounterStrike Online | 121 mUSD (13,7 ma.kr.) |



ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON

# Það er ekkert til sem heitir sjálfstæður seðlabanki – stundum

Þorsteinn Víglundsson er gestur Klinksins á Vísir.is í þessari viku.

Þorsteinn er framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Samtökin hafa gagnrýnt ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fyrir að bíða ekki eftir skýrslu Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands um stöðu Evrópumála sem aðilar vinnumarkaðarins kölluðu eftir, áður en ákvörðun var tekin um að slíta viðræðum við ESB.

Klinkið ræddi við Þorstein um stöðu viðræðnanna og fyrirhuguð slit á þeim, peningamálastefnuna og horfurnar fram undan.

Þá ræddi Þorsteinn einnig ástandið í Seðlabanka Íslands og mikilvægi sjálfstæðis bankans, ásamt öðru.



„Ljóst að Evrópusambandsaðild og evruupptaka var peningamálastefna fyrri ríkisstjórnar, það er ekki peningamálastefna þessarar ríkisstjórnar, en það liggur ekki ljóst fyrir hver hún er, hvernig hún verði framkvæmd með krónu, hver kostnaður af sjálfstæðum gjaldmiðli muni verða fram á veginn og að það muni gera okkur kleift að stíga það skref sem er hvað mikilvægast fyrir okkur sem er að aflétta höftum.“

„Hægt að gera miklu betur með íslenska krónu heldur en okkur hefur auðnast að gera hér á undanförnum árum og áratugum. En það er að sama skapi líka ljóst að hún mun alltaf bera kostnað, áhættuálag á aðrar myntir. Svarið sem við þurfum að fá er hvort sá kostnaður er ásættanlegur á móti þeim fórnum sem þyrfti að færa til þess að ganga inn í Evrópusambandið til dæmis í málefnum sjávarútvegs.“

„Það er mjög óheppilegt að hér sé forsætisráðherra að atyrða seðlabanka og ég tala nú ekki um í beinu framhaldi að ákveða að það sé ekki framlengd ráðning á seðlabankastjóra. Menn hljóta að horfa á þetta tvennt í samhengi og velta því fyrir sér, er þetta atlaga gegn sjálfstæði seðlabankans eða ekki. Það þarf þá æði sterk rök ríkisstjórnarinnar að svo er ekki.“

„Það gleymist gjarnan í þessu tali um mikilvægi sjálfstæðrar myntar og sveigjanleika hennar – að sveigjanleiki hennar hefur yfirleitt verið nýttur til að takast á við heimatilbúinn vanda.“

„Sjálfstæður seðlabanki er mjög mikilvægur þáttur. Það felur það í sér að seðlabanki ekki aðeins má, heldur þarf að gagnrýna ríkisstjórn ef hann telur stjórnina vera á rangri leið, sem ekki samrýmist meginmarkmiðum seðlabankans um verðlagsstöðugleika.“

**„ÞAÐ ER ALVEG SAMA HVAÐA PENINGAMÁLSTEFNU VIÐ HÖFUM HÉR UPPI, EF VINNUMARKAÐUR OG RÍKISFJÁRMÁLIN VINNA EKKI MEÐ HENNI ÞÁ ER HÚN DAUÐADÆMD.“**

› klinkið



**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is

Viðtalið við Þorstein Víglundsson er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**

# Hefur gegnt tíu stöðum hjá Actavis

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis á Íslandi frá árinu 2010, hefur starfað hjá fyrirtækinu og forverum þess í 34 ár. Hún er veiðimaður og golfari og tók í nóvember þátt í að stofna Wagner-vina félag á Kúbu.

**SVIPMYND**

**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Síðasta vika var spennandi og það var mikil ánægja með uppgjörið. Markaðurinn er greinilega ánægður með vikuna því gengi bréfanna þýtur upp,“ segir Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis á Íslandi.

Actavis plc., móðurfélag Actavis á Íslandi, tilkynnti í síðustu viku um besta ársuppgjör í sögu félagsins, en tekjur þess árið 2013 jukust um 47 prósent á milli ára. Tveimur dögum áður var tilkynnt um kaup móðurfélagsins á bandaríska lyfjafyrirtækinu Forest Laboratories fyrir 25 milljarða dala, sem svarar til rúmlega 2.830 milljarða króna.

Edda tók við starfi forstjóra Actavis á Íslandi haustið 2010. Saga fyrirtækisins nær aftur til ársins 1956 þegar heildsölufyrirtækið Pharmaco var stofnað, en Guðbjörg hefur starfað hjá fyrirtækinu og forverum þess í 34 ár. Hún var fyrst ráðin í starf lyfjakynnis en var síðar gerð að markaðsstjóra Deltu, dótturfélags Pharmaco.

„Ég hef verið í stjórnunarstöðum síðan og er búin að gegna um tíu mismunandi stöðum innan fyrirtækisins. Þó ég hafi ekki beinlínis skipt um vinnu þá er svo sem ekkert sem ég er að gera í dag líkt því sem ég gerði fyrir þrjátíu árum síðan,“ segir Guðbjörg.

Þegar lyfjaverksmiðja Delta var opnuð í Hafnarfirði árið 1983 störfuðu þar um tuttugu manns. Í dag er Guðbjörg yfirmaður á vinnustað með 720 starfsmönnum.

„Við erum með árshátíð á laugardaginn í Íþróttahúsi Breiðabliks í Kópavogi. Það er hvergi pláss fyrir árshátíðina í hefðbundnum veislusölum því þetta er þúsund manna samkoma.“

Edda er gift Eyjólfi Haraldssyni lækni og þau eiga tvo syni, Eggert og Harald Svein.

„Við hjónin förum alltaf í nokkra veiðitúra á sumrin og stundum fara synir okkar tveir með. Einnig förum við oft í golf, enda búum við nánast á golfvelli,“ segir Edda þegar blaðamaður spyr um áhugamál.

Þau Edda og Eyjólfur hafa einnig mikinn áhuga á tónlist og þá sérstaklega óperum.

„Við höfum ferðast víða til að sækja slíka viðburði og fórum síðast í nóvember til Havana og tókum þátt í að stofna Wagner-vinafélag á Kúbu. Kúbumenn eiga myndarlegt þjóðleikhús og þar sáum við skemmtilega óperusýningu. Húsið er auðvitað ekkert á við Metropolitan í New York en þetta var mjög gaman,“ segir Guðbjörg og hlær.



**REYNSLUMIKIL** Edda er yfirmaður á vinnustað með 720 starfsmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vinnusöm og alltaf vel undirbúin



„Edda hefur verið í stjórn Auðar Capital frá 2007 og hún er frábær stjórnarmaður og alltaf vel undirbúin. Hún er ótrúlega fljót að greina á milli aðalatriða og aukaatriða í þeim málum sem koma upp og kemur með sína miklu reynslu að borðinu, því hún hefur gengið í gegnum miklar breytingar í sínu fyrirtæki. Okkur hefur fundist við gæfusöm að fá að njóta handleiðslu hennar. Edda er mjög mikið á ferðalagi og ég hef stundum sent henni tölvupóst seint um kvöld og fengið sjálfvirka tölvupóstsvarið sem segir að hún sé á ferðalagi í Japan eða annars staðar langt í burtu með „lítinn aðgang að tölvupósti“, síðan fæ ég smástund síðar svar við erindinu.“

**Tanya Zharov,** lögfræðingur Virðingar.



„Ég er búinn að vinna lengi með Eddu, en hún var minn næsti yfirmaður um töluverðan tíma. Það sem kannski einkennir Eddu er gríðarleg yfirsýn og hún býr að mikilli reynslu á sínu sviði og alveg ofboðslegu jafnaðargeði. Svo má segja að hún hafi alltaf verið mjög vinnusöm og hún hefur komið víða við. Edda átti gríðarlega stóran þátt í uppbyggingu Actavis á sínum tíma og er í þessum hópi sem var mjög framsýnn þegar verið var að byggja fyrirtækið upp. Ég hef líka notið þeirrar ánægju að veiða með Eddu og þar er hún í essinu sínu, hún nýtur sín vel í því umhverfi við árbakkann.“

**Valur Ragnarsson,** forstjóri Medis.

# ASUS SMÁTÖLVUR

Öflugar og hljóðlátar borðtölvur sem hægt er að festa aftan á tölvuskjái.
Kraftmiklar og hraðvirkar með nýjustu kynslóð Intel örgjörva
og háhraða þráðlausri tengingu með nýrri AC tækni.




RAUNSTÆRÐ: 19 sm

## VINNUSTÖÐVAR FRAMTÍÐARINNAR

VivoPC er spennandi nýjung frá Asus. Smátölvur sem hafa afköst og eiginleika stærri borðtölva. Fyrirtæki geta valið milli Intel Celeron, i3 eða i5 örgjörva eftir því hvað hentar vinnslu viðkomandi starfsmanns best. Intel HD skjástýring og hágæða hljómur með innbyggðum hátölurum og SonicMaster hljómtækni.

Glæsilega hönnuð og tekur lítið pláss á borði - aðeins 19 sm á breidd og lengd. VESA festing fylgir þannig að einnig hægt er að skrúfa smátölvuna aftan á tölvuskjá.

Traustur og hagkvæmur kostur fyrir þá sem vilja öflugar borðtölvur sem taka lítið pláss.




tl.is

TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is

# Ríkisstjórnarsáttmáli landsfundar

Afstaða formanns Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum, eða réttara sagt breytt afstaða hans, hefur átt umræðuna undanfarna daga. Það er ekki í fyrsta sinn sem formaðurinn breytir afstöðu sinni í þessum málaflokki, árið 2008 lýsti hann því yfir í aðsendri grein í Fréttablaðinu að hann, ásamt núverandi menntamálaráðherra, vildi leggja það í hendur þjóðarinnar að taka afstöðu til Evrópusambandsins og sagði að krónan myndi reynast okkur fjötur um fót í lengri tíma. Formaðurinn, Bjarni Benediktsson, hefur nú skipt um skoðun og telur hagsmunum Íslands betur borgið utan Evrópusambandsins og vill alls ekki bera málið undir þjóð sína.



Markaðshornið

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Það hlýtur að vera von á góðu fyrir atvinnurekendur, viðskiptalífið og frjálslynt fólk í íslensku samfélagi.

### Það má skipta um skoðun

Það ætti ekki að telja mönnum það til lasts að skipta um skoðun. Raunar mættu stjórnmálamenn oftar viðurkenna að þeir hafi talað með óábyrgum hætti á einhverjum tímapunkti en eftir að hafa kynnt sér mál betur hafi þeir komist að annarri niðurstöðu en upphaflega. Bjarni sagði í byrjun mánaðarins að frá því hann ritaði framangreinda grein hefði hann skoðað gjaldmiðlamál um alla Evrópu og færst yfir á þá skoðun að Íslendingar verði einfaldlega að sýna aga til að reka eigin mynt, sem þeir þyrftu að gera til að taka upp evruna hvort sem er.

Gott og vel. Bjarni Benediktsson er maður að meiri fyrir að viðurkenna að hafa kynnt sér málið betur og skipt um skoðun. Hins vegar er það ekki jafn aðdáunarvert hvernig Bjarni hefur ákveðið að standa að málum undanfarna daga. Í aðdraganda kosninga auglýsti Sjálfstæðisflokkurinn það sérstaklega, að hann hygðist beita sér fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarumsóknina – og raunar var Bjarni mjög skýr um nákvæmlega hvenær hún yrði haldin. Það var auglýst í kosningabæklingum og sjónvarpsþáttum og þá er skýrt kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslu í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Bjarni vísar hins vegar, máli sínu til stuðnings, í samþykkt landsfundar Sjálfstæðisflokksins þar sem skýrt er kveðið á um að hætta skuli viðræðum við ESB. Þannig hefði öllum átt að vera afstaða flokksins ljós og ekkert að koma á óvart. Það var og. Það eru væntanlega þjóðinni allri ný tíðindi að ályktanir landsfundar Sjálfstæðisflokksins gangi framar bæði kosningaloforðum frambjóðenda sem og ríkisstjórnarsáttmála. Raunar hafa landsfundarfulltrúar flokksins vælt eins og stungnir grísir í gegnum árin yfir því að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins gangi ítrekað gegn ályktunum landsfundar og hafi þær að engu.

### Landsfundur ofar öðru

En nú virðist ætla að verða breyting þar á. Þá er ekki úr vegi að rifja aðeins upp hvað landsfundur, æðsta vald íslenskra stjórnmála, samþykkti síðast. Þannig segir í ályktun landsfundar að íslenska krónan í höftum geti ekki verið framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar og kanna skuli alla möguleika í gjaldmiðla- og gengismálum, þar með talið upptöku alþjóðlegrar myntar. Flokkurinn vill lækka um tug mismunadi skatta, tolla og gjöld, og afnema annan. Sjálfstæðisflokkurinn vill einnig að heimilt verði að selja léttvín og bjór í matvöruverslunum. Sjálfstæðismenn vilja þar að auki heilbrigða samkeppni með landbúnaðarafurðir og telja mikilvægt að hlúa að lista- og menningarlífi þjóðarinnar og standa vörð um menningarstofnanir. Í stjórnmálaályktun flokksins segir að besta leiðin til þess að styrkja stöðu heimilanna sé að tryggja fólki möguleika til að stunda arðbæra atvinnu. Flokkurinn sagðist munu leggja rækt við atvinnulífið og vinna að bætta umhverfi í samráði og sátt við fyrirtækin í landinu. Tryggja þurfi að hér á landi sé rekstrarumhverfi sem er samkeppnishæft við það besta sem gerist.

### Bjart framundan hjá frjálslyndu fólki

Þó að frjálslynt fólk kunni að greina á um hvort Íslandi sé betur borgið innan eða utan Evrópusambandsins er ljóst að innan ályktana Sjálfstæðisflokksins má finna ýmis atriði sem það ætti að geta sameinast um. Það hlýtur þá að vera, þrátt fyrir þessa brösugu byrjun, von á góðu fyrir atvinnurekendur, viðskiptalífið og frjálslynt fólk í íslensku samfélagi úr því að landsfundarályktanir Sjálfstæðisflokksins eru skyndilega orðnar að sakramenti í stjórnmálastefnu ríkisstjórnarinnar.

# Sprotarnir teygja sig vestur

SKOÐUN



Óli Örn Eiríksson,
deildarstjóri atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg.

Flótti sprotafyrirtækja frá landinu hefur verið heitt umræðuefni undanfarið. Þessi umræða hefur kannski einkennst full mikið af neikvæðni og ástæða til þess að horfa á víðara samhengi.

Væri íslenska landsliðið í knattspyrnu betra ef leikmennirnir færu ekki til útlanda og æfðu og spiluðu með bestu liðum heims? Líklegast ekki. Af hverju ætti þetta að vera öðruvísi fyrir íslensk fyrirtæki? Er það ekki gott fyrir þau að starfa í öflugustu þekkingarkjörnum heims þar sem þau eiga daglega í samskiptum við klárasta fólk sem hægt er að finna á sínu sérfræðisviði?

Það á ekki að vera vandamál að aðili vilji keppa á hæsta stigi. Viðfangsefnið snýst um það á hvaða stigi það gerir það. Fer fyrirtækið út örsmátt og illa fjármagnað eða fer það út stálpað með skýra sýn á eigin styrkleika og tilbúið að sækja fram.

### Starfsstöðvar í Reykjavík

Undanfarin ár hefur fjöldi frumkvöðla reynt að byggja upp fyrirtæki fyrir innan íslensk gjaldeyrishöft. Þróunin hefur verið sú að íslenska sprotahagkerfið virðist nú stefna hraðbyri í að verða bandarískt, þar sem bandarísk þekkingarfyrirtæki, sem reka dótturfyrirtæki eða starfsstöðvar í Reykjavík, eru í dag orðin stór hluti af nýsköpunarhagkerfi höfuðborgarsvæðisins.

Íslensk þekkingarfyrirtæki sem hafa verið keypt eða fjármögnuð á undanförnum árum af bandarískum aðilum eru til dæmis Latibær, Teledyne Gavia (Hafmynd), Sabre Airlines Solutions, Decode, Nextcode Health, HS Orka (kanadískir eigendur), CRI (aftur Kanada) og Verne Global. Annað afbrigði sömu þróunar eru íslenskir frumkvöðlar sem eiga bandarísk sprotafyrirtæki sem hafa þróunarstöð á Íslandi. Þetta eru fyrirtæki eins og Plain Vanilla, Skema, Datamarket, Mobilitus og Globetracker.

### Skortur á englum

Í þessari þróun íslensks frumkvöðlasamfélags er framtíðarþroski þess falinn. Eitt af vandamálum ungra fyrirtækja í dag er skortur á „englum“ eða fjárfestum sem koma inn með bæði fjármagn og þekkingu. Þeir frumkvöðlar sem selja fyrirtæki sín breytast í fjárfesta með góða þekkingu á uppbyggingu sprotafyrirtækis.

> Þróunin hefur verið sú að íslenska sprotahagkerfið virðist nú stefna hraðbyri í að verða bandarískt.

Þótt sala sprotafyrirtækja til útlanda dýpki bæði þekkingu sprotahagkerfisins alls (í gegnum þekkingaryfirfærslu) og fjölgi (vonandi) innlendum fjárfestum þá þarf samhliða að verða til stærri fyrirtæki sem hafa sínar höfuðstöðvar á Íslandi. Það er mikill akkur fyrir borg að hýsa höfuðstöðvar alþjóðlegra fyrirtækja. Það dregur mikil umsvif til sín, fjölda starfa í utanumhaldi og starfamargfaldarinn er mikill.

### Borg tækifæranna

Reykjavík stefnir að því að vera borg tækifæranna. Staður þar sem dugmikið fólk getur látið drauma sína rætast. Til þess að draumar frumkvöðla rætist þurfa þeir þó á einhverjum tímapunkti að fara frá Íslandi og spila í efstu deild. Best væri að héðan fari fyrirtæki stálpuð, haldi ákveðinni starfsemi eftir hér og að í borginni verði fjöldi skapandi þekkingarfólks sem bæði haldi og dragi til sín þekkingarfyrirtæki.

Örbrugghús frá Danmörku og Bandaríkjunum kynna bjór á hátíð Kex Hostels:

# Heldur bjórhátíð í þriðja sinn

Fjögurra daga bjórhátíð Kex Hostels við Skúlagötu hefst í dag með kynningum sex örbrugghúsa frá Danmörku og Bandaríkjunum. Þar á meðal eru danski bjórframleiðandann Mikkeller og bandarísku brugghúsin Rouge Ales og Logsdon Farmhouse Ales.

„Á morgun verðum við svo með ráðstefnu um bjór sem byrjar um þrjúleytið þar sem menn frá bæði íslensku og erlendu brugghúsunum munu koma til með að ræða framleiðslu sína og þeirra sýn á bjórinn og svo verða fleiri skemmtilegir fyrirlesarar,“ segir Ólafur Ágústsson, veitingastjóri Kex Hostels.

Ólafur og nokkrir aðrir starfsmenn Kex Hostels heimsóttu í janúar örbrugghúsið Gigantic Brewing í Portland í Oregon-ríki í Bandaríkjunum en starfsmenn þess taka þátt í hátíðinni.

„Við leggjum mikið upp úr því að fá útlendinga til okkar, stóru brugghúsin, svo þau fái að kynnast Íslendingum og aðstoða okkur við að hafa bjórinn í hávegum, á þeim stalli sem hann á skilið að vera á,“ segir Ólafur.

- hg



**KEX HOSTEL** Sjö íslensk brugghús verða einnig með kynningar á hátíðinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 65385 08/2013



## ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

**Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:**

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska hverju sinni.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR




## SPANSUÐU BYLTINGIN: BESTA ÚTKOMA Í MATAGERÐ Á HELMINGI STYTTRI TÍMA

Nýji **Whirlpool 6th SENSE** spansuðu ofninn kynnir til sögunnar alveg nýja aðferð við matargerð sem vekja mun aðdáun matargesta þinna og gera lífið einfaldara. Umbreytir notkun hefðbundinna ofna með nýrri 6th SENSE spansuðu tækni sem skilar þér matarréttum sem eru fullkomlega brúnaðir að utan en jafnt matreiddir að innan á helmingi styttri tíma. Þetta er gert mögulegt með byltingarkenndum spansuðu bakka sem staðsettur er innan í ofnrýminu, sem inniheldur sérstaka spansuðu pönnu. Útkoman? Þú getur matreitt eins og meistarakokkur en sparað um leið allt að 50% orkunnar*. Byltingin er hafin, með ótrúlega einstökum ofni.



*Sé spansuðu tæknin notuð, samanborið við Whirlpool ofn án spansuðu tækninnar og með forhitun.

Whirlpool

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

MARKAÐURINN

Netfang
ritstjorn@markadurinn.is
Sími 512 5000 Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar
auglysingar@markadurinn.is
Veffang visir.is

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 113,39 | DKK 20,89 | NOK 18,83 | CHF 127,8 |
| GBP 189,27 | EUR 155,88 | SEK 17,46 | JPY 1,11 |

## Hin hliðin



**HULDA BJARNADÓTTIR,**
FRAMKVÆMDASTJÓRI FKA

# Nýtt vistkerfi

Á dögunum birtist ítarleg greining í Kjarnanum undir yfirskriftinni: Karlar stýra nær öllu fé á Íslandi. Af 88 æðstu stjórnendum í fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestingaröflum, eru sex konur. Þannig að konur eru tæp 7% af þeim sem stýra fjármagni hér á landi á móti 93% karla. Og hvað skýrir það og hvað er mögulega til ráða. Hvaða stefnur og sjónarmið þarf að hugleiða ef eðlilegra hlutfall kynja á að ná fram að ganga?

### Breytt fyrirtækjamenning

McKinsey hefur til að mynda komist að þeirri niðurstöðu að fyrirtækjamenning (e. corporate culture) er helsti þröskuldur þess að konur komist til áhrifa og er komið inn á það í úttekt Kjarnans. Þar er vitnað í rannsóknarskýrslu sem fyrirtækið gerði í fyrra og ber heitið „Women Matter 2013: Gender diversity in top management: Moving corporate Culture, moving boundaries“. Þar er sýnt fram á að fyrirtæki með fleiri konur í stjórnunarstöðum skili marktækt betri árangri en fyrirtæki með engar konur í slíkum.

### Þrjú hagnýt skref

Kjarninn dregur fram þau skref sem McKinsey setti fram á sínum tíma, skref sem eiga að skapa nýtt vistkerfi (e. ecosystem) innan atvinnulífsins. Talað er um í fyrsta lagi að framkvæmdastjórn fyrirtækja skuldbindi sig til að auka jafnræði kynja í stjórnunarstöðum og að það markmið skuli skilgreint sem forgangsatriði í stefnumörkun fyrirtækja. Í öðru lagi, að sett verði upp ferli sem hjálpi konum að þróast í leiðtoga innan fyrirtækja. Og í þriðja lagi að stefnumörkun fyrirtækja leiði það af sér að konur séu kerfisbundið alltaf hafðar með til jafns við karla í öllum ráðningar- og stöðuhækkunarferlum.

### Fjárstyrkur eða tengslanet

Svo gæti verið áhugavert fyrir áhugafólk um málefnið að kortleggja þessar upplýsingar Kjarnans enn frekar og sjá hvort ráðið hafi verið í þessar stöður eftir faglegum ráðningarleiðum – eða hvort tækifærið við að komast að borðinu hafi komið til vegna tengsla. Það er oft talað um að konur þurfi að fara fyrir fé ætli þær sér að komast til áhrifa. Því mætti einnig kortleggja hversu fjársterkir einstaklingar eru á bak við þau 93% karla sem sitja í áhrifastöðum í fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestingaröflum.

### Félagsleg- og menningarleg blindni

Í úttektinni umræddu er einnig vitnað í Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur, formann FKA, sem segir að það þurfi að taka bæði ráðningar- og framakerfi innan fyrirtækja til gagngerrar endurskoðunar. Það rímar við ofantalið.




HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

GRUNNNÁMSKYNNINGAR
Stofa V101
13:00 Frumgreinanám
13:30 Íþróttafræði
14:00 Viðskiptafræði
14:30 Sálfræði
15:00 Hvað á ég að velja - ætti ég að taka áhugasviðspróf?
Stofa M101
13:00 Tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði
13:30 Iðnfræði
14:00 Tæknifræði
14:30 Verkfræði
Stofa M103
14:30 Lögfræði

MEISTARANÁMSKYNNINGAR
Stofa U102
12:30 MBA-nám
13:00 Lögfræði
13:30 Tölvunarfræðideild
14:00 Íþróttafræði
14:30 Viðskiptafræði
15:00 Sálfræði
15:30 Verkfræði
16:00 MPM-nám

VELKOMIN
Á HÁSKÓLADAGINN Í HR
laugardaginn 1. mars kl. 12-16.

Á Háskóladeginum kynna allir háskólar landsins námsframboð sitt. Í HR geta gestir spjallað við nemendur og kennara um allt sem viðkemur grunnnámi, meistaranámi, doktorsnámi, frumgreinanámi og námi við Opna háskólann í HR. Auk þess kynna nemendur margvísleg verkefni og boðið er upp á skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna. Jafnframt kynnir Háskólinn á Bifröst námsframboð sitt í húsakynnum HR.

DAGSKRÁ:
13:00 Verðlaun afhent í Hugmyndasamkeppni HR, Vísinda-Villi spjallar við forvitna krakka og gerir með þeim tilraun og hljómsveitin Vök flytur tónlist.
14:00 Kór tónlistardeildar LHÍ syngur undir stjórn Sigurðar Árna Jónssonar, nemanda í tónsmíðum.
15:00 CALMUS AUTOMATA. Hugbúnaður sem semur og spilar tónlist í rauntíma með aðstoð gervigreindar.

LEGO-námskeið fyrir 6-12 ára börn:
Kl. 12:00, 13:30 og 15:00 í stofu V109. Skráning á staðnum.

Forritunarnámskeið með SKEMA:
Kl. 12:00 (7-10 ára) og 13:00 (11-16 ára) í stofu M107.
Skráning á staðnum.

NEMENDUR KYNNA VERKEFNI SÍN Í SÓLINNI:
• Skemmtileg eðlisfræði: Van der Graaff-kúla, eldorgel, röntgen og segulkraftur
• Þrívíddarlíkön og þrívíddarprentari
• Forritunarkeppni framhaldsskólanna í HR kynnt - gestir fá að spreyta sig á lausn verkefna
• Rannsóknir á tölvuleikjahönnun: Hvernig á að gera tölvuleiki einstaklingsmiðaða?
• Verkefni í sýndarheimum
• Loftbílar, róbotar og Tommy, sjálfvirkur dótabyssuturn, ásamt sjálfvirkum radarsjónbílum
• Mælingar á vöðvaspennu
• Lögfræðiþjónusta Lögréttu verður á staðnum

Taktu upplýsta ákvörðun!
KOMDU Á HÁSKÓLADAGINN 2014
1. MARS KL. 12-16
• Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands verða með námskynningu á Háskólatorgi í Háskóla Íslands.
• Háskóli Íslands kynnir námsframboð sitt í Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Öskju og Háskólabíói.
• Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst kynna námsframboð háskólanna í húsakynnum Háskólans í Reykjavík í Nauthólsvík.
• Listaháskóli Íslands verður með kynningu á námsbrautum sínum í Þverholti 11.

HÁSKÓLA DAGURINN
/Háskóladagurinn
#hdagurinn

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

INHOPE ins@fe SAFT

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska


FÁKUR

**Aðalfundur**
**Hestamannafélagsins Fáks**

Aðalfundur Hestamannafélagsins Fáks verður haldinn miðvikudaginn 5. mars nk. í félagsheimili Fáks. Fundurinn hefst kl. 20:00 og eru félagsmenn hvattir til að mæta.

**Dagskrá:**
Venjubundin aðalfundarstörf.
Önnur mál.

Stjórn Hestamannafélagsins Fáks


# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**
Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.

**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

**HERBERGI TIL LEIGU Í HAFNARFIRÐI**
Til leigu 12fm herb. að Álfholti, Hafnfj. Leiga 32þús per/mán. Uppl. sendist á thjonusta@365.is merkt „herbergi"

Er með tvær nýbyggðar 3ja herb. íbúðir 97fm í Þorrasölum 5-7 í langtíma leigu. Utsýni yfir golfvöllinn í Garðabæ, stutt í alla þjónustu. Stæði í bílskýli fylgir. Leiga:185þ á mán. Allt innifalið nema rafmagn. Trygging samkomulag. Húslykilinn ehf. Uppl í s: 8671158

## Húsnæði óskast

Óska eftir sirka 25fm bílskúr fyrir trévinnustofu. s. 5541690 - Bjarni

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 700 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 150- 1.500 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU ATVINNUHÚSNÆÐI Í 104**
130fm íbúð á jarðhæð í atvinnuhúsnæði að Súðarvogi 7 104 Reykjavík. Húsnæðið er 5 herbergja og er tilvalið fyrir léttan iðnað eða verslun í fremri hluta þess og verður laust í byrjun mars. Upp. Hlynur í síma 824 3040

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði


Bakarameistarinn


**KAFFIHÚS, BAKARÍ**
Bakarameistarinn Húsgagnahöllinni óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslustörf, vinnutími alla virka daga frá kl. 13-19 einnig er laust á morgunvaktir frá kl. 7-15 Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.
**Áhugasamir sendi ferilskrá á: begga@bakarameistarinn.is**

Vantar bæði fólk í vinnu strax og fyrir sumarið. Leitum að mjög duglegu og drífandi fólki með bílpróf og til í mikla vinnu í sumar. Umsækjendur sendi tölvupóst á hreinirgardar@gmail.com

Veitingahúsið Hornið óskar eftir að ráða pizzubakara í fullt starf. Um er að ræða vaktavinnu. Umsókn sendist á hornid@hornid.is

**HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á MATARGERÐ?**
Ef svo er þá leitum við að duglegum og samviskusömum starfsmönnum í eldhús á veitingastað á Laugaveginum. Um er að ræða fullt starf og hlutastarf
**Áhugasamir hafi samband í síma 893-0408.**

STAY APARTMENTS
**HOTEL MAIDS. FULL TIME/ PART TIME**
We are looking for maids to work full time and also part time at Stay Apartments. We are offering much work and good salary. Honest and good workers that show up on time can apply. Please send CV to bozena@stay.is.

## Atvinna óskast

Vanur smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 8645920

# TILKYNNINGAR

## Einkamál


**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999


Gott slökunarnudd í boði. Símanúmer gefið upp í augl. Stefnumót, s. 905-2000, 535-992,, augl.nr.8491.

Karlmaður á fertugsaldri vill kynnast hressum karlmönnum. Stefnumót, s. 905-2000, 535-992,, augl.nr.8838

## fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Breiðavík 18 - 112 Reykjavík**



Glæsileg 109,9 m2 4ra herbergja íbúð efstu hæð í 6. hæða lyftuhúsi við Breiðuvík 18 í Grafarvogi. Falleg gólfefni og innréttingar, suðursvalir og mikið útsýni. Frábær staðsetning við golfvöll. **V. 31,5 m.**

## atvinna

# Ferðaþjónusta

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi til starfa á skrifstofu okkar.

Starfið felur í sér skipulagningu og sölu á ferðum um Ísland fyrir erlenda ferðamenn.

- Viðkomandi þarf að hafa gott vald á ensku og þýsku
- Skipuleg vinnubögð og almenna tölvu kunnátta nauðsynleg
- Reynslu af störfum við ferðaþjónustu er æskileg
- Í boði er fjölbreytt og skapandi starf á skemmtilegum vinnustað

Vinsamlegast sendið umsóknir á job@snaeland.is fyrir 8. mars nk.

**SNÆLAND GRÍMSSON**
Langholtsvegi 115 · 104 Reykjavík · Iceland
Sími 588 8660 · www.snaeland.is

Snæland Grímsson ehf. er eitt af elstu starfandi ferðaþjónustufyrirtækum landsins og rekur öflugan flota af hópferðabílum auk þessa að reka eigin ferðaskrifstofu sem er sérhæfð í móttöku og skipulagningu ferða fyrir erlenda ferðamenn

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Persónuleg aðstoð við fólk á heimili sínu.

**Leitað er eftir starfsfólki í hlutastörf á heimili í Áslandshverfi í Hafnarfirði. Bæði vantar í störf þroskaþjálfa eða starfsfólk með sambærilega menntun og einnig vantar í störf ófaglærðra starfsmanna. Í boði er vaktavinna, morgun- , kvöld- og helgarvaktir.**

**Í boði er:**
- Spennandi og lærdómsríkt starf
- Fjölbreytt verkefni

**Helstu verkefni:**
- Veita íbúum stuðning við athafnir daglegs lífs
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum og verklagsreglum

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtakssemi og samviskusemi
- Viðkomandi verður að hafa hreint sakavottorð
- Aldursskilyrði 20 ár

**Upplýsingar um störfin veita:**
- Birna Guðmundsdóttir, sími: 565-0301, netfang: **birnagu@hafnarfjordur.is**

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

- Æskilegt er að umsækjandi hafi áhugi á málefnum fatlaðs fólks
- Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið

Umsóknarfrestur er til **8.febrúar 2014.**
Umsóknum skal skilað á netfangið
**birnagu@hafnarfjordur.is**

*Fjölskylduþjónustan í Hafnarfirði*

## útboð

# ÚTBOÐ

## Orkuver Svartsengi
## Smíðastál, rör og tengistykki
## Útboð F0202001-001

HS Orka hf. óskar eftir tilboðum í smíðastál, rör og tengistykki samkvæmt útboðsgögnum: **Carbon and Stainless steel Plates, domed Heads, Tubes and Fittings.**

Um er að ræða kaup á 10-15mm þykku plötustáli, 9 og 12mm þykkum kúptum suðubotnum DN800 og DN3800 og rörum og tengistykkjum DN200 til DN800 úr svörtu og ryðfríu stáli.

Miðað er við fob-afhendingu í erlendri höfn samkvæmt nánari skilgreiningu í útboðsgögnum. Bjóðendur skulu tilgreina afhendingartíma í tilboðum sínum.

Útboðsgögn er unnt að nálgast á heimasíðu HS Orku, **www.hsorka.is.**

Tilboðum skal skilað á skrifstofu HS Orku hf., Brekkustíg 36, Reykjanesbæ, eigi síðar en þriðjudaginn 18. mars 2014 kl. 10.00.



HS Orka hf • Brekkustíg 36 • 260 Reykjanesbæ
Sími 4225200 • www.hs.is • hs@hs.is

## fundir / mannfagnaður

# Aðalfundur

Aðalfundur Rauða krossins í Kópavogi verður haldinn miðvikudaginn 12. mars kl. 20 í Hamraborg 11, 2. hæð.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf
Föt sem framlag - Nína Helgadóttir sviðsstjóri
Önnur mál

Fundarseta er öllum heimil. Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

Stjórnin

Rauði krossinn
Kópavogi
www.redcross.is/kopavogur



2 | KL. 20:30
**Léttir sprettir**
Rikka stýrir skemmtilegum þætti um hreyfingu, mataræði og fleira sem tengist heilsusamlegum lífsstíl.

# Frábært miðvikudagskvöld

2 | KL. 20:10
**Heimsókn**
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.



2 | KL. 20:55
**The Face**
Spennandi þáttaröð þar sem ungar og efnilegar stúlkur keppa um að verða næsta ofurfyrirsæta.



2 | KL. 21:40
**Lærkevej**
Skemmtileg dönsk þáttaröð um þrjú systkini sem flýja frá Kaupmannahöfn og fara huldu höfði í rólegu úthverfi.



2 | KL. 22:25
**Touch**
Frábær þáttaröð með Kiefer Sutherland í hlutverki föður sem reynir að ná tengslum við fatlaðan son sinn.



3 | KL. 20:55
**Tomorrow People**
Spennuþættir um hóp ungmenna sem eru með sérstaka hæfileika og hafa samskipti sín á milli með hugsanaflutningi.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 9 | | 7 | |
| 4 | 5 | | 1 | | | 2 | | |
| 6 | | | | | 3 | | 5 | |
| | | 1 | 6 | | | 7 | 9 | |
| | 8 | | | 3 | | 1 | | |
| 9 | 2 | 6 | 4 | | | | | |
| 8 | 4 | | 2 | 5 | | 9 | | |
| 1 | | | | 9 | | 8 | | 5 |
| 2 | | | | 1 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 6 | | 1 | 7 | | |
| 3 | | | 5 | 4 | | | 8 | 9 |
| 1 | 7 | 9 | | 2 | | 6 | | 5 |
| 7 | 1 | | 3 | | | | | 8 |
| 8 | 3 | | | 6 | | | | |
| 9 | 2 | | | 1 | | | 6 | |
| | | | | | | 8 | 7 | |
| 2 | 9 | | | | 4 | | | |
| 6 | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | 7 | | | | |
| | | 5 | | | 1 | | | 8 |
| 7 | | | | | 5 | | 3 | |
| 8 | 1 | | 9 | 2 | 6 | | | |
| | | 4 | 3 | | | | 9 | 1 |
| | | | | | | | | |
| | 5 | 7 | 4 | | 8 | | | 2 |
| 1 | | | | 3 | | 7 | | |
| | | | | | | 6 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 6 | 8 | 1 | 3 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 2 | 3 | 6 | 9 | 5 | 7 | 1 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 4 | 7 | 2 | 6 | 3 | 8 |
| 4 | 8 | 9 | 7 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 |
| 5 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 6 |
| 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 |
| 6 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 | 2 |
| 9 | 3 | 1 | 2 | 6 | 8 | 5 | 4 | 7 |
| 2 | 7 | 4 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 3 | 7 | 5 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 8 | 3 | 2 | 5 | 6 |
| 5 | 1 | 2 | 4 | 6 | 9 | 8 | 7 | 3 |
| 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 5 | 3 | 4 | 8 |
| 3 | 8 | 4 | 6 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 2 | 9 | 5 | 3 | 4 | 8 | 1 | 6 | 7 |
| 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 4 | 3 | 9 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 |
| 4 | 2 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 1 | 8 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 6 | 3 | 5 |
| 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 5 | 1 | 2 | 4 |
| 4 | 1 | 3 | 2 | 6 | 9 | 8 | 5 | 7 |
| 8 | 2 | 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 | 6 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 2 | 7 | 9 |
| 7 | 8 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 1 |
| 2 | 9 | 1 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 3 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Ég er að elta fullkomnun."
*Kobe Bryant*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** bátur, **6.** gat, **8.** kvk nafn, **9.** frjó, **11.** númer, **12.** heimilistæki, **14.** heiti, **16.** bardagi, **17.** angra, **18.** farfa, **20.** til, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gas, **3.** kvað, **4.** taka í sinn hóp, **5.** samstæða, **7.** svik, **10.** lífshlaup, **13.** borða, **15.** lokka, **16.** fóstra, **19.** Tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** skip, **6.** op, **8.** una, **9.** fræ, **11.** nr, **12.** tevél, **14.** titil, **16.** at, **17.** ama, **18.** lit, **20.** að, **21.** arta.
**LÓÐRÉTT: 1.** loft, **3.** ku, **4.** innlima, **5.** par, **7.** prettir, **10.** ævi, **13.** éta, **15.** laða, **16.** ala, **19.** tt.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Margeir Pétursson (2.532) endaði í þriðja sæti á Stórmeistaramóti Vildarbarna. Hann mætti Helga Ólafssyni (2.546) í lokaumferðinni.**
**Svartur á leik:**



**1....Hd6!** (Góður leikur hjá Margeiri í miklu tímahraki sem tryggir jafntefli.) **2. Dxd6** (2. Rxf7+ Kxf7 3. d8D+ Hxd8 4. Dxd8+ Kh7 leiðir einnig til jafnteflis). **2....Dxg3+** og jafntefli var samið.
**www.skak.is** Sérviðburðir N1 Reykjavíkurskákmótsins.

# LG SJÓNVÖRP

## FÁST Í SJÓNVARPSMIÐSTÖÐINNI!




LG

**LG 55LA860W**
55" Full HD IPS 3D Smart LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Triple XD Engine. 800Hz TruMotion. Real Cinema 24p. Picture Wizard II. Þráðlaust net. Opin Vafri. Wirelss Display. Cinema 3D. 2D to 3D. DualPlay 3D. 0,9 GHz dual core-processor, 1,25 GB RAM. Media Share - DLNA. Skype. Innbyggð vefmyndavél. Stafrænn móttakari DVB-T2/C. Gervihnattamóttakari. 2x 12w Virtual Surround hljóðkerfi. Upptökumöguleiki (HDD). Magic Remote Voice. Intelligent sensor (ljósskynjari). 4 x HDMI, Scart, Component, composite, optical út, Heyrnatólatengi. 2 x USB. 6 stk 3D Gleraugu fylgja. LG Cloud. Eitt með öllu.

KYNNINGARTILBOÐ
**510.990**
VERÐ 599.990










**LG 42LN5200**
42" Full HD Led sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn og Triple XD Engine. Picture Wizard II. Stafrænn móttakari DVB-T2/C. 2x10w Virtual Surround hljóðkerfi. 2 x HDMI, Scart, Component, Composite, USB, Optical út.

KYNNINGARTILBOÐ
**118.990**
VERÐ 139.990

**LG 47LN540V**
47" Full HD Led sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn og Triple XD Engine. 100Hz. Picture Wizard II. Stafrænn móttakari DVB-T2/C. Innbyggður gervihnattamóttakari. 2x 10w Virtual Surround hljóðkerfi. 2 x HDMI, Scart, Component, Composite, USB, Optical út.

KYNNINGARTILBOÐ
**169.990**
VERÐ 199.990

**LG 50LN540V**
50" Full HD LED sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. Triple XD Engine. 100Hz. Picture Wizard II. Stafrænn móttakari DVB-T2/C. Innbyggður gervihnattamóttakari. 2x 10w Virtual Surround hljóðkerfi. 2 x HDMI, Scart, Component, Composite, USB, Optical út. LAN.

KYNNINGARTILBOÐ
**195.990**
VERÐ 229.990

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

LG

# Ég á mér draum

DANS ★★★☆☆

**Dansaðu fyrir mig**
**Höfundur** Brogan Davis
**DANSARAR** ÁRMANN EINARSSON OG BROGAN DAVIS

Dansverkið Dansaðu fyrir mig hefur vakið verðskuldaða athygli síðan það var frumsýnt á Akureyri 25. apríl 2013. Verkið hefur verið sýnt víða um land og hefur hópurinn einnig fengið tilboð um að sýna á erlendri grund. Verkið fjallar um hvernig draumur miðaldra þriggja barna föður um að dansa nútímadans á sviði varð að veruleika. Miðlun efnisins er þrenns konar, það er í formi dans, texta þar sem dansararnir ýmist tala til áhorfendanna eða hvor við annan um verkefnið og drauma sína því tengda og í formi myndbandsbrota þar sem dansarinn og danshöfundurinn segja frá upplifun sinni af verkefninu allt frá því að hugmyndin um að gera dansverk kemur upp og þar til það hafði verið frumsýnt.

Verkið er óvenjulegt að því leyti að aðaldansarinn Ármann Einarsson hefur enga menntun eða þjálfun í listdansi og stenst ekki á nokkurn hátt staðalímyndina af listdansara. Tilvist hans ögrar hefðbundnum hugmyndum um dansara á sviði bæði hvað varðar líkamsbyggingu og hreyfigetu – dansarar eru sjaldnast stirðir miðaldra karlmenn með myndarlega bumbu – þrátt fyrir það nær hann vel til áhorfenda og kemst vel frá sínu. Brogan Davis, dansari og höfundur verksins, styður hann á sviðinu og saman mynda þau skemmtilega heild. Framkvæmd verksins var einnig öðruvísi en venjulega því að Ármann beygði sig ekki undir þjáningu listarinnar heldur gerði létt grín að sjálfum sér og verkinu og vék sér meðal annars undan líkamlegri áreynslu með því einfaldlega að stoppa og kasta mæðinni. Í þeim senum varð Brogan hreinlega að bíða þar til hægt var að halda áfram.

Dansaðu fyrir mig hefði getað verið eins og lélegt áhugamannaleikhús og sú hætta var fyrir hendi að verkið félli í hallærisheit. Það var samt alls ekki raunin því danssköpun Brogan Davis gekk mjög vel upp og samspil þeirra Ármanns á sviðinu var einlægt og gefandi. Dansinn með sína annmarka hafði einnig sinn sjarma og kallaðist vel á við textann og myndböndin. Það þarf góðan danshöfund til að gera áhugavert dansverk með „ekki-dönsurum“. Hugmynd verksins verður að halda og það sem fer fram á sviðinu að vera vel úthugsað. Þetta tókst allt saman og umgjörð verksins og val á tónlist kom líka skemmtilega út. Á köflum komst textinn þó ekki alveg til skila vegna þess að dansararnir töluðu of lágt og fyrir þá sem ekki skildu alla enskuna missti sýningin nokkuð af töfrum sínum.

Það þarf hugrekki til að fara svo langt út fyrir þægindarammann eins og Ármann gerir í verkinu en það er hægt þegar það er gert með aðstoð fagmanneskju eins og Brogan.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Dansaðu fyrir mig er skemmtileg sýning og ýtir við hugmyndum okkar um hvernig listdans á að vera.

# Ekki hægt að gera kröfu um sannsögli

Gunnþórunn Guðmundsdóttir spjallar um sjálfsævisögur á Bókakaffi í Gerðubergi í kvöld. Hún segir lesendur oft gera miklar kröfur um sannsögli í sjálfsævisögum.

„Þegar lesendum sjálfsævisagna finnst þeir hafa verið gabbaðir á einhvern máta blossar oft upp reiði,“ segir Gunnþórunn Guðmundsdóttir, dósent í bókmenntum við Háskóla Íslands, sem verður með bókaspjall sem nefnist Sjálfsævisagan og sannleikurinn á Bókakaffi í Gerðubergi í kvöld.

„Á Bókakaffinu ætla ég að nefna ýmis dæmi úr bókmenntasögunni þar sem einhver verk eru gefin út sem sjálfsævisögur, en eru mestmegnis skáldskapur, og fjalla um viðbrögð lesenda þegar þeir komast að því. Þá fer oft af stað umræða um svik. Það er eins og við gerum allt aðrar væntingar til þessarar tegundar bókmennta heldur en til skáldskapar. Til dæmis þóttist svissneskur höfundur hafa verið í útrýmingarbúðum nasista, en reyndist aldrei hafa komið þangað. Það má líka nefna bók sem kom út á íslensku fyrir nokkrum árum. Hún heitir Mölbrotinn og er eftir James Frey. Það varð mikið hneyksli í Bandaríkjunum þegar kom í ljós nokkrum árum seinna að bókin, sem var auglýst sem sjálfsævisaga, var meira og minna skáldskapur. Höfundurinn sagðist hafa lent í alls konar hremmingum vegna dópneyslu, sem kom á daginn að var stórlega ýkt. Í ljós kom að höfundurinn hafði sent handritið á milli útgefenda og alltaf fengið neitun, þar til hann sagði að bókin væri sjálfsævisaga. Höfundurinn fór í viðtal til Opruh Winfrey og bað lesendur afsökunar.“

> **Höfundurinn sagðist hafa lent í alls konar hremmingum vegna dópneyslu, sem kom á daginn að var stórlega ýkt. Í ljós kom að höfundurinn hafði sent handritið á milli útgefenda og alltaf fengið neitun, þar til hann sagði að bókin væri sjálfsævisaga.**



**HVAÐ MÁ SEGJA?** „Stundum stígur einhver fjölskyldumeðlimur fram og segir að eitthvað hafi ekki gerst eins og sagt er frá.“

Sjálfsævisagan þarf ekki að vera hreinn uppspuni til þess að svona gagnrýni komi fram. „Stundum stígur einhver fjölskyldumeðlimur fram og segir að eitthvað hafi ekki gerst eins og sagt er frá,“ segir Gunnþórunn. „Við höfum ákveðnar hugmyndir um hvað við teljum að eigi heima í slíkum bókmenntum og gerum kröfu um sannsögli. En við erum kannski ekkert endilega að hugsa út í að minnið er brigðult og það sem við getum sagt um fortíðina er mjög litað af samtímanum þannig að það er kannski ekki hægt að biðja um sannleika,“ segir Gunnþórunn.

Bókakaffið nefnist Lygar, ýkjur og fals, og fer fram í Gerðubergi klukkan 20 í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**ugla@frettabladid.is**



VILA OPNAR
NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN
Í SMÁRALIND Á 2. HÆÐ
Á MORGUN KL. 11

> 100 fyrstu viðskiptavinir fá veglega kaupauka
> Fyrstu 30 fá 30% AUKA afslátt

VILA
Kringlan / Smáralind

Facebook.com/vilaiceland
Instagram @vilaiceland










2490.-

1990.-

990.-
















2990.-

2990.-

3490.-

2990.-













2490.-

1990.-

495.-

595.-



**SJÓNVARPSSTJARNA** Jamie leikur í nýju læknadrama.

## Aftur í sjónvarpið

Leikkonan Jamie Lee Curtis er búin að landa hlutverki í nýju læknadrama á CBS. Í þáttunum mun hún leika Caroline, lækni sem á fullorðna fjórbura.

Síðasta sjónvarpshlutverk Jamie var í þáttunum New Girl þar sem hún lék móður leikkonunnar Zooey Deschanel.

Jamie er hvað þekktust fyrir að leika í kvikmyndum á borð við Halloween, True Lies og A Fish Called Wanda.

- lkg

**BAKPANKAR**

Halla Þórlaug Óskarsdóttir

## Það er kominn köttur í ból bjarnar



**ÞAÐ** sem svíður og spælir þessa dagana er vanmáttur lýðveldisins gagnvart ríkisstjórninni. Mér líður eins og það hafi verið brotið svo illilega á mér að ég tárast. Samt kaus ég ekki þessa ríkisstjórn og hef raunar skammarlega lítið kynnt mér kosti og galla þess að ganga í Evrópusambandið. En mér líður eins og allt sé að fara úr böndunum og að svik séu jafnsjálfsögð og álegg á brauð. Og ég er svo leið yfir þessu að ég get ekki einu sinni skrifað um þetta.

**SVO** nóg um það. Amma mín kom að máli við mig um daginn og spurði hvort ég ætlaði ekkert að láta þjóðina vita að kötturinn minn væri fundinn. Ég mundi þá eftir því að ég hafði skrifað um dularfulla kattarhvarfið síðastliðið sumar. Ég veit ekki hvort þjóðin hefur beðið með öndina í hálsinum síðan þá, en sem sagt: Kisi er fundinn.

**OG** heimilið er undirlagt í meðvirkni. Þessum ágæta ketti er klappað og kembt viðstöðulaust fram á kvöld. Þegar hann tekur sér stöðu við svefnherbergisdyrnar, mænir á heimilismenn og hugsar: „Er einhver til í að drullast upp í rúm svo ég geti lagt mig almennilega?“ hlýði ég bara. Svo ligg ég dágóða stund með opin augun og stari upp í loft, enda klukkan ekki orðin margt. Og kisi malar. Ýmislegt fer í gegnum huga minn, eins og til dæmis hvort ég gæti hugsanlega náð bókinni sem liggur á gólfinu, án þess að hreyfa við kisa, en þá dettur mér í hug að kannski vilji hann hafa ljósin slökkt. Auk þess er ég bara með aðra höndina lausa því kötturinn hefur vafið sig um hina. Svo ég ligg bara og stari. Þegar ég loksins sofna vaknar kisi og stekkur stystu leið úr rúminu – með viðkomu á maganum á mér.

**KISA** finnst ekkert tiltökumál hvort aðildarviðræðum við ESB verði haldið til streitu, en ég er ansi hrædd um að hann myndi bara láta sig hverfa ef honum þætti vistin ekki góð heima. Svo ég stend við mitt.

# Spáð í Óskarskjólana

Óskarsverðlaunin verða afhent á sunnudagskvöldið vestanhafs. Margir bíða í ofvæni eftir því að sjá hverjir sigurvegararnir verða á hátíðinni en það er ekki síður spennandi að sjá í hverju stærstu stjörnurnar verða á rauða dreglinum. Hér spá nokkrir tískuspekúlantar í spilin fyrir stóra kvöldið.



**LUPITA NYONG'O**

ELIE SAAB COUTURE VOR 2014

„Mig langar að sjá hana í þessum fallega blómakjól. ég held að þetta lúkk sé ekki of mikið fyrir hana,“ segir Catherine Kallon.



**JENNIFER LAWRENCE**

DIOR COUTURE VOR 2014

„Auðvitað verður hún í Dior en spurningin er bara í hverju frá Dior? Hún var í prinsessukjól í fyrra þannig að þessi er ferskari og nútímalegri,“ segir Catherine Kallon.





**CATE BLANCHETT**

GIAMBATTISTA VALLI VOR 2014

„Cate stígur ekki feilspor, hvorki á dreglinum né sjkánum,“ segir stjörnustílistinn Anita Patrickson.





**JULIA ROBERTS**

ZUHAIR MURAD COUTURE VOR 2014

„Hún er hin fullkomna kvikmyndastjarna og mér finnst hún vera fallegasta konan á jörðinni. Hún þarf ekki stóra, áberandi kjóla. Bara einfalt, fágað og klassískt,“ segir Anita Patrickson.



**MERYL STREEP**

BADGLEY MISCHKA HAUST 2014

„Meryl Streep er búin að vera mikið í Stellu McCartney uppá síðkastið en ég held að hún muni bjóða upp á einfalt og klassískt lúkk á Óskarnum,“ segir Catherine Kallon.



**AMY ADAMS**

ZAC POSEN VOR 2014

„Þessi litur og hárið hennar eiga að vera saman,“ segir Ken Downing, innkaupastjóri hjá Neiman Marcus.


LAUGARÁS BÍÓ



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| RIDE ALONG | 6, 8, 10:10 | 12 |
| ROBOCOP | 8, 10:25 | 12 |
| LEGO - ÍSL TAL 3D | 5:50 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8, 10:25 | 12 |

SAMBÍÓIN



MYND EFTIR FELIX HERNGREN
GAMLINGINN
SEM SKREIÐ ÚT UM GLUGGANN OG HVARF
AFTENBLADET EXPRESSEN
AARON ECKHART
I, FRANKENSTEIN
200 YEARS LATER, HE'S STILL ALIVE.
HOLLYWOOD REPORTER
„HLÓGUM VANDRÆÐALEGA MIKIÐ...“
GÓÐ - MBL

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| I, FRANKENSTEIN | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENS TAL 2D | KL. 8 - 10:10 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 10:10 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| GAMLINGINN | KL. 5:35 - 8 - 10:20 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ENS TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 8 -10:25 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 5:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 3D | KL. 6:20 | L |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 6:20 | 16 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 9 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| I, FRANKENSTEIN | KL. 10 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 8 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| ROBOCOP | KL. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| I, FRANKENSTEIN | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENS TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 10:10 | 12 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| RIDE ALONG | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| RIDE ALONG LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| LEGO ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| LEGO ÍSL. TAL 3D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ROBOCOP | KL. 5.30 - 8 - 10.35 | 12 |
| HER | KL. 10.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 3.30 | L |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 8 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 8 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| NEBRASKA (ÓTEXTUÐ) | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| RIDE ALONG | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| ROBOCOP | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| INSIDE LLEWYN DAVIS | KL. 5.40 | 12 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 5.30 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 5.25 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RIDE ALONG | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 10 | 16 |
| ROBOCOP | KL. 6 - 8 | 12 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS



MIELE — ÉG UM MIG OG MÖMMU — HROSS Í OSS

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



# Bang Gang fer til Kína enn á ný

## Hljómsveitin Bang Gang spilar á sjö tónleikum í sjö borgum í Kína í marsmánuði.

„Við erum að fara til Kína í annað sinn og spilum á sjö tónleikum í sjö borgum,“ segir Barði Jóhannsson, forsprakki hljómsveitarinnar Bang Gang, sem heldur af stað í tónleikaferðalag til Kína og hefst það þann 7. mars í Peking.

Er sveitin vinsæl í Kína? „Ég hef ekki hugmynd um það, það var allavega eftirspurn eftir okkur þarna og það var fullt á tvennum tónleikum sem við lékum á þarna árið 2009,“ segir Barði glaðbeittur.



BARÐI JÓHANNSSON

Barði tekur með sér mikla reynslubolta til Kína, þá Arnar Þór Gíslason, trommuleikara úr Ensími og Pollapönki, Hrafn Thoroddsen, hljómborðs- og gítarleikara einnig úr Ensími, Arnar Guðjónsson, gítarleikara og söngvara úr Leaves, og Skúla Gestsson, bassaleikara úr Diktu.

„Við spilum ekki á Íslandi fyrr en í nóvember geri ég ráð fyrir. Mig langar að spila eitthvað nýtt þegar við spilum næst á Íslandi,“ segir Barði, spurður út í Bang Gang-tónleikahald hér á landi. - glp



**VIÐ VERKIÐ** Hér er Nóni Sær Ásgeirsson, bróðir Svandísar Þulu, við listaverkið sem minningarsjóðurinn hefur gefið Norðlingaskóla. Nóni Sær lamaðist fyrir neðan mitti í sama slysi og systir hans lést í árið 2006. MYND/HELGI RAFN JÓSTEINSSON

# Falleg stund í Norðlingaskóla

## Svandís Þula lést í umferðarslysi árið 2006 og hefði orðið 13 ára í dag. Í kvöld eru haldnir minningartónleikar þar sem Bubbi og Eyþór Ingi koma fram.

„Þetta er í annað sinn sem minningartónleikar fara fram en minningarsjóðurinn er sex ára gamall,“ segir Hrefna Björk Sigurðardóttir, móðir Svandísar Þulu, sem lést árið 2006 í umferðarslysi. Minningartónleikarnir fara fram í Norðlingaskóla í kvöld, á afmælisdegi Svandísar Þulu, og hefjast klukkan 20.00. Bubbi Morthens, Eyþór Ingi og Atómskáldin, Ari Eldjárn og poppkórinn Stormsveitin koma fram á tónleikunum. Frítt er inn á tónleikana fyrir börn fimm ára og yngri en miðaverðið er þúsund krónur fyrir aðra og rennur ágóðinn í minningarsjóðinn. Hann hefur styrkt ýmis málefni.

„Minningarsjóðurinn hefur styrkt til dæmis leikskólana Blásali, Rauðhól og Æskukot en einnig Norðlingaskóla ýmist til bóka- eða tækjakaupa. Sjóðurinn hefur líka styrkt ballettdansara til keppnisferða erlendis,“ útskýrir Hrefna. Svandís Þula var tengd stofnununum því hún var í leikskólanum Blásölum og var að fara flytjast yfir á leikskólann Rauðhól og svo hefði hún einnig gengið í Norðlingaskóla. Þá æfði hún ballett frá því hún var þriggja ára gömul.

Í kvöld mun minningarsjóðurinn færa Norðlingaskóla listaverk að gjöf.

„Þetta er margföldunartaflan merkt á stigann í Norðlingaskóla.“ Þá hefur sjóðurinn einnig styrkt samtökin Á allra vörum og Sumarbúðir lamaðra og fatlaðra í Reykjadal. „Eftir tónleikana í fyrra styrktum við sorgarsamtökin Nýja dögun og Sumarbúðir lamaðra og fatlaðra. Tónleikar í fyrra voru vel heppnaðir og mættu um 600 manns á þá,“ segir Hrefna. - glp






**ÁSTFANGINN** Tommy elskar Sofiu sína.

# Fjórða hjónabandið

Mötley Crüe-trommarinn Tommy Lee, 51 árs, tilkynnti það á Twitter-síðu sinni á mánudaginn að hann væri trúlofaður kærustu sinni Sofiu Toufa, 30 ára. Tommy og Sofia hafa verið saman um árabil og sagði hann í viðtali við tímaritið People árið 2010 að hann héldi að hún væri hin eina, sanna ást.

Ef verður af brúðkaupinu verður þetta fjórða hjónaband Tommys. Fyrrverandi eiginkonur hans eru Elaine Starchuk, Heather Locklear og Pamela Anderson. - lkg






Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ




## Gjaldþrot hjá Man. Utd í Grikklandi



**GENGUR EKKERT UPP** Grikkirnir fagna á meðan vonbrigðin leyna sér ekki á andliti Waynes Rooney. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** Man. Utd er í vondum málum í Meistaradeild Evrópu eftir tap, 2-0, fyrir gríska liðinu Olympiakos í fyrri leik liðanna í sextán liða úrslitum keppninnar.

Sigur Grikkjanna var sanngjarn enda sýndu leikmenn Man. Utd ekkert í þessum leik.

Dortmund er svo komið með annan fótinn í átta liða úrslit eftir 2-4 sigur á Zenit. Liðið skoraði tvö mörk á fyrstu fimm mínútum leiksins. - hbg

**visir.is** Frekari umfjöllun um Meistaradeildina.

# Hef ekki gefist upp

Bjarni Þór Viðarsson er enn í kuldanum hjá danska B-deildarliðinu Silkeborg og ekki útlit fyrir að staða hans batni á næstunni. „Þetta hefur ekki verið auðvelt,“ viðurkennir Bjarni sem bjóst við stærri hlutum af atvinnumannaferli sínum.

**FÓTBOLTI** Bjarni Þór Viðarsson fékk aðeins að spila í 51 mínútu í samtals fjórum leikjum á öllu síðasta ári með liði sínu, Silkeborg í Danmörku. Þrátt fyrir að hann eigi enn tvö og hálft ár eftir af samningi sínum við félagið virðist ólíklegt, eins og sakir standa, að staða hans innan liðsins muni breytast mikið á næstunni.

Í sumar verða tíu ár liðin frá því að Bjarni Þór samdi við enska stórliðið Everton. Hann var sextán ára gamall og var í bítlaborginni þar til hann samdi við hollenska liðið Twente árið 2008. Þá sleit hann krossband í hné og náði af þeim sökum aldrei að vinna sér sæti í liðinu.

Því næst hann hélt hann til Belgíu, fyrst til Roeselare þar sem Bjarni fékk loks sín fyrstu almennilegu kynni af því að spila reglulegan deildarbolta. Eftir eitt ár þar samdi hann sumarið 2010 við Mechelen en spilaði lítið vegna meiðsla.

Árið 2012 gekk hann svo í raðir danska úrvalsdeildarfélagsins Silkeborg, þar sem hann var byrjunarliðsmaður fyrst um sinn. En um mitt tímabilið missti hann sæti sitt í liðinu og þó svo að Silkeborg hafi fallið í B-deildina í vor hefur staða hans ekkert batnað.

Á þessum tíu árum hefur Bjarni, sem verður 26 ára í vor, aðeins spilað 61 deildarleik með þeim sex félögum sem hann hefur leikið með á ferlinum. Til samanburðar má nefna að Bjarni á að baki 58 leiki með landsliðum Íslands, þar af einn A-landsleik.

„Það er hægt að ræða um hvað ég hef verið óheppinn með meiðsli og þjálfara en það er ekki til neins,“ segir Bjarni. „Ég á þó að minnsta kosti nóg inni fyrir næstu ár á ferlinum,“ bætir hann við í léttum dúr.

### Ég bjóst við meiru

Hann segist vitanlega orðinn þreyttur á ástandinu og hversu lítið hann hafi spilað á ferlinum.



**FASTAMAÐUR Í YNGRI LANDSLIÐUM** Bjarni Þór er hér í leik með U-21 landsliðinu en hann er einn leikjahæsti leikmaður yngri landsliða Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Þetta hefur ekki verið auðvelt. Ég byrjaði ferilinn í Englandi og fór svo til Hollands. Ég bjóst því við meiru,“ viðurkennir hann. „En ég hef þó enn gaman af fótbolta og tel það lykilatriði fyrir mig. Svo ég held ótrauður áfram og hef ekki gefist upp.“

Hann segir það einnig skipta máli að þetta sé atvinna hans og hann vilji standa sig vel í henni. „Það er hins vegar ekkert gaman að mæta í vinnuna þegar ég veit að ég mun ekki fá að spila næsta leik – sama hvað ég geri.“

### Get ekki farið hvert sem er

Í desember síðastliðnum sagðist Bjarni í samtali við danska fjölmiðla vilja losna frá Silkeborg. En janúar leið án þess að nokkuð gerðist í hans málum.

„Það voru einhverjar þreifingar en ekkert af því gekk upp. Ég verð því eitthvað áfram hér,“ segir Bjarni. Til greina kom að fara til liðs í rússnesku B-deildinni sem og til Noregs en Bjarni hafnaði því.

„Þó svo að ég sé ekki ánægður með mína stöðu hjá Silkeborg get ég ekki stokkið á hvað sem er. Hlutirnir verða að passa fyrir mig og mína fjölskyldu,“ útskýrir Bjarni.

Hann segir einnig að til greina hafi komið að komast á lánssamning en til þess þarf viðkomandi félag að komast að samkomulagi við Silkeborg um fyrirkomulag launagreiðslna Bjarna. Það hefur ekki gengið eftir.

### Útiloka ekki neitt

Bjarni er af mikilli FH-fjölskyldu en faðir hans, Viðar Halldórsson, er formaður aðalstjórnar félagsins. Það hefur þó ekki verið rætt af neinni alvöru að Bjarni verði mögulega lánaður til FH í sumar.

„Það yrði aldrei fyrr en í byrjun sumarsins en það er ekki gott að segja. Til þess þyrfti margt að ganga upp, ekki síst frá fjárhagslegu hliðinni. En ég mun ekki útiloka neitt,“ segir Bjarni. „Ég vona enn að mín mál muni leysast á næstu vikum og mánuðum.“

eirikur@frettabladid.is

# Þið ættuð að skammast ykkar

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, var æfur út í blaðamenn á fundi Chelsea í gær.

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu halda áfram í kvöld. Þá eru bæði Chelsea og Real Madrid í eldlínunni. Chelsea sækir Galatasaray heim á meðan Schalke tekur á móti Real Madrid.

Blaðamannafundur Chelsea í gær snerist um allt annað en leikinn. Í gær var nefnilega birt upptaka af einkasamtali Mourinhos sem hann hafði ekki hugmynd um að verið væri að taka upp.

Þar segist Mourinho ekki vera með neinn framherja í sínu liði. Hann gefur einnig í skyn að Samuel Eto‘o gæti verið 35 ára en ekki 32 ára.

Portúgalinn reyndi ekki að verja ummæli sín á blaðamannafundinum en hann var brjálaður yfir því að fjölmiðlamenn skyldu birta samtalið.

„Þið ættuð að skammast ykkar. Þetta er vinnan ykkar. Frá siðferðislegu sjónarmiði getið þið ekki verið ánægðir með ykkur. Þetta er algjörlega til skammar,“ sagði Mourinho reiður.

„Ég er ekki að verja það sem ég sagði en ég er að ráðast á grunngildin sem þið ættuð að hafa í heiðri. Ummælin um Eto‘o voru augljóslega ekki góð og ég myndi aldrei segja svona í viðtali. Ég ver mína leikmenn. Eto‘o hefur unnið Meistaradeildina fjórum sinnum og ég er að vinna með honum í annað sinn. Það myndi ég ekki gera ef ég væri ekki ánægður með hann.“ - hbg



**SVEKKTUR** Mourinho kann ekki við að vera gripinn í bólinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


TVENNU
LOKUM
í kvöld kl. 20
Við á Domino's ætlum að fagna góðu gengi og skemmta okkur saman í kvöld.
Staðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 20 í kvöld nema í Skeifunni en þar verður opið í alla nótt eins og venjulega. Við verðum síðan mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun. Sjáumst!
OPIÐ Í SKEIFUNNI
Mundu að panta tímanlega í kvöld!
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS



### Stöð 2 kl. 20.25
**Léttir sprettir**

Friðrika Hjördís Geirsdóttir stýrir skemmtilegum þætti um almennar íþróttir sem fólk stundar, svo sem hlaup, skíðaíþróttir, hjólreiðar, fallgöngur, sund og íþróttir fyrir alla fjölskylduna. Farið verið yfir þann búnað sem mælt er með að fólk eigi til að stunda íþróttina, hvernig þjálfun er æskileg til að ná betri árangri og koma í veg fyrir meiðsli.

## Í KVÖLD



### Spider-Man 2
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 19.55** Ein allra vinsælasta ofurhetjumynd sögunnar og ekki nóg með það heldur einnig einhver rómaðasta mynd þeirrar tegundar sem um getur.



### Meistaradeild Evrópu
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30** Bein útsending frá leik Galatasaray og Chelsea í Meistaradeild Evrópu.



### Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking
**SKJÁR EINN KL. 20.00** Gætir þú hugsað þér betri matreiðslukennara en sjálfan Gordon Ramsay? Meistarakokkurinn tekur þig í kennslustund og hjálpar þér að öðlast raunverulegt sjálfstraust í eldhúsinu.

### FM 957 kl. 07.00
**Morgunþáttur FM957**

Morgunþátturinn á FM957 með þeim Sverri Bergmann og Ernu Hrönn. Morgunþátturinn er alla virka morgna milli 07-10 í boði Cocoa Puffs.







**16 liða úrslit í kvöld!**

Stjörnurnar í Real Madrid mæta FC Schalke í Þýskalandi og markahrókurinn Didier Drogba mætir sínum gömlu félögum í Chelsea í Tyrklandi.

**Fylgstu með veislunni á Stöð 2 Sport!**

SPORT Kl. 19:30
**GALATASARAY – CHELSEA**

SPORT 3 Kl. 19:30
**FC SCHALKE – REAL MADRID**

Fáðu þér áskrift! 365.IS


## STÖÐ 2

**06.15** Stelpurnar
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Malcolm in the Middle
**08.30** Ellen
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** Doctors
**10.15** Masterchef USA
**11.05** Spurningabomban
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Chuck
**13.45** Up All Night
**14.15** Suburgatory
**14.40** 2 Broke Girls
**15.05** Fjörugi teiknimyndatíminn
**15.30** Sorry I've Got No Head
**16.00** Kalli kanína og félagar
**16.25** UKI
**16.30** Ellen
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Stelpurnar
**19.40** The Middle *(14:24)*
**20.05** Heimsókn
**20.25** Léttir sprettir
**20.50** The Face *(8:8)*
**21.35** Lærkevej *(11:12)*
**22.20** Touch *(13:14)*
**23.05** The Prey
**00.45** NCIS
**01.25** Person of Interest
**02.10** Crusoe
**03.40** The Children
**05.05** The Middle
**05.25** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** Meistaradeildin - meistaramörk
**11.20** Wetzlar - Kiel
**12.40** Real Madrid - Villarreal
**14.25** Meistaradeildin - meistaramörk
**15.10** Meistaradeild Evrópu. Zenit - Dortmund
**16.50** Meistaradeild Evrópu. Olympiakos - Manchester United
**18.30** Þýsku mörkin
**19.00** Meistaradeildin - upphitun
**19.30** Meistaradeild Evrópu. Galatasaray - Chelsea Bein útsending
**21.45** Meistaradeildin - meistaramörk
**22.30** Meistaradeild Evrópu. Schalke 04 - Real Madrid
**00.25** Fuchse Berlin - Lemgo

## SPORT 2
*enski boltinn*

**11.30** Arsenal - Sunderland
**13.10** Newcastle - Aston Villa
**14.50** Messan
**16.10** West Ham - Southampton
**17.50** WBA - Fulham
**19.30** Football League Show 2013/14
**20.00** Ensku mörkin - úrvalsdeildin
**20.55** Messan
**22.15** Chelsea - Everton
**23.55** Crystal Palace - Man. Utd.

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur,tækni og kennsla. **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**15.05** American Idol
**18.35** Bob's Burgers
**19.00** Junior Masterchef Australia
**19.45** Baby Daddy *(8:10)*
**20.10** Revolution *(1:22)*
**20.55** Tomorrow People *(2:22)*
**21.40** The Unit *(3:22)*
**22.25** Shameless *(12:12)*
**23.20** Supernatural
**00.05** Junior Masterchef Australia
**00.50** Baby Daddy
**01.15** Revolution
**02.00** Tomorrow People
**02.45** The Unit
**03.30** Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.50** Gulla og grænjaxlarnir **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.25** Brunabílarnir **08.47** Ávaxtakarfan **09.00** Skógardýrið Húgó **09.23** Hello Kitty **09.34** Ævintýraferðin **09.47** UKI **09.52** Tommi og Jenni **10.00** Dóra könnuður **10.24** Doddi litli og Eyrnastór **10.38** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.50** Gulla og grænjaxlarnir **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.25** Brunabílarnir **12.47** Ávaxtakarfan **13.00** Skógardýrið Húgó **13.23** Hello Kitty **13.32** Ævintýraferðin **13.48** UKI **13.53** Tommi og Jenni **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.46** Doddi litli og Eyrnastór **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.50** Gulla og grænjaxlarnir **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.25** Brunabílarnir **16.47** Ávaxtakarfan **17.00** Skógardýrið Húgó **17.23** Hello Kitty **17.32** Ævintýraferðin **17.48** UKI **17.53** Tommi og Jenni **18.00** Dóra könnuður **18.24** Doddi litli og Eyrnastór **18.38** Mörgæsirnar frá Madagaskar **19.00** Gullbrá og birnirnir **3 20**.20 Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** Strákarnir
**18.20** Friends
**18.45** Seinfeld
**19.10** Modern Family
**19.35** Two and a Half Men *(9:16)*
**20.00** Grey's Anatomy *(9:24)*
**20.45** Matur og lífsstíll Skemmtilegur lífsstílsþáttur með hinni einu sönnu Völu Matt. Í þáttunum heimsækir Vala þekkt fólk og eldar með því girnilega rétti.
**21.15** Örlagadagurinn *(4:14)* Sigríður Arnardóttir, Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta, um örlagadaginn í lífi þeirra; daginn sem gerbreytti öllu.
**21.50** Hustle *(2:6)* Fimmta röðin af þessum ofursvölu glæpaþáttum þar sem hóminn er aldrei langt undan og fjallar um svikahrappa sem svífast einskis.
**22.45** The Fixer
**23.30** The Drew Carey Show
**23.55** Curb Your Enthusiasm
**00.35** Matur og lífsstíll
**01.05** Örlagadagurinn
**01.35** Hustle
**02.30** The Fixer
**03.15** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**10.30** The Dilemma
**12.20** 27 Dresses
**14.10** Spider-Man 2
**16.15** The Dilemma
**18.05** 27 Dresses
**19.55** Spider-Man 2
**22.00** Gandhi
**01.05** The Lucky One
**02.45** Notting Hill
**04.50** Gandhi

## RÚV

**16.25** Ljósmóðirin
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Herkúles
**18.10** Táknmálsfréttir
**18.20** Djöflaeyjan
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Kastljós
**20.00** Morðgátur Murdochs *(2:2)* *(Murdoch Mysteries)* Sakamálaþáttur um William Murdoch og samstarfsfólk hans sem nýttu sér nýtískulegar aðferðir eins og lygamæla og fingraför við rannsóknir glæpamála laust fyrir aldamótin 1900.
**20.50** Fjölbraut *(5:6)* *(Big School)* Bresk gamanþáttaröð með David Walliams og Catherine Tate í aðalhlutverkum.
**21.20** Kiljan Bókaþáttur Egils Helgasonar.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Kynlífsfrelsi og arabíska vorið *(Sexe, Salafistes et Printemps arabes)* Að finna jafnvægið milli nútíma efahyggju og hefðbundinna gilda getur verið eins og kæruleysisleg gönguferð um jarðsprengjusvæði.
**23.15** Vonarhöfn *(Hoppets hamn)*
**00.15** Kastljós
**00.35** Fréttir
**00.45** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Cheers
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.55** Once Upon a Time
**17.40** Dr. Phil
**18.20** The Good Wife
**19.10** Cheers *(13:26)*
**19.35** America's Funniest Home Videos *(32:48)*
**20.00** Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking *(7:20)*
**20.25** Sean Saves the World *(8:18)*
**20.50** The Millers *(8:22)* Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar armæðu.
**21.15** Franklin & Bash *(7:10)* Lögmennirnir og glaumgosarnir Franklin og Bash eru loks mættir aftur á SkjáEinn.
**22.00** Blue Bloods *(8:22)*
**22.45** The Tonight Show Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu Tonight Show sem áhorfendur SkjásEins þekkja frá fyrri tíð.
**23.30** CSI Miami
**00.10** The Walking Dead
**00.55** Made in Jersey
**01.40** In Plain Sight
**02.25** The Tonight Show
**03.10** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.15** World Golf Championship 2014 **12.15** PGA Tour 2014 - Highlights **13.10** Golfing World 2014 **14.00** World Golf Championship 2014 **18.00** Golfing World 2014 **18.50** Inside The PGA Tour 2014 **19.15** PGA Tour 2014 - Highlights **20.10** Golfing World 2014 **21.00** Champions Tour 2014 **23.00** Champions Tour 2014 - Highligts

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Risastóra samhengið!

## Alþjóðleg stjórnmálahagfræði - MA

**Háskólinn á Bifröst býður í fyrsta sinn á Íslandi upp á nýtt meistaranám í alþjóðlegri stjórnmálahagfræði.** Þar eru tengslin á milli markaðar, laga og hins opinbera til skoðunar og rýnt í samspil alþjóðamarkaðar og ríkjakerfis. Greint er hvernig efnahagslegir, lagalegir og stjórnmálalegir þættir vefjast og ýmist liðka fyrir eða hindra alþjóðaviðskipti. Skoðað er hvernig ríki og alþjóðastofnanir móta umhverfi alþjóðlegra viðskipta og hvernig auður og vald dreifast og fléttast saman í veröldinni.

**Velkomin í Háskólann á Bifröst**
*– hvar sem þú ert!*

www.nam.bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

## UPPÁHALDSDÝRIÐ



**„Uppáhaldsdýrið mitt er svín. Þegar ég var lítil safnaði ég svínastyttum. Þau eru svo skemmtilega skítug.“**

Lára Rúnarsdóttir tónlistarkona.

# Upphafsmaður sjálfsmyndanna

Spéfuglinn Siggi Hlö tók fyrstu „selfie“-myndina fyrir rúmlega þrjátíu árum.

„Ég vil meina að ég hafi mjög snemma byrjað að leggja línurnar fyrir þjóðina,“ segir útvarpsmaðurinn Sigurður Hlöðversson, betur þekktur sem Siggi Hlö. Hann birti mynd á Facebook-síðu sinni sem tekin var árið 1981, þar sem hann sést mynda sjálfan sig í spegli með Kodak Ektralite 500-vél, þrettán ára gamall. Siggi heldur því fram að hann sé upphafsmaður sjálfsmynda á Íslandi, svokallaðra „selfie“-mynda, en mikið „selfie“-æði hefur gripið um sig upp á síðkastið um allan heim.



„Ég ætla að leyfa mér að standa við þetta þangað til einhver annar hrekur þetta. Nú tala ég bara um á Íslandi, ég geri mér grein fyrir því að ég er ekki fyrsti maðurinn í heiminum til að taka „selfie“,“ segir Siggi. Hann segist lítið hafa verið í sjálfsmyndunum í seinni tíð.

„Maður tekur eina og eina og gerir eins og hinir. Annars er ég meira í því að leggja línurnar og láta aðra um að halda trendinu lifandi.“

- lkg



**SJÁLFSMYNDASIGGI** Siggi tekur eina og eina „selfie“ nú til dags. MYND/EINKASAFN



**TAKA YFIR BORGARLEIKHÚSIÐ** Hljómsveitin Skálmöld ætlar að rokka á stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu. MYND/LALLI SIG

# Rokkið tekur yfir leikhúsið

Skálmöld leikur verk sitt Baldur í Borgarleikhúsinu. Æfingatímabilið er aðeins tvær vikur.

„Þetta er nýtt í íslensku leikhúsi, þungarokkið fer inn í leikhúsið og leikhúsið inn í þungarokkið. Við byrjum að æfa tveimur vikum fyrir frumsýningu og vitum nákvæmlega hvað við ætlum að gera,“ segir Halldór Gylfason, leikstjóri verksins Baldurs, sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu 4. apríl. Baldur er nafn fyrstu breiðskífu Skálmaldar og er eitt heildstætt verk laga og texta.

„Sagan Baldur varð til áður en Skálmöld varð til og var hugmynd sem ég var búinn að ganga með lengi. Það er gaman að sjá að gömul hugmynd hafi orðið að plötu og sé nú að fara í leikhúsið,“ útskýrir Snæbjörn Ragnarsson, betur þekktur sem Bibbi, bassaleikari Skálmaldar.

Platan Baldur verður leikin í gegn og þrír leikarar, þau Guðjón Davíð Karlsson, Hilmar Guðjónsson og Hildur Berglind Arndal, hjálpa til við að fleyta sögunni áfram.

„Þetta eru tónleikar með Skálmöld og leikarar hjálpa til við að koma sögunni fram. Við notum líka sprengjur og annað slíkt sem leikhúsið hefur upp á að bjóða,“ segir Halldór um sýninguna. Halldór segist vera mjög spenntur, enda sé hann mikill þungarokksaðdáandi.

Eins og fram hefur komið gekk Bibbi með söguna Baldur lengi í maganum áður en kýlt var á framkvæmdina. „Ég sendi tölvupóst á Skálmaldarmenn, sem voru reyndar ekki orðnir Skálmaldarmenn þá því sveitin var ekki til þá, og sagði að þeir væru komnir í hljómsveitina. Í sama tölvupósti útskýrði ég söguna Baldur í heild sinni og þar með hófst ævintýrið,“ útskýrir Bibbi. Hann bætir við að allir meðlimir Skálmaldar séu ævintýragjarnir. „Við höfum allir gaman af þessum íslensku rótum, sagnaarfinum og goðsögnunum. Við „roleplay-um“ þegar við getum,“ bætir Bibbi við.

gunnarleo@frettabladid.is



**LEIKSTÝRIR ROKKINU** Halldór Gylfason sér um leikstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Erum byrjaðar!

Topphár



Snjólaug G. Kjartansdóttir
hársnyrtimeistari



Svanhildur
hársnyrtir

Dvergshöfði 27
110 Reykjavík
Netfang: stedji@stedji.is

587 2030

Topphár


# Forlög keppa um útskriftarverkefni

Hrefna Bragadóttir útskrifaðist úr barnabókamyndskreytingu frá Cambridge School of Arts í febrúar. Hún hefur fengið mörg tilboð í útskriftarverkefni sitt.

MYNDSKREYTING Fjögur bresk bókaforlög hafa falast eftir því að fá að gefa út útskriftarverkefni Hrefnu Bragadóttur úr námi hennar í barnabókamyndskreytingu frá Cambridge School of Arts. „Það er mikla vinnu að fá í augnablikinu,“ segir Hrefna. Bæjarblaðið í Cambridge, Cambridge News, fjallaði um áhuga útgefenda á verkefni Hrefnu í gær. „Þau hringdu í mig og báðu um teikningu eftir mig til að birta með fréttinni. Núna er ég bara að vinna úr tilboðunum og reyna að taka rétta ákvörðun. Svo fékk ég tvö atvinnutilboð í teiknimyndagerð bara í síðustu vikuna, og fæ svo símtal frá Fréttablaðinu í dag! Hvað er í gangi?“

Hrefna útskrifaðist árið 2004 með BA í teiknimyndagerð fyrir sjónvarp. „Síðan vann ég í átta ár við að gera teiknimyndir, meðal annars fyrir BBC. Svo langaði mig að breyta til vegna þess að ég saknaði þess að teikna meira, en í teiknimyndabransanum er allt gert í tölvu. Þess vegna fór ég í meistaranám í Cambridge School of Arts þaðan sem ég útskrifaðist núna í febrúar. Við útskriftarnemendurnir héldum útskriftarsýningu í London í síðustu viku. Eftir það hafa fjórir útgefendur haft samband við mig. Tveir eru búnir að gera mér tilboð og ég hitti hina tvo á miðvikudaginn.“

Sagan sem Hrefna skrifaði og myndskreytti fjallar um persónu sem heitir Nelson.

„Hann dreymir um að vera aðalpersóna í barnabók. Fyrst heldur hann að það sé voðalega auðvelt og fer í áheyrnarprufu með alls konar björnum og úlfum og músum, svona dýrum sem eru dæmigerðar persónur í barnabókum. Nelson fer á svið og sýnir kúnstir sínar. Honum er hafnað af því að öllum finnst hann vera of skrítinn. Þá fer hann að reyna að vera eins og hinir. Hann reynir að vera eins og björninn, reynir að vera eins og úlfurinn, en að lokum fattar hann að hann getur ekki þóst vera neinn annar. Hann fattar á endanum að hann er í bók, og hann er búinn að vera sögupersóna allan tímann,“ segir Hrefna.

ugla@frettabladid.is



**EFTIRSÓTT** Hrefna Bragadóttir frétti af náminu í barnabókamyndskreytingu í gegnum Birgittu Sif „Hún er að gera góða hluti líka í barnabókamyndskreytingu,“ segir Hrefna.





> **Svo fékk ég tvö atvinnutilboð í teiknimyndagerð bara síðustu vikuna, og fæ svo símtal frá Fréttablaðinu í dag! Hvað er í gangi?**
>
> *Hrefna Bragadóttir*

# Einstök þjóðlagahátíð á Kexi

Þjóðlagahátíðin Reykjavik Folk Festival fer fram á Kexi. Um er að ræða einstaka þjóðlagahátíð þar sem mörg þekkt nöfn ólíkra kynslóða koma saman.

„Það er mjög góður fílingur fyrir þessu. Hátíðin gekk mjög vel í fyrra og erum við því full tilhlökkunar,“ segir Snorri Helgason, framkvæmdastjóri hátíðarinnar. Þar koma fram margir af þekktustu tónlistarmönnum þjóðarinnar í þjóðlagageiranum. „Pælingin er að blanda saman ólíkum stílum og tímabilum í þjóðlagatónlist. Við erum með listamenn frá mismunandi tímabilum og því fjölbreytt dagskrá,“ segir Snorri.

Hátíðin var fyrst haldin árið 2010. „Ólafur Þórðarson stofnaði hátíðina og för hún fyrst fram á Rosenberg en eftir að hann féll frá tók ég við þessu,“ segir Snorri en Ólafur var einmitt með föður Snorra, Helga Péturssyni, í einni vinsælustu þjóðlagasveit íslenskrar tónlistarsögu, Ríó tríói.

Forsala á hátíðina er á midi.is og kostar armband sem veitir aðgang að öllum þremur kvöldunum einungis 7.999 kr. í forsölu en 3.000 kr. á stök kvöld.

- glp

### FRAM KOMA MEÐAL ANNARS

- Bubbi Morthens
- KK
- Drangar
- Elín Ey
- Kristín Ólafs
- Kristjana Arngrímsdóttir
- Soffía Björg
- Bjartmar Guðlaugsson
- Snorri Helgason
- Skúli Sverrisson



**HLAKKAR TIL** Snorri Helgason, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, lofar frábærri hátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Áratuga reynsla af samlokugerð skilar sér til þín í ferskara og ljúffengara salati. Þú getur treyst á ferskt og vel útilátið gæðahráefni sem breytir venjulegri brauðsneið í veislu.




SÓMI
Ferskt á hverjum degi



# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



UPPLIFÐU ÞITT
WOW MOMENT
Í BERLÍN


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Söfnun á netinu

Söfnun **Hildar Lilliendahl** fyrir utanferð sinni til Malmö á kvennaráðstefnuna Nordiskt Forum í júní hefur borið tilætlaðan árangur. Hún er búin að bóka flugmiðann, en söfnunin fór fram með hópfjármögnun í gegnum síðuna Indiegogo. Í skiptum fyrir styrki bauð Hildur upp á að tagga fólk á Facebook, senda því handskrifað póstkort frá Malmö, eða kaupa gjöf handa því ásamt handskrifuðu póstkorti. Fyrir þúsund evrur heimsækir Hildur bakhjarla, lagar kaffi og bakar brauð.



**- ue**

### Nýtt lag FM Belfast

Hljómsveitin FM Belfast gaf í gær út nýtt lag. Lagið nefnist Everything og er annað lagið sem aðdáendur fá að heyra af næstu plötu sveitarinnar.

„Platan er tilbúin og kemur út í apríl hjá Record Records. Við gefum hana svo sjálf út í Evrópu," segir **Lóa Hjálmtýsdóttir**, söngkona FM Belfast. Hún segir að plötunni verði fylgt eftir með gamaldags túr um Evrópu. „Við ferðumst þá í fyrsta skipti í alvöru rokkstjörnurútu," segir hún.

Þrjú ár eru síðan síðasta plata FM Belfast kom út. Nýja platan hefur fengið nafnið Brighter Days og kemur hún út 22. apríl næstkomandi. Hægt er að nálgast lagið Everything á SoundCloud-síðu Record Records.



**- eb**

## Mest lesið VÍSIR

1. Sektaður fyrir húfuna
2. Bjórþamb hefur fært Barnaspítalanum tæplega tvær milljónir
3. Af hverju Malta er betri en Ísland
4. „Hann hótaði að drepa mig"
5. Ferðamenn rukkaðir um 800 krónur fyrir að skoða Dettifoss





